allt



**FRIÐRIK INGIMUNDARSON**

*Japanskar teiknimyndir kveiktu áhugann á japönsku*

nám ferðir

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**EINAR BÁRÐARSON**

*Í Lundúnum að koma Nylon á framfæri*

Verða þær næstu Sugababes?

**FÓLK 34**


SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. október 2005 – 289. tölublað – 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



**Hvalreki kórlistarinnar**

Finnski karlakórinn YL er talinn með þeim bestu í heiminum. Hann er í heimsókn á Íslandi.

**MENNING 24**

**Hnattvæðing og velferðarkerfi**



Það er einföldu klisjur sem menn endurtaka í sífellu um hina einu og mögulegu stjórnarstefnu á tímum hnattvæðingar eru ekki upplýsingar að mati Jóns Orms Halldórssonar.

**Í DAG 18**

**Upplausn hjá Val**



Bikarmeistarar Vals í knattspyrnu gætu misst átta lykilmenn frá liðinu í vetur. Forystumenn félagsins segjast ekki vera farnir að örvænta.

**ÍÞRÓTTIR 30**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**AFRAM ÉL** fyrir norðan og norðaustan, annars yfirleitt léttskýjað. Þykknar heldur upp vestan til síðdegis. Vægt frost um allt land í dag.

**VEÐUR 4**


SUÐVESTURHORNIÐ

**Lestur kvenna á miðvikudögum***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 25-54 ára kvenna.


# Gruna friðargæsluliða um nauðganir

**Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna í Pristina í Kosovo sæta nú rannsókn vegna ásakana um nauðganir, spillingu og mútuþægni. Íslenskir hermenn sáu um rekstur flugvallarins í Pristina og enn eru vopnaðir Íslendingar þar að störfum.**

**FRIÐARGÆSLA** Fleiri en þrjátíu mál sem tengjast nauðgunum, mútuþægni og skjalafalsi ásamt öðrum lög- og agabrotum starfsfólks friðargæslu Sameinuðu þjóðanna í Pristina í Kosovo eru nú til rannsóknar. Það er innri endurskoðun Sameinuðu þjóðanna, OIOS, sem stýrir rannsókninni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sameinuðu þjóðunum.

Íslendingar hafa unnið við friðargæslu á flugvellinum í Pristina frá því árið 2002 og um tíma var flugvallarstjórnin í höndum Íslendinga.

Á blaðamannafundi hjá Sameinuðu þjóðunum fyrir helgi sagði Inga-Britt Ahlenius, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá stofnuninni, að hún þekkti til þess að misferli hefði átt sér stað á flugvellinum, en hún hefði ekki haft bein afskipti af rannsóknum. Ahlenius gegndi áður starfi innri endurskoðanda í Kosovo. Endurskoðunarskýrslan var kynnt allsherjarnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir rúmri viku.

Samkvæmt því sem Fréttablaðið kemst næst hófust rannsóknir nar á meðan flugvöllurinn var enn undir stjórn Íslendinga. Þær rannsóknir hafi þó fyrst og fremst beinst að flugstöðvarhluta flugvallarins en hann hefur verið rekinn af heimamönnum.

Í skýrslunni sem lögð var fyrir allsherjarnefndina er þó skýrt tekið fram að um sé að ræða brotlega hegðun friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna enda hefur allsherjarnefndin beðið um frekari rannsóknir á þessum málum og vinnur jafnframt að smíði reglugerða og þjálfunar sem miði að því að hindra óhæfuverk af þessum toga í framtíðinni.

Glæpasamtök hafa sterk ítök í viðskiptum á þessu svæði og talið er að þau teygi anga sína inn á flugvöllinn.

Leitað var umsagnar Hallgríms N. Sigurðssonar, varaframkvæmdastjóra flugmálastjórnar og fyrrum flugvallarstjóra í Pristina, en hann vildi ekki tjá sig opinberlega um málið. **- saj**



**STJÓRNARSKRÁIN SAMÞYKKT** Stjórnvöld í Írak lýstu því yfir í gær að þjóðin hefði lagt blessun sína yfir stjórnarskrána í atkvæðagreiðslunni 15. október síðastliðinn. Á meðal þeirra sem fögnuðu úrslitunum voru Kúrdar en í borginni Sulaimaniyah héldu Peshmerga-sveitir þeirra hersýningu í tilefni dagsins. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslendingar sæta gagnrýni frændþjóða vegna lítilla framlaga til þróunaraðstoðar:

# Lægstu framlögin frá Íslandi

**STJÓRNMÁL** Carsten Hansen, þingmaður danskra jafnaðarmanna, gagnrýndi íslensk stjórnvöld í upphafi umræðna á þingi Norðurlandaráðs fyrir lítil framlög til þróunaraðstoðar.

Hann spurði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hvort og þá hvenær þróunaraðstoð Íslendinga yrði viðlíka mikil hlutfallslega og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hvatti til þess í sinni ræðu að 0,7 prósentum þjóðartekna Norðurlandanna yrði varið til þróunaraðstoðar.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Forsætisráðherra á norðurlandaráðsþingi.

Samkvæmt norrænum hagtölum verja Íslendingar 0,19 prósentum þjóðarframleiðslunnar til þróunaraðstoðar. Finnland ver 0,35 prósentum og 0,87 prósent af þjóðartekjum Norðmanna renna til þróunaraðstoðar og er þeirra framlag hæst meðal Norðurlandaþjóða.

Halldór sagði að Íslendingar hefðu þrefaldað framlag sitt til þróunaraðstoðar á fáum árum. Ætlunin væri að ná 0,35 prósenta marki árið 2009 og vafalaust yrði markið sett enn hærra. **- jh**

Minningardagskrá fyrir vestan:

# Tíu ár liðin frá Flateyrarflóði

**HAMFARIR** Í dag eru tíu ár liðin frá því að mannskætt snjóflóð féll á Flateyri og olli þar gífurlegri eyðileggingu.

Tímamótanna er minnst með ýmsum hætti í dag. Flateyrarkirkja verður opin þeim sem þar vilja hugleiða og klukkan átta í kvöld verður minningardagskrá í íþróttahúsi bæjarins.

Þá verður bænastund í Neskirkju fyrir Önfirðinga á höfuðborgarsvæðinu sem þar vilja minnast látinna í flóðinu.

Snjóflóðið féll rétt fyrir klukkan fjögur að morgni í ofsaveðri, eyðilagði fjölda húsa og kostaði 20 lífið. Í fyrstu voru aðstæður til leitar mjög erfiðar vegna veðurs og myrkurs, en staðurinn var með öllu rafmagnslaus. Með morninum sljákkaði svo í veðrinu og aðstoð björgunarsveita barst.

Heimamenn hafa haft á orði að þessi tíu ár sem liðin eru frá flóðinu hafi varla snjóað sem nokkru nemi fyrir vestan.

**- óká /** **Sjá síðu 16**

Viðræður um stöðu Kosovo:

# Vonir glæðast um sjálfstæði

**PRISTINA, AP** Ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í vikunni um að hefja viðræður um framtíðarstöðu Kosovo hafa glætt vonir Kosovo-Albana um að héraðið fái fullt sjálfstæði.

Serbar krefjast þess hins vegar að Kosovo verði áfram undir þeirra stjórn.

„Frelsun Kosovo er hafin,“ var forsíðufyrirsögn Lajm, stærsta dagblaðs Kosovo-Albana, í gær. „Við höfum beðið eftir þessu í sex ár,“ sagði Mazllum Qerkezi, íbúi í höfuðborginni Pristina.

Þrír kostir eru til umræðu. Kosovo gæti orðið sjálfstætt ríki, þó undir alþjóðlegri verndarhendi; héraðinu gæti verið skipt á milli þjóðarbrotanna eða að það héldi áfram að vera undir takmarkaðri stjórn Serbíu.

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





## SPURNING DAGSINS

*Árni, verða þetta jólalög?*

„Já, eigum við ekki bara að segja það.“

Árni Magnússon félagsmálaráðherra kveðst stefna á að setja ný lög um starfsmannaleigur fyrir jól.

Bandaríska baráttukonan Rosa Parks lést í Detroit á mánudagskvöldið, 92 ára að aldri:

# Reis upp með því að sitja sem fastast

**BANDARÍKIN, AP** Rosa Parks, konan sem hleypti lífi í réttindabaráttu blökkumanna með því að neita að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í Montgomery í Alabama, lést í hárri elli í fyrrakvöld.



ROSA PARKS

Lengi vel voru lög í gildi í Suðurríkjum Bandaríkjanna sem kváðu á um aðskilnað hvítra og svarta. 1. desember 1955 neitaði Parks hins vegar að beygja sig undir ólögin með því að neita að standa upp fyrir hvítum farþega í strætisvagni í. Hún var sett í fangelsi og sektuð.

Málið vakti mikla reiði og í kjölfarið sniðgekk blökkumannasamfélagið í Montgomery, undir forystu Martin Luther King, strætisvagna bæjarins í rúmt ár. Það var hins vegar ekki fyrr en tæpum tíu árum síðar sem samþykkt voru lög sem bönnuðu alla mismunun á grundvelli kynþáttar.

Parks kvartaði oft undan þeim sem héldu því fram að hún hefði ekki gert sér grein fyrir þýðingu staðfestu sinnar heldur einungis verið þreytt. Þvert á móti hafði barátta hennar fyrir bættum réttindum staðið lengi og því vissi hún nákvæmlega hvað hún var að gera. **- shg**



**ÞEKKTASTI STRÆTISVAGNAFARÞEGI SÖGUNNAR** Rosa Parks sést hér í einum af strætisvögnum Montgomery, þó ekki í ferðinni frægu. Samferðamaðurinn er ókunnur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk þingnefnd:

## Galloway fékk fé frá Írökum

**BRETLAND** Bandarísk þingnefnd hefur sakað breska þingmanninn George Galloway um að hafa logið að sér þegar hann staðhæfði eiðsvarinn fyrr á þessu ári að hann hefði engar greiðslur fengið í tengslum við olíusöluáætlun Sameinuðu þjóðanna í Írak.



**GEORGE GALLOWAY** Hann er sagður hafa þegið fé frá ríkisstjórn Saddams Hussein. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norm Coleman, formaður nefndarinnar, segist hafa gögn sem sýni að Galloway og eiginkona hans hafi fengið sem nemur 36 milljónum króna í olíuúttektum frá írösku ríkisstjórninni. Galloway harðneitar hins vegar þessum ásökunum og segir þær ómerkilegan áróður.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Kókaín í umslaginu

**Grunur leikur á að fíkniefni hafi verið send til landsins í allmörgun póstsendingum að undanförnu. Karl og kona sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Lögregla gerði nýverið upptækt umslag á leið til landsins en í því var kókaín.**

**FÍKNIEFNI** Efni í umslagi sem sent var hingað frá útlöndum fyrr í mánuðinum reyndist vera kókaín, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Grunur leikur á að allmargar fíkniefnasendingar hafi borist að undnaförnu til landsins með pósti, en rannsókn málsins leiddi til þess að lögreglan í Reykjavík handtók mann og konu 19. október. Þau sitja í gæsluvarðhaldi til 28. október. Konan var starfsmaður á pósthúsi í borginni.

Rannsókn lögreglu beinist aðallega að því hvort fíkniefni hafi verið send í pósti til sömu einstaklinga áður, og ef svo reynist, þá hversu oft og hvort margir komi við sögu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru póstsendingarnar taldar vera allmargar en lögreglan rannsakar þrjár fíkniefnasendingar sem fundust við tollaeftirlit með póstsendingum. Þær komu allar frá sama landinu. Í gær voru fyrirhugaðar frekari yfirheyrslur yfir þeim tveimur sem stóðu að innflutningi umslagsins ofangreinda, svo og fleirum sem grunur leikur á að geti tengst málinu, jafnvel sem sakborningar.

Lögreglan lét til skarar skríða gegn hinum grunuðu fyrr í þessum mánuði. Lögreglumenn útbjuggu gerviumslag sem var áframsent á pósthúsið þar sem konan vinnur, í stað þess sem sent hafði verið frá útlöndum. Lögreglan hafði eftirlit með umslaginu til að athuga hvort hin grunuðu nálguðust umslagið. Það gerðu þau 19. október en konan hafði þá tekið umslagið og hringt í manninn, sem kom skömmu síðar á pósthúsið og sótti hana. Þau óku á brott með umslagið en lögreglan veitti þeim eftirför. Skömmu síðar hentu þau því út úr bílnum og handtók lögreglan þau eftir það. Lögreglan hafði sett litarefni í gerviumslagið og við athugun tæknideildar á fatnaði fólksins reyndist unnt að greina litarefnið á fötum þess.

Maðurinn og konan hafa játað að hluta við yfirheyrslur, að því er fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms. Framburði þeirra ber þó ekki saman um einstök atriði, auk þess sem hann er ekki álitinn í samræmi við meint umfang brotanna að því er liggur fyrir í rannsóknargögnum lögreglu. Þá kemur fram að lögreglan meti það svo að ekki hafi öll fíkniefni náðst sem send hafi verið hingað. Lögregla hefur fylgst með hjúunum um skeið og gerði meðal annars húsleit á heimilum þeirra tveimur dögum áður en þau voru handtekin. **jss@frettabladid.is**





Yfirmaður fíkniefnadeildar:

## Óheppilegt

Með úrskurði Hæstaréttar fylgdi nákvæm greinargerð á heimasíðu réttarins þar sem meðal annars kom fram að lögregla teldi að ekki hefði verið lagt hald á öll þau fíkniefni sem send voru til landsins.

Ásgeir Karlsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn ávana- og fíknefnadeildar lögreglunnar, telur að greinargerðin nákvæma hafi síst orðið til að greiða fyrir rannsókninni. „Þetta var ekki það sem við óskuðum okkur,“ sagði hann í gærkvöldi. Ásgeir vildi hins vegar ekki fullyrða hvort rannsókninni hefði þar með verið spillt. „Ég get nú kannski ekki lagt mat á það í sjálfu sér, en þetta var ekki heppilegt.“

Kona í máli við Olíufélagið:

## Féll af stól og fær milljónir

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Olíufélagið hf. til að greiða konu á fertugsaldri 4,9 milljónir í bætur vegna slyss sem hún varð fyrir við störf sín á bensínstöð fyrirtækisins við Borgartún.

Í apríl 2003 datt konan af stól sem notaður var við afgreiðslu, missti meðvitund og var flutt á sjúkrahús. Fyrir dómi kom fram að bæði hún og aðrir starfsmenn höfðu kvartað undan stólnum, en fyrirtækið ekkert gert í málinu, enda hefði Vinnueftirlitið ekki gert athugasemdir við hann. **- smk**

Óprúttinn vefstjóri:

## Kúgaði söfnuð með klámi

**NOREGUR** Dómstóll í Ofoten hefur dæmt umsjónarmann vefseturs í fimm mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

Maðurinn tók að sér að setja upp vefsíðu fyrir Norsku sjómannakirkjunna svonefndu. Á vefinn hlóð hann klámmyndum af ýmsu tagi og tilkynnti síðan umsjónarmönnum safnaðarins að tölvuþrjótar hefðu komið kláminu þar fyrir. Gegn 800.000 króna þóknun kvaðst hann hins vegar fús til að fjarlægja myndirnar. Sjómennirnir guðhræddu voru hins vegar fljótir að komast að því hvernig í pottinn væri búið og kærðu manninn. ■

### SJÓSLYS

**Vamos sokkin** Neyðarsendir bandarísku skútunnar Vamos fannst skammt undan strönd Grænlands. Menn telja því nokkuð víst að skútan sé sokkin. Í septemberlok bjargaði Landhelgisgæslan einum manni þegar skútan lenti í brotsjó en félagi hans fórst. Hann féll útbyrðis áður en þyrla og flugvél Landhelgisgæslunnar komu að.





Vinstri grænir í Norðurlandaráði vilja aðgerðir gegn kynlífsþrælkun:

# Norrænir karlar bera ábyrgð

**STJÓRNMÁL** Í tillögu sem liggur fyrir þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík er þeim tilmælum beint til stjórnvalda á Norðurlöndum að þau hafi frumkvæði að rannsóknum sem upplýst geti hverjir standi á bak við mansal þannig að unnt verði að sækja þá til saka.

Tillagan kemur frá svonefndri borgara- og neytendanefnd og er samin að frumkvæði flokkahóps vinstri sósíalista og græna.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fulltrúi í hópnum, segir að markmiðið sé að fórnarlömb mansals á Norðurlöndum fái einhverja úrlausn. „Þetta snýst um að vísa ekki þessum stúlkum úr landi heldur að gangast við því að það eru norrænir karlar sem hafa búið til markað fyrir þær. Við verðum að veita þeim félagslegan stuðning. Þær þurfa dvalarleyfi, lögfræðiaðstoð og húsaskjól og almennan stuðning til að koma sér út í lífið á ný. Ef Norðurlöndin sýna ekki ábyrgð í þessum efnum - hver gerir það þá?“ spyr Kolbrún.

Búist er við að þing Norðurlandaráðs samþykki tillöguna og að skýrsla um málið liggi fyrir í ágúst á næsta ári. **- jh**



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR FULLTRÚI Á NORÐURLANDARÁÐSÞINGI** Flokkahópur vinstri sósíalista í Norðurlandaráði vill veita fórnarlömbum mansals vernd og félagslega aðstoð.

# Er fjárhagurinn heilbrigður?




## Láttu þá vinna með þér

ÍSLANDSBANKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137

### Reglulegur sparnaður kemur fjárhagnum í gott form

Auðveldasta leiðin til að láta draumana rætast er að spara reglulega. Íslandsbanki býður þér fjölbreyttar leiðir til að gera sparnaðinn fyrirhafnarlausan en áhrifaríkan. Snúðu vörn í sókn og byrjaðu reglulegan sparnað strax í dag.

**Þú færð nánari upplýsingar um sparnaðarleiðir Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúum, í Þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 25.10.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,09 | 60,37 |
| Sterlingspund | GBP | 106,81 | 107,33 |
| Evra | EUR | 72,27 | 72,67 |
| Dönsk króna | DKK | 9,687 | 9,743 |
| Norsk króna | NOK | 9,237 | 9,291 |
| Sænsk króna | SEK | 7,606 | 7,65 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5208 | 0,5238 |
| SDR | XDR | 86,87 | 87,39 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**101,6143**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsbanki Íslands vegna veðlána á landsbyggðinni:

# Lánar ef tryggingar eru nægar

**VIÐSKIPTI** „Ef tryggingar eru í lagi þá fá menn lán hjá Landsbankanum hvort sem þeir eru utan af landi eða úr Reykjavík,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu var írsku stórfyrirtæki synjað um lán vegna byggingar kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og sögðu forsvarsmenn þess ástæðuna þá að fyrirtækið ætti að rísa á landsbyggðinni.

Ásgeir segist ekki geta tjáð sig um þetta einstaka mál en segir þó að umfjöllunin hafi komið Landsbankamönnum á óvart.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að illt sé ef ekki fáist lán til verkefna á landsbyggðinni. „Hins vegar hljóta allir að sjá að verksmiðjuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu er mun verðmætara en á Vestfjörðum og því betri trygging. Svo er engin skylda hjá einkarekinni lánastofnun að lána og menn geta þá snúið sér til annarra lánastofnana ef þeim þykir vinnulag einnar ekki vera við hæfi. En mestu máli skiptir þó að það verður af þessari uppbyggingu á Bíldudal að því er ég best veit,“ segir Ari. **- jse**



**KALKÞÖRUNGAVINNSLA Á BÍLDUDAL** Á myndinni má sjá að þegar verið var að landa þar kalkþörungi í sumar.

Svalbarðasvæðið:

# Rússnesk skip gripin á ný

**NOREGUR** Norska strandgæslan stöðvaði um helgina umskipun afla úr rússneskum togara yfir í flutningaskip nærri Bjarnarey í Barentshafi.

Norðmenn gera tilkall til hafsvæðisins sem skipin voru á enda þótt það sé utan efnahagslögsögu þeirra. Að sögn Aftenposten liggur ekki fyrir hvort togarinn hafi veitt fiskinn á svæðinu en strandgæslan staðhæfir að sjálf umskipunin sé ólögleg.

Í síðustu viku sigldi rússneskur togari á brott með norska veiðieftirlitsmenn og kólnuðu samskipti ríkjanna nokkuð í kjölfarið.

Áhyggjur af mp3-spilurum:

# Geta valdið heyrnarskaða

**DANMÖRK** Að mati danskra sérfræðinga veldur mikil notkun mp3-spilara heyrnarskaða. Telja þeir að of margir séu með spilarana of hátt stillta og hlusti of lengi í einu. Þetta kemur fram í dagblaðinu Politiken í gær. Er talið að fjöldi heyrnarskertra í Danmörku muni tvöfaldast á næstu 15 til 20 árum. Samkvæmt athugunum blaðsins er hægt að stilla hljóð langflestra mp3-spilara yfir 100 desibel. Svo mikill hljóðstyrkur er samkvæmt danska vinnueftirlitinu skaðlegur fyrir heyrnina ef hlustað er í meira en klukkustund á viku. Samkvæmt könnun sem danska heilbrigðisráðuneytið hefur gert hlusta 64% ungmenna á aldrinum 13-20 ára á tónlist úr mp3-spilara í klukkustund eða meira á viku. **- ks**

Krafðist 48 milljóna í bætur:

# Ríkið sýknað

**DÓMSMÁL** Bótakröfu konu á fertugsaldri á hendur ríkinu upp á rúmar 48 milljónir króna var í gær hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í febrúar 2000 var æxli fjarlægt úr höfði konunnar á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum en hún vildi meina að meinið hefði átt að greina hér í mæðraskoðun árið 1998. Þannig hefði mátt koma í veg fyrir varanlega örorku hennar, sem metin er 100 prósent.Mat dómsins er að ekki hafi verið hægt að líta svo á að konan væri með einkenni sem bentu til að bráð hætta væri í vændum, líkt og svo hafi komið í ljós. **- óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Gluggagægir í Þingholtunum** Lögreglunni í Reykjavík barst tilkynning um gluggagægi í Þingholtunum skömmu eftir klukkan eitt aðfaranótt þriðjudagsins. Íbúi í húsinu tilkynnti um manninn, sem forðaði sér þegar ljóst var að fólk hafði orðið hans var, og fannst ekki þrátt fyrir töluverða leit.

# Verkalýðsfélög kæra starfsmannaleigu

**Fimm verkalýðsfélög hafa sent kærur til sýslumannsins í sínu umdæmi vegna starfsmannaleigunnar 2B. Þau vilja láta reyna á lögmæti starfseminnar. Lögmaður 2B vísar því alfarið á bug að félagið starfi ekki innan ramma laga.**

**VERKALÝÐSMÁL** Fimm stéttarfélög innan Samiðnar sendu í gær kærur til lögmanna í umdæmi sínu þar sem þess er krafist að kannað verði lögmæti þess að starfsmenn á vegum fyrirtækisins 2B ehf. á félagssvæðum þeirra hafi rétt til starfa hér á landi. Forsvarsmenn stéttarfélaganna telja að leigan sé brotleg við lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa hér tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja.

Félögin sem kærðu eru Félag iðn- og tæknigreina og Verkalýðsfélag Akraness, Afl - starfsgreinafélag Austurlands, Félag byggingamanna í Eyjafirði og Eining.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir virðast sem starfsmannaleigan 2B, vegna þess að hún sé íslensk, hafi ekki leyfi til reksturs hér á landi. Hann segir að í lögum um erlenda verkamenn, númer 54 frá 2001, sé kveðið á um að til að fá hér atvinnuleyfi þurfi starfsmennirnir að sækja þjónustuna frá útlöndum. „Þannig að allir þessir starfsmenn 2B, vítt og breitt um landið, eru ekkert með atvinnuleyfi og ólöglegir í landinu,“ segir hann og kveðst hafa fengið staðfest bæði hjá Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun að ekki hafi verið gefin út nein atvinnuleyfi hér í nafni 2B. Vilhjálmur segir tíu starfa hjá Ístaki á Grundartanga á vegum 2B, átján á Kárahnjúkum og svo séu erlendir verkamenn frá leigunni við störf víðar um land. „Í heildina gæti ég trúað að á vegum leigunnar séu hér 40 til 60 manns. En þetta eru Pólverjar og því þarf klárlega að sækja um atvinnuleyfi fyrir þá.“

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður 2B, segir fráleitt að starfsemi fyrirtækisins geti verið ólögleg hér fyrir þær sakir að fyrirtækið sé íslenskt. „Þar fyrir utan var starfsemin nú kynnt bæði fyrir ASÍ og Vinnumálastofnun áður en hún fór af stað án þess að hósti né stuna heyrðist um að íslensk starfsmannaleiga mætti ekki koma hér með Pólverja.“ Þá segir hann að nýlegur dómur Héraðsdóms Austurlands í máli GT-verktaka sýni að ekki þurfi atvinnuleyfi fyrir útlendinga sem hér starfi í þrjá mánuði eða skemur. „Starfsmenn 2B koma bara hingað í þrjá mánuði og fara svo aftur,“ segir hann og bendir einnig á Evrópureglur um frjálst flæði og þjónustu. „Frá Evrópudómstólnum liggur fyrir skýrt dómafordæmi um að starfsmannaleigur flokkist undir þjónustustarfsemi í skilningi Evrópuréttarins.“ Þá segir Sveinn Andri að engum hafi tekist að benda á nokkuð ólöglegt hjá 2B, enda sé fyrirtækinu heimilt að rukka verkamenn um útlagðan kostnað tengdan flutningum og uppihaldi og fyrir þjónustu á borð við þýðingar á skírteinum og annað slíkt. „Það er bara verið reyna að hræða íslensk fyrirtæki frá því að ráða til sín útlendinga.“

**olikr@frettabladid.is**



**Í KERSKÁLA ÁLVERS NORÐURÁLS** Formaður Verkalýðsfélags Akraness segist strax hafa brugðist við þegar honum í fyrradag barst til eyrna að á umráðasvæði félagsins störfuðu erlendir verkamenn á vegum 2B. MYND/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON



**SVEINN ANDRI SVEINSSON** Vísar því algjörlega á bug að fyrirtækið hafi ekki starfað innan ramma íslenskra laga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÆGIR MEÐ HÁKON Í EFTIRDRAGI** Varðskipið Ægir dregur slíldveiðiskipið Hákon EA áleiðist til Reykjavíkur. TÓMAS HELGASON

Nót festist í skrúfu Hákonar:

# Í kjölfar Ægis

**LANDHELGISGÆSLAN** Skipstjórinn á Síldveiðiskipinu Hákoni EA kallaði eftir aðstoð Landhelgisgæslunar eldsnemma í gærmorgun eftir að skipið hafði fengið nótina í skrúfuna. Var skipið þá að síldarveiðum í Jökuldýpi suðvestur af Snæfellsjökli.

Varðskipið Ægir var komið á vettvang klukkan átta í gærmorgun. Kafarar gátu ekki leyst nótina þar sem straumþungi var mikill og því var Ægir látinn draga síldveiðiskipið til Reykjavíkurhafnar. **- jse**

Nýskipan lögreglumála:

# Embættin verði fimmtán

**LÖGREGLA** Framkvæmdanefnd um nýskipan lögreglumála leggur til að lögregluembætti landsins verði 15, þar af sjö lykilembætti, en í dag eru embættin 26. Samkvæmt tillögum nefndarinnar yrðu hlutverk lykilembættanna annars vegar að annast rannsókn og saksókn stærri og flóknari mála, en hins vegar að samræma vaktir lögregluumdæmanna á tilgreindum svæðum.

Nefndin skilaði tillögum sínum til Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. **- smk**


## STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

**Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundavallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.**

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir




Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).

**Kvöldnámskeið hefst 1. nóv. Helgarnámskeið 5. nóv**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÚ ER ÞAÐ BLÁTT**

Það fer hálfgerður hrollur um mann þegar maður sér allar þessar bláu tölur á korti dagsins. Norðanáttin er söm við sig, svöl og bítur bæði kinnar og tær. Hins vegar er rétt að benda á allhvassan vindstreng undan norðurströndinni, að öðru leyti verður vindur skaplegur.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðaustan gola. Léttskýjað framan af en þykknar heldur upp síðdegis. Vægt frost.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvassviðri suðaustan til og á Vestfjörðum, annars hægari.

*» föstudagur*




Hvassviðri á Vestfjörðum og allra syðst, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C léttskýjað | París | 21°C léttskýjað | Alicante | 23°C heiðskírt |
| Osló | 4°C léttskýjað | Berlín | 17°C léttskýjað | Mílano | 23°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C léttskýjað | Frankfurt | 19°C léttskýjað | New York | 10°C rigning |
| Helsinki | 3°C skýjað-skúr | Madríd | 20°C heiðskírt | San Francisco | 17°C skýjað-skúr |
| London | 18°C léttskýjað | Barcelona | 21°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 20°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

VERÐVERND • VERÐVERND • VERÐVERND •

...ekkert mál!

# FYRSTIR Á ÍSLANDI MEÐ VERÐVERND

**Kæru neytendur:**

Húsasmiðjan, FYRST íslenskra fyrirtækja tilkynnti síðastliðinn mánudag, 24. október, um VERÐVERND á bygginga- og heimilisvörum fyrir viðskiptavini sína. VERÐVERND þýðir að Húsasmiðjan ábyrgist að allar vörur Húsasmiðjunnar séu á sama verði um allt land og aldrei dýrari en sama vara hjá samkeppnisaðilum.

Ef þú kaupir vöru í einhverri af 18 verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og sérð síðan sömu vöru auglýsta á lægra verði annars staðar á Íslandi innan **20 daga** frá kaupunum þá endurgreiðum við þér mismuninn – ekkert mál. Til viðbótar færðu frá okkur **20%** af verðmuninum fyrir að aðstoða okkur við að viðhalda samkeppnishæfu verði í verslunum okkar.

Reykjavík 25. október 2005

Steinn Logi Björnsson, Forstjóri

Við endurgreiðum mismuninn

PLÚS 20%

**Hvergi lægra verð...**

...fyrir sömu vöru

Nánari skilmálar: www.husa.is

**HÚSASMIÐJAN**

...ekkert mál

## KJÖRKASSINN



*Þarf að setja strangari reglur um starfsemi starfsmannaleiga?*

| | |
|---|---|
| Já | 93% |
| Nei | 7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Verður búið að útrýma kynbundnum launamun innan tíu ára?*

Búnaðarsamband Eyjafjarðar skorar á Landssamband kúabænda:

# Vilja kynbæta kúastofninn

**LANDBÚNAÐUR** Eyfirskir kúabændur samþykktu í vikunni ályktun til Landssambands kúabænda um að hafist verði þegar handa við undirbúning að kynbótum á íslenska kúastofninum með innfluttu erfðaefni. Í nóvember 2001 höfnuðu bændur hins vegar með afgerandi hætti kynblöndun íslenska kúastofnsins við þann norska.

„Nú er svo komið að íslenska kúakynið er, sökum skammrar endingar og mikilla kálfavanhalda, vart sjálfbært lengur. Á sama tíma hefur sala mjólkurafurða aukist talsvert, en nær engar líkur eru á að gerlegt sé að anna allri eftirspurn markaðarins eftir próteini á yfirstandandi verðlagsári,“ segir í ályktuninni.

Ásthildur Skjaldardóttir, kúabóndi á Bakka á Kjalarnesi og stjórnarmaður í Búkollu, samtökum áhugafólks um íslensku mjólkurkúna, telur ekki að aðstæður hafi breyst á þann veg að skoða beri kynbætur stofnsins.

Ásthildur segir mikla hagræðingu hafa átt sér stað undanfarið á kúabúum landsins og telur hana eiga eftir að skila sér margfalt, þótt tíma geti tekið að auka framleiðsluna. - óká



**FJÓSIÐ Í ÞRÁNDARHOLTI** Eyfirskir kúabændur árétta að innflutningur erfðaefnis, uppeldi gripa í einangrun og öflun erfðaefnis frá þeim sé langur ferill og hvenær sem er sé hægt að hætta við á meðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ærumeiðingar í garð lögreglu:

# Ákæran byggð á rangri grein

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Björn Tómas Sigurðsson af ákærum um ærumeiðingar en hann brigslaði tveimur lögreglumönnum á heimasíðu sinni og í fjölmiðlum um að láta fíkniefnasala vita af aðgerðum lögreglunnar.

Héraðsdómur tók undir með ákæruvaldinu að með ummælunum væri freklega vegið að starfsheiðri lögreglumannanna og lögreglunnar í heild sinni. Þar sem ákæran tók hins vegar eingöngu til 234. greinar hegningarlaga, sem fjallar um móðganir, en ekki þá 235., þar sem aðdróttanir eru ræddar, þótti ekki hjá því komist að sýkna Björn Tómas. - shg

Dekkjaverkstæði í vanda:

# Kuldakastið bjargaði

**ATVINNUMÁL** Fram undan er háannatími á hjólbarðaverkstæðum landsins en nú bregður svo við að erfiðlega gengur að manna verkstæðin. „Áður fyrr hringdu hátt í fjörutíu manns vegna atvinnuauglýsinga frá okkur en nú hringir einn eða tveir og eru jafnvel bara að spá í málin,“ segir Sveinlaugur Hannesson á hjólbarðaverkstæðinu Nýbarða í Garðabæ.



**SVEINLAUGUR Í NÝBARÐA**

„Kuldakastið fyrr í mánuðinum jafnar þetta hins vegar út svo sennilega bjargast þetta fyrir horn. Hefði þetta komið í einni gusu eins og í fyrra værum við í vanda,“ segir Sveinlaugur. - jse

Breytingar hjá Iceland Express:

# Sterlingmenn úr stjórninni

**VIÐSKIPTI** Pálmi Haraldsson, Jóhannes Kristinsson og Almar Þór Hilmarsson sögðu sig í gær úr stjórn flugfélagsins Iceland Express. Í stjórn félagsins settust í þeirra stað lögmennirnir Einar Þór Sverrisson, Gunnar Jónsson og Hörður Felixson. Jafnframt var tekin ákvörðun um það að fela fyrirtækjasviði KB banka að selja fyrirtækið.

Eigendur fyrirtækisins voru jafnframt eigendur Sterling sem FL Group hefur eignast. Eigendur Sterling munu ef að líkum lætur bætast í hóp FL Group og því eru þessi skil gerð við Iceland Express.

Viðsnúningur hefur orðið í rekstri Iceland Express og er það að sögn forráðamanna þess rekið með hagnaði. - hh



**ATKVÆÐAGREIÐSLA Í SKUGGA ÁSAKANA** Farid Ayar, fulltrúi í landskjörstjórn Íraks, tilkynnti úrslit atkvæðagreiðslunnar í gær og sagði ekkert óeðlilegt hafa komið í ljós við athugun nefndarinnar á framkvæmd hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stjórnarskráin hlaut blessun þjóðarinnar

**Súnníum tókst ekki að koma í veg fyrir samþykkt írösku stjórnarskrárinnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni á dögunum. Þeir segja atkvæðagreiðsluna skrípaleik og ásaka stjórnvöld um svik. 1.999. bandaríski hermaðurinn féll í Írak í gær.**

**BAGDAD, AP** Íraska stjórnarskráin var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni á dögunum, þrátt fyrir ásetning súnnía um að koma í veg fyrir það. Al-Kaída í Írak hefur lýst yfir ábyrgð á þremur mannskæðum sprengjutilræðum í landinu síðastliðna tvo daga.

Talsverður dráttur var á að landskjörstjórn tilkynnti úrslitin úr þjóðaratkvæðagreiðslunni þar sem rannsaka þurfti ásakanir um að ekki hefði allt verið með felldu við framkvæmd hennar.

Í gær tilkynni kjörstjórn hins vegar að 78,59 prósent þjóðarinnar hefðu greitt atkvæði með plagginu en 21,41 prósent gegn og að allt benti til að kjörfundur hefði farið vel fram. Til að fella stjórnarskrána hefði annað hvort meirihluti þjóðarinnar eða tveir þriðju hlutar þriggja héraða að greiða atkvæði gegn henni. Í Anbar og Salahuddin tókst súnníum að fella lagafrumvarpið en í Níníve, þar sem fjölmargir súnníar búa og einna sterkasti grunurinn var um svindl, sögðu aðeins 55 prósent nei.

Carina Perelli, yfirmaður kosningaeftirlits Sameinuðu þjóðanna í landinu, sagði að kjörstjórnin hefði staðið vel að endurskoðun sinni á kosningaúrslitunum. Saleh al-Mutlaq, einn fulltrúa súnnía í stjórnarskrárnefndinni, kallaði atkvæðagreiðsluna „skrípaleik“ og ásakaði stjórnvöld um að hafa stolið kjörkössum í bæjum þar sem súnníar væru fjölmennir.

Í gær voru tvær sjálfsmorðssprengjárásir gerðar í kúrdísku borginni Sulaimanyiah í norðurhluta landsins. Enginn fórst í fyrri árásinni, sem var beint að hátt settum embættismanni sem átti leið hjá bíl tilræðismannsins. Tólf biðu hins vegar bana í þeirri síðari, sem var gerð á varðstöð peshmerga-sveitanna svonefndu. Al-Kaída í Írak kveðst hafa staðið á bak við árásirnar tvær, svo og sprengjutilræði fyrir framan hótel blaðamanna á mánudaginn þar sem sautján manns létust.

Þá greindi talsmaður Bandaríkjahers frá því að hermenn hefðu fallið í átökum við uppreisnarmenn í síðustu viku. Þar með hafa 1.999 bandarískir hermenn dáið í bardögum í Írak síðan ráðist var inn í landið í mars 2003.

sveinng@frettabladid.is


# Borgarmálaráðstefna Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

**Laugardaginn 29. október kl. 10–15 að Hallveigarstíg 1**

Setning og kynning á málefnastarfi:
**Jóhanna Eyjólfsdóttir**, formaður SffR

Á ráðstefnunni munu málefnahópar sem starfað hafa undanfarið á vegum félagsins gera grein fyrir sinni vinnu.
**Menntun – menning: Kjartan Valgarðsson**
**Velferð – jafnrétti: Stefán Jóhann Stefánsson**
**Skipulag – lýðræði: Aron Njáll Þorfinnsson**

**Páll Halldórsson** mun kynna prófkjörsreglur fyrir prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík sem fram fer um miðjan febrúar 2006.

Kynnt verður stofnun borgarmálaráðs Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Fundarstjóri:
**Guðrún Ögmundsdóttir**, alþingiskona




**Allt Samfylkingarfólk í Reykjavík er hvatt til að mæta og taka þátt í málefnaundirbúningi fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem í hönd fara.**

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík


Norðurlöndin samræma aðgerðir vegna fuglaflensu:

# Ráðherrar funda

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherrar Norðurlandanna hittast á næstunni til þess að ræða aðkallandi aðgerðir gegn mögulegum fuglaflensufaraldri.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, greindi frá þessari ákvörðun á blaðamannafundi í Reykjavík í gær.

Hann sagði að aðgerðir miðuðust við fyrirbyggjandi aðgerðir og framleiðslu á bóluefni. Einnig er gert ráð fyrir að sérfræðingar verði fengnir til þess að spá fyrir um útbreiðslu flensunnar.

Fundur norrænu heilbrigðisráðherranna hefur ekki verið endanlega tímasettur.

Vinnuhópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur þegar safnað upplýsingum sem gagnast heilbrigðisyfirvöldum ef faraldur brýst út. Fyrirhugað er að ljúka umræddri skýrslu í næsta mánuði og í kjölfar þess verður tekin ákvörðun um það hvort haldinn verði sérstakur ráðherrafundur um fuglaflensuvá. - jh



**FARFUGLAR** Sýnt hefur verið fram á að fuglaflensa getur borist milli landa og heimsálfa með farfuglum.



**TOGAÐUR Á DEKKIN** Grafa var notuð til að koma vörubílnum á dekkin aftur.

Missti meðvitund undir stýri:

# Vörubíll út í móa og á hlið

**SLYS** Bílstjóri vörubíls var hætt kominn í gærmorgun við Lögbergsbrekku á Suðurlandsvegi. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi missti hann meðvitund með þeim afleiðingum að vörubíllinn fór út af veginum og valt á hliðina um það bil þrjátíu metrum utan vegar. Ökumanninn sakaði ekki.

Grafa sem var á vinnusvæði skammt hjá var notuð til að toga bílinn á rétta hlið aftur. - jse

# Stórar stærðir

## vandaðar vörur í úrvali



**Skyrta**
brún, khaki
st. 16-26
Gott verð
2.999 kr

**Skyrta**
blá, svört
st. 16-26
Gott verð
2.499 kr

**Mussa**
vínrauð, brún, svört
st. 16-26
TILBOÐ
2.999 kr
Verð áður 3.499,-

**Pils**
svart
st. 16-26
Gott verð
3.499 kr

**Pils m/palliettum**
blágrænt, brúnt
st. 16-26
TILBOÐ
3.499 kr
Verð áður 3.999,-



**Bolur** margir litir
st. 44-58
Gott verð
1.699 kr



**Rendur bolur,** margir litir
st. 44-58
Gott verð
2.499 kr



**Ökklaskór** stretch
svartir, st. 36-42
3.999 kr



**Ökklaskór**
svartir, st. 36-41
3.999 kr




**Stígvél** krumpuð
svört, st. 36-41
6.999 kr



**Stígvél**
svört, brún, st. 36-41
TILBOÐ
5.999 kr
Verð áður 6.999,-

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

ENNEMM / SÍA / NM18505

JAFNRÉTTISRÁÐ

MÁLÞING JAFNRÉTTISRÁÐS UM

Launajafnrétti

– jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf

Ársalur 2. hæð, Hótel Sögu
27. okt. kl. 14.00 – 16.30


Fanný Gunnarsdóttir


Ph.d. Byrial Bjørst


dr. Lilja Mósesdóttir


Sigurður Óli Kolbeinsson


Halldór Grönvold


Árni Magnússon

| | |
|---|---|
| Fanný Gunnarsdóttir formaður Jafnréttisráðs setur málþingið | Hvar liggur hundurinn grafinn? |
| Ph.d. Byrial Bjørst lögfræðingur | Equal pay law in EU and Iceland – a critial overview |
| Dr. Lilja Mósesdóttir Prófessor við Viðskiptaháskólann að Bifröst | Mælistikur á launajafnrétti |
| Sigurður Óli Kolbeinsson sviðstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga | Jafnréttislög og kjarasamningar |
| Halldór Grönvold aðst.framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands | Margar leiðir – sama markmið |
| Árni Magnússon félagsmálaráðherra | Ávarpar málþingið |

Fundarstjóri: Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögfræðingur, formaður Kvenréttindafélags Íslands og fulltrúi félagsins í Jafnréttisráði.


Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Skráning fer fram á www.jafnretti.is eða á Jafnréttisstofu í síma 460 6200



allt matur
Alla föstudaga


IMG Mannafl-Liðsauki mun annast allar ráðningar í álverið í Reyðarfirði:

# Fjögur hundruð störf verða til

**ATVINNUMÁL** Alcoa Fjarðaál hefur samið við IMG Mannafl-Liðsauka um að fyrirtækið muni ráða alla starfsmenn álversins á Reyðarfirði, um 400 manns, á næstu tveimur árunum. Í tilefni þess mun ráðningarfyrirtækið opna útibú á Reyðarfirði.

„Það er ekkert atvinnuleysi á Íslandi, en fyrir mitt leyti hef ég ekki áhyggjur af því, ég held við munum ekki eiga í vandræðum með að fylla þessar stöður,“ sagði Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri IMG Mannafls-Liðsauka, á fréttamannafundi í gær.

Ætlunin er að ráða í allar þessar stöður hér á landi og eiga fyrirtækin ekki von á að þurfa að sækja um atvinnuleyfi fyrir neinn, þó einhverjir starfsmanna verði væntanlega af erlendu bergi brotnir. Búist er við því að um helmingur starfsfólksins komi að austan en hinn helmingurinn af höfuðborgarsvæðinu. Lokið verður við gerð kjarasamninga í byrjun næsta árs og er ekki talið ólíklegt að langtímasamningar verði gerðir, líkt og gert var hjá Norðuráli. smk@frettabladid.is


**FRAMKVÆMT Í REYÐAFIRÐI** Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í Reyðarfirði undanfarin misseri. Á næstu tveimur árum mun enn bætast við mannskapinn sem starfar við byggingu álversins á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


**NEFNDARMENNIRNIR JÓN SVEINSSON, ILLUGI GUNNARSSON OG BALDUR GUÐLAUGSSON** Fjórir nefndarmenn og tveir starfsmenn framkvæmdanefndar um einkavæðingu fengu greiddar tíu milljónir fyrir Símasöluna að meðtöldum ferðakostnaði. Þess utan voru tugir milljóna greiddir fyrir lögfræðiþjónustu og verðmat og 682 milljónir til ráðgjafarfyrirtækis.

# Nefndarmenn fengu tíu milljónir króna

**Fjórir nefndarmenn og tveir starfsmenn fengu greiddar alls tíu milljónir fyrir störf sín vegna sölu Símans að meðtöldum ferðakostnaði. Verðmat nefndarinnar á fyrirtækinu var tæpum fimmtán milljörðum undir söluverði.**

**EINKAVÆÐING** Tíu milljónir af söluandvirði Símans fóru til framkvæmdanefndar um einkavæðingu vegna nefndarlauna og ferðakostnaðar. Auk þess fékk Morgan Stanley-fjárfestingarbankinn greiddar 682 milljónir fyrir ráðgjöf sína.

Í viðbót við tíu milljóna króna greiðslu til nefndarmanna og tæpra sjö hundruð milljóna til ráðgjafarfyrirtækisins voru greiddar rúmar sextíu milljónir fyrir lögfræðiráðgjöf og greinargerðir og tæpar tíu milljónir fyrir ýmsa aðra ráðgjöf og annan kostnað.

Í framkvæmdanefnd um einkavæðingu áttu sæti Jón Sveinsson formaður, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Sævar Þór Sigurgeirsson, löggiltur endurskoðandi, og Illugi Gunnarsson hagfræðingur. Starfsmenn nefndarinnar voru Stefán Jón Friðriksson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Jörundur Valtýsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu. Nefndarmenn sinntu starfinu samhliða fullri launaðri vinnu.

Kostnaður vegna sölu Símans frá ársbyrjun 2004 til þess tíma er söluverð var greitt ríkinu nam samanlagt 786 milljónum.

Sé tillit tekið til viðbótarargreiðslu Símans í febrúar síðastliðnum, sem var 4,2 milljarðar, nemur hlutfallslegur sölukostnaður um 1,11 prósent af söluandvirði Símans, segir í skýrslunni. Framkvæmdanefndin segir að sú niðurstaða verði að teljast hagstæð, sé miðað við innlend og erlend viðmið í því sambandi.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að framkvæmdanefndin hafi látið fara fram mat á fyrirtækinu sem var um fimmtán milljörðum undir söluverði, eða 52,4 milljarða króna að teknu tilliti til arðgreiðslu og skulda. Morgan Stanley, sem veitti nefndinni ráðgjöf um söluna, mat Símann hærra, á bilinu 57 til 68 milljarða. Til viðmiðunar var söluverðið 66,7 milljarðar.

Nefndin telur að sala Símans hafi gengið vel og ríkissjóður fengið afar viðunandi verð fyrir eign sína. sda@frettabladid.is




Gísli Marteinn er skarpgreindur og hann setti tíma sinn í að vinna fyrir nemendur og efla félagslíf skólans. Ég styð hann heilshugar í 1. sætið.

Þorvarður Elíasson
FYRRV. SKÓLASTJÓRI VERZLUNARSKÓLANS



www.gislimarteinn.is




## Fáðu sent lykilorð svo að þú getir nýtt þér vottun VISA (Verified by VISA)

Ef þú verslar á Netinu getur þú búist við að verða beðin/n um lykilorð til að staðfesta að þú sért réttur eigandi að VISA-korti þínu. Notkun á vottun VISA er einföld og ókeypis. VISA veitir þjónustuna til að auka öryggi í verslun á Netinu. Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um vottun VISA á heimasíðunni **http://www.visa.is** og þú færð lykilorðið sent heim.

VISA

Öryggi og þægindi!

**VISA Ísland** - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 Fax 525 2020 visa@visa.is www.visa.is

## Tölvunám eldri borgara

**Grunnur**
30 kennslustunda byrjendanámskeið fyrir 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 2. nóvember og lýkur 23. nóvember. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



**Framhald I**
30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í Word. Framhaldsæfingar í Internetinu og tölvupósti auk þess sem stafrænar myndavélar verða kynntar.

Kennsla hefst 3. nóvember og lýkur 24. nóvember. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,-

**Framhald II**
30 kennslustunda námskeið ætlað þeim sem lokið hafa fyrra framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilegan grunn og vilja enn meiri þekkingu og þjálfun. Byrjað er á upprifjun og svo er haldið áfram og kafað dýpra.

Kennsla hefst 3. nóvember og lýkur 24. nóvember. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16. Verð kr. 17.000,-

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


Fimmtungur Glaðheimahesthúsanna seldur:

# Hús keypt fyrir 200 milljónir

**HESTHÚS** „Við erum búnir að borga út öll hús sem búið var að semja um kaup á,“ segir Kristján Ríkharðsson, annar verktakanna sem vilja kaupa upp hesthús á svæði Hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi. Þetta eru tuttugu eignarhlutar af um hundrað sem félagsmenn Gusts hafa selt. Greiðslurnar voru inntar af hendi síðastliðinn föstudag og Kristján segir fleiri vera að semja um sölu hesthúsa í kjölfarið.

Þetta munu vera um 200 milljónir alls sem greiddar hafa verið út til hesthúsaeigendanna.

Stjórn Gusts hefur forkaupsrétt að húsum á svæðinu og hún hafði áður nýtt sér hann til að kaupa nokkur hús úr fyrri kauplotu verktakanna. Bjarnleifur Bjarnleifsson, varaformaður Gusts, segir hins vegar enga ákvörðun liggja fyrir um að nýta réttinn til að kaupa þessi hús. „Menn eru bara að skoða spilin og sjá hvað gerist,“ segir hann og vill að öðru leyti lítið tjá sig um málið að svo stöddu.

Kristján vonast til að samstarf við stjórn Gusts um uppbyggingu nýs framtíðarsvæðis fyrir félagsmenn komist á.

Aðalfundi Gusts sem átti að vera í kvöld hefur verið frestað. Bjarnleifur neitaði því þó að það tengdist hesthúsakaupunum. - grs



**UPPKAUP HESTHÚSA HALDA ÁFRAM** Fleiri eru að því komnir að selja hús sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Alvarleg umferðarslys:

## Rannsóknir samræmdar

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur gert samning til eins árs við Fræðslumiðstöð bílgreina um framkvæmd bíltæknirannsókna vegna umferðarslysa. Rannsakað verður ástand ökutækja sem lent hafa í alvarlegu umferðarslysi eða þar sem grunur leikur á að ástandi ökutækis sé verulega ábótavant.

Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn segir að hagsmunir fjölmargra ráðist af því að vel sé vandað til slíkra rannsókna. „Í mörgum tilfellum hafa úrslit mála oltið á því hversu vel þessara atriða hefur verið gætt,“ segir hann. Hann segir að með samningnum sé verklag við tæknirannsóknir umferðarslysa samræmt og eflt á landinu öllu og stórt skref stigið til vandaðri rannsókna umferðarslysa hjá lögreglu. - sda




**HANNES SMÁRASON STJÓRNARFORMAÐUR FL GROUP** Danska blaðið Berlingske Tidende fjallar um kaup FL Group á Sterling í blaðinu í gær.

# Háfleygi Íslendingurinn

**Töluvert hefur verið fjallað um kaup FL Group á Sterling í dönskum fjölmiðlum. Berlingske Tidende birti heilsíðugrein um feril Hannesar Smárasonar.**

**DANMÖRK** Danska dagblaðið Berlingske Tidende birti í gær heilsíðuumfjöllun um feril Hannesar Smárasonar í kjölfar kaupa FL Group á flugfélaginu Sterling. Töluverða efasemda gætir í greininni í garð Hannesar og íslensks viðskiptalífs.

Í greininni kemur fram að flestir stjórnarformenn yrðu taugaóstyrkir ef stjórnin og forstjóri fyrirtækis þeirra myndu segja af sér. Þessu sé þó öfugt farið hjá Hannesi. Hann hafi nú um helgina fjárfest fyrir fimmtán milljarða í Sterling, sem rekið er með tapi. Fullyrt er að fyrrum eigendur Sterling hafi í haust fengið þrjá milljarða fyrir að yfirtaka hið skuldugа Maersk Air. Innkoma Baugs í FL Group í sumar er rakin og fullyrt að náin samvinna fyrrum keppinautanna Hannesar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar sé nýjung í íslensku viðskiptalífi. Enda hafi Hannes verið stjórnarformaður Norvikur, helsta samkeppnisaðila Baugs á Íslandi um árabil.

Einnig er fjallað um störf Hannesar hjá deCode og gengi þess fyrirtækis á bandaríska hlutbréfamarkaðnum, Nasdaq, er líkt við stórslys. Hannes hafi svo fyrir ári síðan keypt hlut í Icelandair, nú FL Group. Einnig eru rakin átökin um Íslandsbanka í vor sem Hannes og Jón Ásgeir hafi tekið þátt í saman. Áætlanir þeirra hafi ekki gengið upp heldur hafi Björgólfur Thor Björgólfsson náð að tryggja sér stóran hlut. Í greininni er Björgólfur sagður ríkastur Íslendinga og hafi hann auðgast á sölu bjórverksmiðju í Rússlandi. Í lok greinarinnar er sagt frá því að Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, hafi neyðst til að draga ummæli sín um að ekkert yrði af samstarfi við Easyjet til baka. Hannes hafi í kjölfarið gefið til kynna að hann hefði áhuga á að kaupa stærri hlut í breska flugfélaginu. Það kunni samt að verða erfitt enda hafi stofnandi easyJet, Stelios Haji-Ioannous, lýst því yfir að hann muni ekki selja hverjum sem er og hann skilji ekki alveg hvaðan Hannes fái peningana. Það sé spurning sem Hannes hafi áður svarað með því að segja að á Íslandi séu mörg tækifæri. Danir muni án efa spyrja Hannes sömu spurningar aftur.

kristjans@frettabladid.is






Ísraelsher fellir herforingja:

## Heilagt stríð hótar hefndum

**JERÚSALEM, AP** Ísraelskar hersveitir skutu Luay Saadi, yfirmann hernaðararms samtakanna Heilagt stríð, og náinn samstarfsmann hans til bana í flóttamannabúðum í Tulkarem á Vesturbakkanum um helgina.

Yfirmaður Ísraelshers á svæðinu sagði að Saadi hefði staðið fyrir nokkrum árásum undanfarna mánuði sem tólf Ísraelar hefðu látið lífið í og hann væri auk þess grunaður um að hyggja á frekari tilræði. Talsmaður Heilags stríðs hótaði grimmilegum hefndum vegna drápsins.



**SKOTINN TIL BANA** Saadi féll fyrir kúlum ísraelskra hermanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Kostar aðeins
**1.499,-**

**Enn ein**
Metsölubókin?



# Landsliðsréttir

## Hagkaupa komin í verslanir!

**238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistara**



**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*





Verklagsreglur Ríkislögreglustjóra um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu:

# Til hagsbóta fyrir þolendur

**HEIMILISOFBELDI** Ríkislögreglustjóri hefur gefið út verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála hjá lögreglu.

Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn segir verklagsreglurnar helst til hagsbóta fyrir þolendur heimilisofbeldis. Einnig auðveldi þær skráningu á brotum sem flokkist undir heimilisofbeldi og valdi því að betri yfirsýn náist yfir þessa tegund brota.

„Þetta eru samræmdar leiðbeiningar fyrir allt landið um hvernig lögreglumenn eiga að bregðast við í slíkum útköllum,“ segir Guðmundur. „Tekin hafa verið af öll vafaatriði um hvað teljast megi heimilisofbeldi því það hefur nú verið skilgreint. Til þessa hefur leikið vafi á því hvað flokka megi sem heimilisofbeldi,“ segir Guðmundur.

Hann bendir á að samkvæmt skilgreiningunni í verklagsreglum nái heimilisofbeldi ekki aðeins yfir ofbeldi sem gerist inni á heimilinu sjálfu heldur hvers kyns ofbeldi sem fórnarlambið verður fyrir af fjölskyldumeðlimi eða tengdum aðila. Í reglunum segir: „Forsenda fyrir skráningu máls sem heimilisofbeldi er að gerandi og þolandi séu nákomnir, það er skyldir eða tengdir. Heimilisofbeldi eru brot framin innan veggja heimilis eða á öðrum stað þar sem skyldir og tengdir dvelja eða hittast fyrir.“ **- sda**



**GUÐMUNDUR GUÐJÓNSSON YFIRLÖGREGLUÞJÓNN** Helsta markmið reglnanna er að taka af tvímæli um vafaatriði við rannsókn þessara brota og að skýra betur hlutverk lögreglunnar við meðferð þeirra.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

**Aukið við neyðaraðstoðina**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að leggja fram áttatíu milljónir evra, um 5,8 milljarða króna, til aðstoðar við fórnarlömb hamfaranna í Pakistan. ESB hefur þegar veitt fjórtán milljónum evra til hjálparstarfs en ætlar nú að bæta verulega við þá upphæð. Stærstur hluti fjárins rennur til kaupa á tjöldum, drykkjarvatni og lyfjum og mun hjálparstofnun framkvæmdarstjórnar sambandsins, ECHO, hafa veg og vanda af dreifingu gagnanna.



**KVENNAFRÍDAGUR** Fjölmiðlar um allan heim sögðu fréttir af kvennafrídeginum á Íslandi og minntust mótmælanna fyrir þrjátíu árum og þýðingar þeirra fyrir jafnréttisbaráttuna.

Heimspressan fjallar um kvennafrídaginn á Íslandi:

# Íslenskar konur í fréttum í Katar

**KVENNAFRÍDAGURINN** Fjölmiðlar í löndum jafn fjarri okkur og Ástralíu og Katar við Persaflóa sögðu fréttir af kvennafrídeginum á Íslandi.

Gulf Times í Katar og The Australian, stærsta dagblað Ástralíu, sögðu frá því að tugþúsundir íslenskra kvenna hefðu yfirgefið störf sín til þess að mótmæla kynbundnum launamuni í landinu.

Í vefútgáfu breska dagblaðsins The Times kom fram að íslenskar konur hefðu farið í krossferð um Reykjavík og aðra bæi landsins, barið potta og pönnur og kallað slagorð á borð við „Konur höfum hátt!“ og „Jafnrétti strax!“.

Fjölmiðlar sögðu frá kvennafrídeginum fyrir þrjátíu árum og áhrifum hans á jafnréttisbaráttuna á Íslandi á þeim tíma. The Times Online sagði að kvennafundurinn 1975 hefði markað tímamót í jafnréttisbaráttunni í heiminum og hrist upp samfélagi allra Norðurlandanna. Þá segir að fundurinn hafi plægt leiðina fyrir Vigdísi Finnbogadóttur, sem fimm árum síðar varð þjóðkjörinn forseti fyrst kvenna í heiminum. **- sda**

Stjórnarmyndunarviðræður hafnar á ný í Póllandi:

# Tvíburar eru með töglin og hagldirnar

**VARSJÁ, AP** Stjórnarmyndunarviðræður eru hafnar á ný í Póllandi eftir að Lech Kaczynski var kjörinn forseti um helgina. Sigur Kaczynskis styrkir mjög stöðu flokks hans í viðræðunum.

Endanleg niðurstaða kosninganna liggur fyrir og hlaut Kaczynski 54 prósent atkvæða en Donald Tusk, keppinautur hans, 46 prósent. Strax og úrslit voru ljós hófust stjórnarmyndunarviðræður flokka þeirra, Laga og réttlætis og Borgaravettvangsins, á nýjan leik eftir að hafa legið að mestu niðri vegna forsetakosninganna, en flokkunum vegnaði vel í þingkosningunum í síðasta mánuði.

Fyrir forsetakosningarnar hafði Jaroslaw Kaczynski, oddviti Laga og réttlætis og tvíburabróðir Lech, lýst því yfir að hann myndi ekki setjast í stól forsætisráðherra yrði bróðir hans kjörinn forseti. Því leiðir Kazimierz Marcinkiewicz, félagi hans, viðræðurnar fyrir hönd flokksins.

Búist er við að erfiðar viðræður séu fram undan þar sem Lög og réttlæti hefur hert á kröfum sínum um íhaldssaman stjórnarsáttmála eftir sigurinn á sunnudag. Því á hinn frjálslyndi Borgaravettvangur hins vegar erfitt með að kyngja. **- shg**



**FORSETARNIR** Alexander Kwasniewski, fráfarandi forseti (til vinstri), fagnar eftirmanni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


VATN FYRIR ALLA

Ráðstefna á Grand Hótel 29. október

*Ráðstefnan hefst kl. 13 og eru allir velkomnir! Enginn aðgangseyrir.*


*13.00–13.15 Opnunarávarp*
Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.


*13.20–13.30 Kynning á sameiginlegri yfirlýsingu um vatn*
Fundarstjóri Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði.


*13.35–13.50 Vatnið í náttúru Íslands – Náttúran í vötnum Íslands*
Hilmar J. Malmquist, líffræðingur og forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.


*13.55–14.10 Vatn og samfélag*
Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB.


*14.15–14.30 Vatn í þróunarhjálp*
Anna M.Þ. Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.


*14.35–14.50 Er vatn sem hver önnur auðlind?*
Ingibjörg E. Björnsdóttir, umhverfisfræðingur.


*14.55–15.10 „Kalt vatn fyrir mig“.*
Pétur Gunnarsson, rithöfundur.

*Kaffihlé 15.10–15.35*


*15.40–15.55 Afstaða til vatns í alþjóðasamningum, lögum og reglum – Breytt viðhorf í tímans rás*
Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar.


*16.00–16.20 Réttindi til vatns*
Nigel Dower, heimspekingur og fyrrum prófessor við Háskólann í Aberdeen og kennari í þróunarsiðfræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Erindið verður flutt á ensku.

*16.20–16.55 Pallborðsumræður – fulltrúar stjórnmálaflokkanna*
Framtíðarsýn stjórnmálaflokkanna á vatn.

*17.00 Ráðstefnu slitið.*

BSRB
MFÍK
LANDVERND
SÍB

*Fulltrúar stjórnmálaflokkanna í pallborðsumræðum:*

*Fyrir VG: Kolbrún Halldórsdóttir*
*Fyrir Samfylkingu: Mörður Árnason*
*Fyrir Framsóknarflokk: Hjálmar Árnason*
*Fyrir Sjálfstæðisflokk: Guðlaugur Þór Þórðarson*
*Fyrir Frjálslynda flokkinn: Magnús Þór Hafsteinsson*

Kynntu þér yfirlýsingu ráðstefnunnar á
www.bsrb.is/vatnfyriralla

HVITA HÚSIÐ / SÍA - 4448





# Sjónvarpsdagskráin er algjörlega á þínu valdi á Skjánum

Á Skjánum getur þú náð í bíómyndir heima í stofu þegar þér hentar.
Í Gamla Bíói færðu allar gömlu klassísku myndirnar og í Nýja Bíói er úrval nýrra mynda í boði. Þú getur líka valið úr ríflega 60 sjónvarpsstöðvum, þar á meðal Disney-rásunum og Enska Boltanum í beinni útsendingu.

Komdu í næstu verslun Símans, hringdu í 800 7000 eða farðu á skjarinn.is og fáðu þér áskrift að Skjánum.

Skjárinn
– á þínu valdi!

## „ORÐRÉTT“

*Verður seint alveg orðlaus*

**„Þetta er gjörsamlega stórkostlegt og ég er hálfpartinn orðlaus.“**

**Edda Björgvinsdóttir, leikkona í Fréttablaðinu, um kvennafrídags-útifundinn á mánudag.**

*Já er það virkilegt?*

**„En ég skal þó segja það með sérstöku leyfi frá þeim [seljendum Maersk Air] að við greiddum fyrir Maersk Air.“**

**Pálmi Haraldsson, kenndur við Fons, í Morgunblaðinu um kaupverðið á Maersk Air.**

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞORVALDUR KARL HELGASON BISKUPSRITARI

# *Fjölskyldustefna rædd á kirkjuþingi*

„Það er bara allt gott að frétta,“ segir Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari, sem nú er staddur á árlegu kirkjuþingi. „Það eru allir glaðir eftir kvennafrídag. Það er svo gaman að hitta gott fólk og það er mikill rífandi gangur á kirkjuþingi.“

Þorvaldur segir að meðal þess sem nú sé rætt á kirkjuþingi sé hvort ekki megi fjölga þeim sem eiga seturétt á þinginu. Eins og er eru það 21 sem mæta til kirkjuþings, níu prestar og tólf leikmenn. Lagt er til að fjölga prestum á þinginu í tólf og að leikmenn verði sautján. Engar ákvarðanir um slíkt verða teknar á þessu þingi, en hugmyndir verða sendar um allt land til umræðna. Þetta er ekki eina breytingin sem rætt er um, því einnig eru hugmyndir uppi um að opna aðgang leikmanna að kirkjuþingi. „Nú eru leikmenn úr röðum sóknarnefndarmanna, en við erum að ræða að opna þetta nánast upp á gátt. Þá geta öll sóknarbörn, sextán ára og eldri, gefið kost á sér.“



Af öðrum málum segist Þorvaldur vera upptekinn af góðum málum sem rædd eru, eins og fjölskyldustefnu kirkjunnar. „Hún virðist fá góðan hljómgrunn og það er hið besta mál. Fjölskyldustefnan þykir hnitmiðað plagg og vel unnið.“ Þorvaldur segir erfitt að taka eitthvað einstakt mál úr fjölskyldustefnunni, en fyrst og fremst segi hún að heimilið og fjölskyldan skipti verulega miklu máli fyrir vellíðan einstaklingsins. „Það er ekki alltaf að mönnum líði vel heima hjá sér. Auðvitað vitum við að það er ekki alltaf að það besta og fallegasta gerist innan veggja heimilisins. En markmiðið er að heimilið sé staður fyrir þroska og heilla fyrir einstaklinginn. Með fjölskyldustefnunni er kirkjan að segja að hún vill stuðla að því að þetta megi gerast.“

Ekki er alveg ljóst hvenær kirkjuþingi lýkur. Því gæti lokið á fimmtudag, en Þorvaldur spáir því að því muni ekki ljúka fyrr en á hádegi á föstudag.

## SJÓNARHÓLL

KVENNAFRÍDAGURINN

### *Stórkostlegt*



ÁRMANN REYNISSON VINJETTUHÖFUNDUR

„Þetta var stórkostlegt og ég sakna þess að hafa ekki verið á landinu, annars hefði ég mætt á Ingólfstorg,“ segir Ármann Reynisson vinjettuhöfundur um kvennafrídaginn á mánudag. Sjálfur er hann jafnréttissinni eins og komið hefur fram í verkum hans. „Það kemur svo sannarlega fram í vinjetubókunum, þar legg ég áherslu á jafnrétti kynjanna.“ Ármann nefnir líka að í þeim fyrirtækjum sem hann hefur rekið um ævina hafi launajafnrétti verið í fyrirrúmi. „Ég er alinn upp við jafnrétti og hef aldrei verið í neinu karlrembusamfélagi.“

Ármann fylgdist með kvennafundinum mikla á Lækjartorgi 1975, stóð þá í Bankastræti og horfði niður á torg. „Sá fundur hafði áhrif á mig, mér fannst ég þá í fyrsta sinn átta mig á þessum málum, maður hugleiddi þetta ekki fyrr.“

Hann vonar að fundurinn á mánudag verði til þess að launajafnrétti kynjanna verði hraðað enda hafi miðað allt of hægt á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá fundinum á Lækjartorgi.

# Sautján ára grænmetisæta berst gegn dýratilraunum

**Tryggvi Guðmundsson er sautján ára dýravinur sem ver frístundum sínum í baráttuna gegn dýratilraunum. Hann á kanínuna Kölu sem gengur laus um heimili hans.**

„Ætli þetta komi ekki til af ást á dýrum,“ segir Tryggvi þegar hann er spurður hvaðan áhugi hans á réttindum dýra er sprottinn. „Ég er mikill dýraréttindasinni og hef kynnt mér málin vel. Ég veit fyrir víst að það er hægt að gera allar tilraunir án þess að valda milljónum dýra sársauka og þjáningum þangað til þau deyja.“

Tryggvi stóð nýlega fyrir mótmælum á Lækjartorgi þar sem dýratilraunum var mótmælt og var spjótum sérstaklega beint að Tilraunastöðinni að Keldum en




**MÓTMÆLT** Nokkur ungmenni komu saman á Lækjartorgi nýverið til að láta í ljós skoðanir sínar á dýratilraunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þangað voru fjögur þúsund tilraunamýs keyptar nýlega.

Tryggvi, sem gerðist grænmetisæta fyrir einu ári, skilur illa samborgara sína sem styðja dýratilraunir og nota vörur sem framleiddar eru að undangengnum tilraunum á dýrum. „Ef þetta ætti við um menn væri búið að banna þetta eða í það minnsta kæra einhvern. Það er greinilegt að fólk er ekki jafn umhyggjusamt gagnvart dýrum og mönnum.“ Sjálfur sniðgengur hann vörur sem hafa verið prófaðar á dýrum og á það jafnt við um lyf og snyrtivörur.

Verslun með dýr er Tryggva heldur ekki að skapi en engu að síður á hann kanínuna Kölu. „Eigendurnir gátu ekki átt hana lengur og ég vildi frekar taka hana að mér en að láta hana deyja,“ segir Tryggvi. Það má líka nefna til marks um dýraást hans að áður fyrr var hann ötull stangaveiðimaður en hefur látið af þeirri iðju.

Tryggvi vinnur við að aðstoða fatlaða hjá Sjálfsbjörgu en frístundirnar fara að mestu í lestur tengdan málstaðnum og baráttuna gegn dýratilraunum. Hann er í félaginu Raddir málleysingjanna, sem eins og nafnið gefur til kynna berst fyrir bættum hag dýra. „Ég vil vekja athygli á málinu og þó að aðeins ein manneskja opni augun og finnist rangt að kaupa lyf og vörur sem prófuð hafa verið á dýrum þá hef ég fengið einhverju áorkað,“ segir Tryggvi og heitir því að hann muni láti meira í sér heyra um málið á næstunni.



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON OG KALA** „Ég vil vekja athygli á málinu og þó að aðeins ein manneskja opni augun og finnist rangt að kaupa lyf og vörur sem prófuð hafa verið á dýrum þá hef ég fengið einhverju áorkað.“


# HJÁLPUM FÓRNARLÖMBUM JARÐSKJÁLFTANNA Í PAKISTAN

## Söfnunarsíminn er 907 2020

Með því að hringja í söfnunarsímann leggur þú fram 1.000 kr. til hjálparstarfsins í Pakistan. Einnig er hægt að leggja fram fé með kreditkorti á www.redcross.is, eða millifærslu á bankareikning 1151-26-000012, kt. 530269-2649.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is


Minnihlutahópar uppfræða aðra með nýstárlegri aðferð:

# Sá blindi stanslaust í útláni

Nýstárleg leið var farin á dögunum til að uppfræða almenning og eyða fordómum gagnvart minnihlutahópum. Kallast hún „lifandi bókasafn“ og snýst hugmyndafræðin um að fólk fái einstaklinga úr ýmsum minnihlutahópum að láni stundarkorn til að fræðast um hugi þeirra og hagi. Viðkomandi virka því eins og fræðibækur á bókasafni sem fólk fær að láni sér til fróðleiks nema hvað ekki er um bækur að ræða í þessu tilvki heldur lifandi manneskjur.

„Lifandi bókasafn“ var á göngum Smáralindar um helgina og þar var boðið upp á ýmsa titla til útláns. Má þar nefna múslima, Japana, blindan mann, líkskoðara og rauðsokku svo eitthvað sé nefnt og vakti uppátækið talsverða athygli.

Ronni Abergel, sem er einn af höfundum verkefnisins, var ánægður með viðtökurnar í Smáralindinni. Sá blindi var vinsælastur en hann var nánast stanslaust í útláni um helgina og má ætla að fjöldi fólks sé því einhverju nær um líf blindra.



**LIFANDI BÆKUR** Toshiki, Ásta Ósk, Ronni, Barbara og Jón Hjalti voru til útláns á bókasafninu um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Þegar fengnar eru lifandi bækur að láni er nauðsynlegt að vanda valið vel og vitaskuld að fara vel með þær.

**- jse**

# HUMAR Í MORGUNMATINN EÐA KVÖLDVERÐ FYRIR TVO?

**Þú getur látið villtustu drauma þína rætast ef þú vinnur í Lottó. Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú auk þess hreppt einn af 30 glæsilegum aukavinningum.**

ÁSKRIFTAR LEIKUR LOTTÓ

**Taktu LOTTÓ Í ÁSKRIFT á lotto.is og þú gætir unnið:**

- **kvöldverð fyrir tvo**
- **árskort í líkamsrækt**
- **borgarferð fyrir tvo**
- **DELL fartölvu**

lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM17475

## SVONA ERUM VIÐ

Árshækkun launavísitölu í prósentum, miðað við síðustu tólf mánuði




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** ÓFRJÓSEMISAÐGERÐ Á KÖRLUM

# *25 ára aldurstakmark fyrir aðgerðina*

Þeim karlmönnum sem láta gera á sér ófrjósemisaðgerð hefur fjölgað mikið síðastliðin ár. Um fjörutíu prósent karla fara nú í slíka aðgerð en þetta hlutfall var aðeins fimm prósent fyrir tíu til fimmtán árum síðan.

**Hvernig er frjósemisaðgerð á körlum?**
Þvagfæraskurðlæknar gera þessar aðgerðir. Þær fara þannig fram að tvö fimm millimetra göt eru gerð á punginn og svo er farvegur sæðisfrumnanna aftengdur í gegnum götin. Aðgerðin tekur yfirleitt aðeins tuttugu mínútur og getur sjúklingur í flestum tilfellum valið á milli þess hvort hann vill svæðisdeyfingu eða svæfingu. Þar sem sæðisfrumur eru enn í sæðisfarveginum verða menn yfirleitt ekki ófrjóir fyrr en þremur vikum eftir aðgerð.

**Hvaða afleiðingar aðrar hefur aðgerðin?**
Þeir sem seinna á lífsleiðinni sjá eftir því að hafa farið í slíka aðgerð geta farið í aðra aðgerð þar sem þeir eru endurtengdir. Ekki er þó í öllum tilvikum víst að slík aðgerð beri tilætlaðan árangur en oftast verða menn frjóir í hálft ár eða svo ef þeir eru endurtengdir.
Menn sem hafa farið í ófrjósemisaðgerð fá sáðföll eins og aðrir þó sáðfrumurnar sjálfar vanti. Tilfinningin er í flestum tilfellum eins og fyrir aðgerð.

**Hverjir fara í slíkar aðgerðir?**
Að sögn Guðjóns Haraldssonar þvagfæraskurðlæknis fara menn úr flestum öllum stöðum og stéttum þjóðfélagsins í slíkar aðgerðir. Flestir eru 35 ára og eldri og eiga flestir þeirra nokkur börn og hafa tekið ígrundaða ákvörðun í samráði við lífsförunaut sinn um málið. Við eðlilegar kringumstæður geta menn undir 25 ára aldri ekki látið gera þessa aðgerð á sér.



## SPURT OG SVARAÐ

GÆÐAVOTTUN Á JÖFN LAUN

# *Sjáum hag í jafnrétti*



**HAFÞÓR HAFSTEINSSON**
Forstjóri flugflutningasviðs Avion group

Félagsmálaráðherra hyggst koma á gæðavottun um jöfn laun í því skyni að hvetja atvinnurekendur til að útrýma launamun kynjanna.

**Hverju myndi gæðavottun skila?**
Gæðavottun myndi þjóna tvennum tilgangi; sem trygging fyrir því að karlar og konur störfuðu á jafnréttisgrundvelli innan fyrirtækissins og myndi á sama tíma bæta ímynd félagsins út á við sem vinnustaðar þar sem jafnréttissjónarmið væru í hávegum höfð.

**Myndir þú beita þér fyrir því að fyrirtæki þitt sæktist eftir slíkri gæðavottun?**
Við hjá Air Atlanta Icelandic stefnum að því að skara fram úr á öllum sviðum og í jafnréttismálum eins og öðrum. Við sjáum okkur hag í því að hafa jafnréttissjónarmiðin að leiðarljósi í rekstri fyrirtæksins og væri gæðavottun stórt skref í þá átt.

**Telur þú að kynbundinn launamunur sé til staðar í þínu fyrirtæki og hefur verið gerð könnun á því hvort svo sé?**
Hjá Air Atlanta Icelandic var framkvæmd slík könnun árið 2003 og sýndi hún að munur var á launum kynjanna innan fyrirtækisins. Vegna þess hversu langt er síðan könnunin var framkvæmd höfum við fullan hug á því að láta gera slíka könnun að nýju.



**FLATEYRI VIÐ ÖNUNDARFJÖRÐ** Svona er útsýnið yfir bæinn í dag séð ofan af snjóflóðavarnargarði sem gerður var eftir flóðið 1995, sem fór yfir kirkjugarðinn og eyðilagði og hreif með sér hús þar sem nú getur að líta nýgerða autt svæði og nýgerða göngustíga. Þar verður svonefndur minningargarður og útivistarsvæði á eftir, en framkvæmdum er að mestu lokið utan að eftir er að planta meiri trjágróðri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Flateyringar minnast látinna

**Klukkan átta í kvöld hefst minningardagskrá í íþróttahúsinu á Flateyri vegna snjóflóðsins hörmulega sem fyrir tíu árum síðan kostaði tuttugu mannslíf og olli gífurlegri eyðileggingu á staðnum. Þá verður í Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík bænastund á sama tíma. Búast má við að dagurinn verði mörgum Önfirðingum erfiður enda hörmungarnar miklar sem flóðið hafði í för með sér.**

„Þetta verður einföld bænastund þar þem Önfirðingar hér á höfuðborgarsvæðinu koma saman til að minnast þeirra sem fórust í snjóflóðinu fyrir tíu árum síðan," segir séra Örn Bárður Jónsson, sem leiðir bænastundina í Neskirkju.

Í íþróttahúsinu á Flateyri flytja heimamenn ásamt landsþekktum tónlistarmönnum tónlist, suma hverja frumsamda í tengslum við flóðið. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, flytur ávarp og lesin verða ljóð. Þá fer sóknarpresturinn á Flateyri, séra Stína Gísladóttir, með bæn.

Að lokinni skipulagðri dagskrá í kvöld býður Ísafjarðarbær upp á kaffiveitingar.

**Þakka stuðninginn**

„Ósk Flateyringa er að sem flestir geti verið með þeim á minningardagskránni. Þeir vona að hlýjar kveðjur og þakklæti berist þeim fjölmörgu sem veittu þorpsbúum lið fyrir tíu árum þegar náttúruhamfarirnar riðu yfir. Björgunarsveitarmönnum, Rauða krossi Íslands, þeim sem lögðu fé í landssöfnunina Samhugur í verki og öllum öðrum sem studdu þá á erfiðum stundum og við uppbyggingu eftir snjóflóðið", segir í tilkynningu frá undirbúningsnefnd minningardagskrárinnar, en að henni stendur minningarsjóður Flateyrar. Hann var stofnaður haustið 1996 og hefur meðal annars reist í bænum minningarstein um þá sem létust í flóðinu, séð um framkvæmdir við Minningargarðinn þar sem áður var byggð efst í þorpinu og skipulagt kyrrðar- og minningarstundir í Flateyrarkirkju 26. október ár hvert frá 1996.

Ljóst má vera að margir eiga um sárt að binda á þessum tímamótum, enda skilur mannskætt snjóflóð eftir sig djúp sár. Í viðtölum við fólk sem lenti í flóðinu kom fram að misjafnlega gengur að vinna úr áfallinu.

**Margir fluttu burt**

Nálægt því hundrað manns fluttu á brott frá Flateyri fyrstu mánuðina og árin eftir flóðið og nær allir þeir sem misstu nánustu fjölskyldu og ástvini. Í þeim hópi eru eðlilega þeir sem enn eiga hvað sárast um að binda enn þann dag í dag.

Þeir sem enn búa á Flateyri minnast vitanlega hörmunganna með sorg í hjarta, en þar hefur töluvert uppbyggingarstarf verið unnið síðustu ár og flestir vongóður um bjarta framtíð bæjarfélagsins. Uppgangur er í fiskvinnslu og útgerð á staðnum og næga vinnu að fá. Þá hefur flust til staðarins mikið af erlendu verkafólki sem smám saman samlagast íslenskum aðstæðum og tungumáli og er á góðri leið með að verða jafnmiklir Flateyringar og hver annar. Í þeim hópi eru meðal annars einstaklingar sem taka þátt í endurbótum á gamla samkomuhúsi bæjarins við Grundarstíg, en þær tengjast félagslegri uppbyggingu sem íbúasamtök Flateyrar hafa staðið fyrir.

**TÖLUR UM SNJÓFLÓÐIÐ**

- Flóðið féll úr Skollahvilft fyrir ofan Flateyri 26. október 1995.
- Tvær lægðir höfðu myndast sunnan við landið. Öflug hæð var yfir Grænlandi og gert hafði norðanáhlaup með fárviðri, mikilli úrkomu og skafrenningi.
- Flóðið var þurrt flekaflóð sem átti upptök sín uppi undir fjallsbrún.
- Áætlaður massi snjóflóðsins nam um 150 þúsund tonnum, en niður hlíðina komu yfir 300 þúsund rúmmetrar af vindpökkuðum snjó.
- Fallhraði flóðsins var um fimmtíu metrar á sekúndu, um áttatíu kílómetrar á klukkustund.
- Stærsta brotlína flóðsins var níutíu metra breið og fjórir metrar á þykkt. Þá er mesta þykkt flóðsins áætluð tuttugu metrar, í gilinu þar sem það kom niður fjallið. Flóðið var 450 metrar þar sem það var breiðast.



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is





**VIÐ LEIT Í OKTÓBER 1995** Fjöldi björgunarmanna kom til Flateyrar eftir flóðið, en það gerði í kolvitlausu veðri. Eftir að það féll fór að hlána og hefur varla snjóað síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

2 fyrir 1 til Barcelona
31. október frá kr. 19.990

Verð frá kr.
19.990
Flug og skattar, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 31. okt. og heim 3. nóv. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Barcelona í október.
Þú kaupir 2 sæti en greiðir aðeins fyrir 1. Gríptu tækifærið og skreppu til Barcelona og njóttu þess besta sem Spánn hefur að bjóða.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




# Vertu velkomin á Lancôme kynningu í Lyf og heilsu:

**Austurstræti:** miðvikudag
**Austurver:** miðvikudag og fimmtudag
**Melhagi:** miðvikudag og fimmtudag
**Mjódd:** fimmtudag og föstudag
**Kringla:** fimmtudag, föstudag og laugardag

Lyf & heilsa

Þar bíður þessi glæsilega gjöf eftir þér þegar þú kaupir Lancôme snyrtivörur fyrir 5.500 kr. eða meira.

Líttu við og láttu sérfræðing LANCÔME kenna þér nýjustu förðunartæknina, aðstoða við val á húðsnyrtivörum og umhirðu húðarinnar.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Íslensk verkalýðshreyfing er ekki veik.

## Sterk hreyfing og þróttmikil

Tæpast verður sagt að nýafstaðinn ársfundur Alþýðusambands Íslands hafi einkennst af miklum lúðrablæstri. Þótt ýmis mikilvæg málefni væru til umfjöllunar fór þing þessara fjölmennustu samtaka landsins ekki hátt í fjölmiðlum eða þjóðfélagsumræðunni. Ýmsum kann að virðast það enn ein vísbendingin um veika stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Sem kunnugt er heyrast iðulega um það raddir að hreyfingin sé ekki svipur hjá sjón miðað við fyrri daga þegar verkfallsvopninu var beitt ótæpilega og verkalýðsforingjar gerðu sig breiða gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Fréttir af erfiðleikum verkalýðssamtakanna í viðureign við ýmis ný fyrirbæri á vinnumarkaði, svo sem starfsmannaleigur, hafa verið nefndar sem dæmi um vanmátt hreyfingarinnar og jafnvel hnignun.

Þessar umræður eru á misskilningi byggðar. Íslensk verkalýðshreyfing er enn sterkt og þróttmikið afl í þjóðfélaginu. Frá þjóðarsáttinni í lok níunda áratugarins hefur hún hins vegar tamið sér önnur vinnubrögð, friðsamlegri og fagmannlegri, en forðum daga. Þessi vinnubrögð hafa leitt til þess að hún hefur náð meiri árangri í þágu launafólks en nokkru sinni áður í sögu sinni. Þau hafa ekki gert hana veikari heldur sterkari.

Það er enginn áfellisdómur yfir verkalýðshreyfingunni eða merki um veikleika hennar að hún hafi ekki náð að finna ásættanlega niðurstöðu í deilunum um starfsmannaleigur sem nú ber mjög hátt hér á landi. Hafa ber í huga að þetta er nýtt fyrirbrigði á íslenskum vinnumarkaði sprottið af löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins og sérstökum tímabundnum aðstæðum í íslensku atvinnulífi. Í þjóðfélagi þar sem menn ljúka deilum og leiða ágreiningsefni til lykta með rökræðum, samkomulagi og málamiðlunum er eðlilegt að það taki nokkurn tíma að finna ásættanlega niðurstöðu þegar áður óþekkt viðfangsefni koma til úrlausnar.

Fráleitt er að ræða málefni starfsmannaleiganna eins og um sé að ræða eitthvert aðskotadýr sem flæma verði brott úr lífríki landsins með öllum ráðum. Þetta er að ýmsu leyti hentugt og hagkvæmt fyrirkomulag. Framhjá því verður ekki horft að vinnuafl sem þær hafa flutt hingað til lands hefur haft þýðingu í þá átt að skapa meira jafnvægi á vinnumarkaði á tíma stórframkvæmda en ella hefði orðið. Og þær hafa með óbeinum hætti haldið aftur af verðhækkunum á ákveðnum sviðum.

Hitt er rétt að hvorki innlendum né erlendum starfsmannaleigum á að líðast að brjóta lög og reglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Viðbrögð íslenskra verkalýðssamtaka þegar grunsemdir hafa vaknað um slíkt, eins og til dæmis á Kárahnjúkasvæðinu, hafa verið ákveðin og kraftmikil. Þau hafa leitt til þess að nefnd á vegum félagsmálaráðherra kannar nú grundvöll þess að setja sérstök lög um starfsmannaleigur. Það er ekki öfundsvert að standa í fótsporum þeirra atvinnurekenda sem verja verða málstað sinn gagnvart ásökunum um að fara á svig við gildandi kjarasamninga í landinu. Í þeirra augum er verkalýðshreyfingin ekki veik heldur sterk og samhent - og það er rétt mat. Augu þessara atvinnurekenda munu opnast fyrir því að til lengri tíma litið er farsælla fyrir þá sjálfa að virða leikreglur vinnumarkaðarins og eiga gott samstarf við verkalýðshreyfinguna en að fara á svig við reglurnar og víkja sér undan samstarfi við stéttarfélögin.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verðbólguspár

Ungur hagfræðingur, Jón Steinsson, skrifar um verðbólguhorfur í vefritið Deigluna: „Allir þeir sem birta verðbólguspár á Íslandi virðast sammála um að verðbólguhorfur séu slæmar næstu tvö árin. Flestir spá því til dæmis að verðbólga verði á bilinu 3,5-4% á næsta ári“. En er sú mynd sem Seðlabankinn og markaðsaðilar hafa dregið upp kannski of dökk? Jón bendir á að hækkun húsnæðisverðs hafi átt stærstan þátt í því að verðbólga hafi verið jafn há og raun ber vitni síðustu misseri. Hann telur líklegt að verðið „hætti alveg að hækka og taki að lækka hægt og rólega“. Bendir í því sambandi á að síðustu tvo mánuði hafi verulega dregið úr hækkunum.



### Lækkun húsnæðisverðs

Jón skrifar: „Segjum sem svo að húsnæðisverð hætti að hækka núna á haustmánuðum og taki að lækka um svo sem 5% á ársgrundvelli á næsta ári. Þá munu vísitöluáhrif hækkunar húsnæðisverðs fara úr því að vera 3,4% í það að vera mínus 0,8%. Slík umskipti myndu þýða að verðbólga myndi lækka talsvert niður fyrir verðbólgumarkmið Seðlabankans að öllu öðru óbreyttu. Lækkun á verði húsnæðis myndi því veita Seðlabankanum talsvert mikið svigrúm til þess að leyfa krónunni að lækka án þess að verðbólga verði of há. Mikið meira svigrúm en flestir markaðsaðilar virðast gera ráð fyrir að Seðlabankinn muni hafa.“

### Íþyngir heimilum

Ekki er víst að almenningur hafi ástæðu til að fagna þessum breytingum þótt þær teljist góðar fyrir hagkerfið. Þær munu koma illa við fjárhag margra heimila. „Jafnvel mjög hæg lækkun á verði húsnæðis myndi hafa verulega neikvæð áhrif á eiginfjárstöðu margra heimila sem keypt hafa húsnæði að undanförnu með lánum upp í topp. Og á sama tíma væri verð á innfluttum nauðsynjavörum að hækka þar sem gengi krónunnar væri að lækka. Þessi þróun gæti leitt til samdráttar í einkaneyslu sem myndi draga enn úr nauðsyn vaxtahækkana og ef til vill leiða til þess að Seðlabankinn þurfi að hefjast handa við að lækka vexti mun fyrr en nú er talið líklegt“, skrifar Jón Steinsson.

gm@frettabladid.is

## Hnattvæðing og velferðarkerfi

Í DAG
HNATTVÆÐING



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Þetta þýðir hins vegar að þær einföldu klisjur sem menn endurtaka í sífellu um hina einu og mögulegu stjórnarstefnu á tímum hnattvæðingar eru ekki upplýsandi.*

Ein af áhrifamestu klisjum samtímans er sú að vegna hnattvæðingar atvinnulífs hafi ríki heims ekki lengur val um stjórnarstefnu heldur þurfi þau öll að keppast við að lækka skatta svo fjármagn og fyrirtæki flýi ekki land. Bandaríski dálkahöfundurinn Thomas Friedman kallar þetta meinta ástand hina gullnu spennitreyju. Ríki heims eru að þessari hugsun í spennitreyju og verða að lækka skatta og skera niður velferðarkerfi til að halda í fjármagnið. Gullin litur treyjunnar vísar til þess að þarna sé um að ræða hið heppilegasta ástand.

Það hlýtur því að hafa komið mörgum á óvart að sjá nýlega frétt þess efnis að þau ríki heimsins þar sem skattbyrðin er þyngst eru jafnframt þau lönd jarðar þar sem atvinnulífið er samkeppnishæfast. Hæstu skattar í heimi eru í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Belgíu. Þrjú þessara fimm landa voru í þremur af fjórum efstu sætunum í nýlegri alþjóðlegri könnun á samkeppnishæfni atvinnulífsins. Annað hinna, Noregur, fylgdi fast á eftir og það fimmta, Belgía, sem ekki lenti ofarlega er hins vegar í hópi þeirra ríkja sem laða til sín mesta erlenda fjárfestingu á hvern íbúa. Meirihluti fimmtán samkeppnishæfustu ríkja heimsins er í þeim litla hópi landa þar sem skattbyrðin er til muna þyngst og oft miklu þyngri en á Íslandi. Að auki er Singapore á þessum lista. Þar eru skattar ekki háir en ríkið er hins vegar potturinn og pannan í öllu sem gerist í efnahagslífinu, bæði með því að reka sjálft mörg af stærri fyrirtækjum landsins og ekki síður í gegnum fjárfestingarsjóði og almenn afskipti af uppbyggingu atvinnulífsins.

Þetta þýðir auðvitað ekki að háir skattar séu einkar heppilegir fyrir atvinnulífið og laði að erlenda fjárfestingu, eða þá að ríki heims eigi að skipta sér af atvinnulífinu með þeim hætti sem stjórn Singapore gerir. Meðal samkeppnishæfustu landa eru líka ríki eins og Bandaríkin sem voru í öðru sæti á eftir Finnlandi og Japan þar sem skattbyrði er tiltölulega létt. Þetta þýðir hins vegar að þær einföldu klisjur sem menn endurtaka í sífellu um hina einu mögulegu stjórnarstefnu á tímum hnattvæðingar eru ekki upplýsandi. Ríki eiga val um stjórnarstefnu eins og vel sést á þeirri staðreynd að Svíþjóð og Bandaríkin eru með álíka samkeppnishæft atvinnulíf. Menn geta því kosið sænska módelið ef þeim sýnist svo án þess að það bitni á atvinnulífinu.

Hnattvæðingin hefur breytt öllum aðstæðum í atvinnulífi á jörðinni og þar með viðfangsefnum og möguleikum ríkja heims. Þótt val þeirra sé miklu meira en oft mætti ætla af pólitískum umræðum hafa kostirnir breyst. Hnattvæðingin hefur til að mynda gert ríkjum heims ómögulegt að halda gangandi óskilvirku atvinnulífi án mikilli fórna. Einu mikilvægasta einkenni hennar má lýsa sem svo að aukið frelsi fjármagns hafi styrkt stöðu þess gagnvart staðbundnu vinnuafli. Þetta er vegna hnattvæðingar fjármagnsmarkaða, minni hindrana í vegi erlendra fjárfestinga og stórbætts upplýsingaflæðis með nýrri samskiptatækni. Eigendur fjármagns geta ávaxtað fé sitt í hundrað löndum. Fyrirtæki í sífellt fleiri greinum hafa líka að verulegu leyti losnað undan helsi landafræðinnar og geta nú staðsett starfsemi sína, eða einstaka hluta hennar, eftir hentugleikum. Þeir sem selja vinnu sína eru hins vegar yfirleitt öllu bundnari við heimahaga. Rót vandamála í atvinnulífi samtímans er þó enn frekar að flestir eru bundnir við það sem þeir lærðu fyrir löngu. Þess vegna eykst launamunur og störf tapast.

Milljónir manna hafa misst vinnu í Vestur-Evrópu á fáum árum vegna flutnings á starfsemi til annarra heimshluta. Evrópa hefur hins vegar hagnast stórlega á hnattvæðingunni. Vandamálið er því sértækt en ekki almennt. Svarið liggur ekki í almennri efnahagsstefnu heldur í umbótum á menntakerfi og vinnumarkaði. Ástæðurnar fyrir því að háskattalönd Evrópu eru svo samkeppnishæf eru góð menntakerfi og heilbrigðiskerfi sem tryggja skilvirkt vinnuafl. Leiðin til að draga úr atvinnuleysi er að gera menntakerfin enn betri. Þar er samkeppnisforskot Evrópu og því kallar hnattvæðingin ekki endilega á lága skatta heldur á enn betri menntakerfi. Háir skattar eru auðvitað ekki heppilegir. Ef valið stendur hins vegar á milli lágra skatta og stórum betra menntakerfis gefur reynslan skýrar en kannski að einhverju leyti óvæntar vísbendingar.




MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið



Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871









*Góðan dag!*
Í dag er miðvikudagur 26. október, 299. dagur ársins.





## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Friðrik býst við að fara út til Japans sem skiptinemi þegar náminu við HÍ sleppir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Japanskar teiknimyndir gáfu tóninn

***Friðrik Ingimundarson man eftir sér liggjandi yfir japönskum teiknimyndum í bernsku. Síðar heillaðist hann af japanskri tónlist og japönskum bókmenntum og nú nemur hann japönsku við Háskóla Íslands.***

Friðrik er rúmlega tvítugur og er á sínu fyrsta ári í háskóla. Þegar hann er spurður hvers vegna japanskan hafi orðið fyrir valinu svarar hann: „Ég hef oft verið spurður að því áður og hef komist að þeirri niðurstöðu að þættir í japanskri menningu hafi valdið því, svo sem bókmenntir, tónlist og kvikmyndir. Ég hef til dæmis dálæti á rithöfundinum Mura Kami og kvikmyndum eftir Takashi Miike. Ég flutti með fjölskyldu minni til Bandaríkjanna og bjó þar í nokkur ár en ein af mínum minningum frá Íslandi er að ég lá yfir japönskum teiknimyndum.“

Nú drekkur Friðrik í sig þetta torræða mál og er beðinn að lýsa því aðeins. „Þetta er reyndar léttara en það virðist við fyrstu sýn. Ég var dálítið efins fyrst um að ég gæti lært þetta en nú er námið farið að ganga ótrúlega vel. Við rennum yfir japönskuna á eins miklum hraða og við komumst yfir. Svo lærum við japanska sögu og þriðja námsgreinin er samfélag og menning. Allt í allt tekur þetta eitt ár.“ Friðrik kveðst sjá þetta nám við háskólann fyrir sér sem stökkpall inn í frekari stúdíu og býst við að fara út til Japans sem skiptinemi til að byrja með. Hvað framtíðin svo ber í skauti sér kemur í ljós. „Ég hef unnið svolítið sem stuðningsfulltrúi og þá komst ég að því að ég hef gaman af að kenna. Það gæti verið þörf fyrir eins og einn íslenskukennara í Japan. Annars ætla ég bara að fara þangað út og sjá til,“ segir hann að lokum.


gun@frettabladid.is


## LIGGUR Í LOFTINU
**[ Í NÁMI OG FERÐUM ]**

**Útivist** er á leið í jeppaferð í Kerlingarfjöll um helgina. Lagt verður af stað klukkan átta um kvöldið. Ekið verður Kjalveg norður í Kerlingarfjöll og ef vel viðrar verður gengið að Kerlingargjá og Kerlingarfossi. Ferðin er fyrir breytta jeppa og má búast við skörum í ám og jafnvel snjó. Fararstjóri verður Jón Viðar Guðmundsson.



w**Komdu** og skoðaðu líkamann er komið á vefsíðu námsgagnastofnunar. Kennsluefnið samanstendur af nemendabók og fjölbreyttu námsefni með kennsluleiðbeiningum, leikjahugmyndum, verkefnum, sögum og fleiru. Í þessari bók sem einkum er ætluð nemendum í 1. og 2. bekk er fjallað um gerð líkamans, starfsemi og þarfir.

**Yfirheiti** bókarflokksins er Komdu og skoðaðu ... og við gerð efnisins var tekið mið af áherslum í námskrá í náttúrufræði og samfélagsgreinum. Fjölmargar bækur eru í flokknum.

**Daður** og deit er yfirskrift á námskeiði sem haldið er á vegum Mímis. Helga Braga mun á gamansaman hátt fjalla um samskipti kynjanna og mun leggja áherslu á að nemendur læri um allt það sem viðkemur því að daðra og fara og á stefnumót. Námskeiðið er haldið annað kvöld frá kl. átta til rúmlega tíu.




**Jólapakkarnir**
eru fljótafgreiddir í stuttri en snarpri verslunarferð. Kaupmannahöfn er tilvalinn áfangastaður, góðar búðir, mikið úrval og margar flugferðir frá Íslandi á dag.



# Buslað á Breiðafirði

***Nokkrir galvaskir kajakræðarar tóku sér ár í hönd nú í sumar, lögðu sjó undir kjöl og sigldu um eyjar og strauma sunnan Breiðasunds í Hvammsfjarðarmynni. Reynir Tómas Geirsson var fararstjóri fyrir nítján hressa kajakræðara og var ferðin vel heppnuð í alla staði.***

Lagt var af stað í ferðina í byrjun ágúst. Upphafsstaðurinn var bærinn Drangar á Skógarströnd en bærinn er á slóðum hins fræga siglingamanns Eiríks rauða. „Við vorum í tvo daga. Mættum á föstudagskvöldi og lögðum af stað snemma næsta morgun. Eyddum nóttinni í Brokey og héldum til baka daginn eftir,“ segir Reynir. „Við sigldum inn á milli eyjanna og komum við í nokkrum af aðaleyjunum. Við vorum mjög heppin með veður og þetta var roslega fallegt. Félagsskapurinn var líka góður og þetta er allt það sem við erum að sækjast eftir í svona ferðum.“

Reynir segir flesta í ferðinni hafa verið meðlimi Kajakklúbbsins. „Það voru einhverjir með í för sem ekki eru í klúbbnum, bæði reynslumikið fólk og líka fólk sem hefur ekki eins mikla reynslu.“ Reynir segir erfiðleikastig leiðarinnar vera skilgreint sem meðalerfitt og var tilgangur ferðarinnar meðal annars sá að fara niður straumana í mynni Hvammsfjarðar. „Þessir straumar eru töluvert miklir og eru eins og stórfljót á sumum stöðum og það var gaman að reyna við það,“ segir Reynir. „Það er einn straumur þarna sem heitir Brattistraumur og í honum eru töluverðar flúðir og það fara ekki allir niður þennan straum. Formaðurinn okkar og gjaldkeri Kajakklúbbsins fóru niður Brattastraum og það var svolítið æsilegt að fylgjast með því.“ Klúbbfélagarnir settu það ekki fyrir sig að hluti stjórnarmanna legði í slíka hættuferð og fylgdust víst spenntir með. Eftir hættuförina var tekin létt æfing í að róa upp í og yfir straum.



Á siglingu á söguslóðum við Eiríksvog. MYND/SAS

Reynir segir klúbbinn standa fyrir mörgum ferðum á hverju ári sem uppfylla ævintýraþrár kajakræðara. Kajakklúbburinn stefnir nú á að fara árlega í lengri ferðir sem verða í anda þeirrar sem farið var í á Breiðafjörðinn í sumar. Vetrarstarfsemin er alltaf einhver og margir róa saman á föstum tímum á laugardagsmorgnum. Tæplega 300 meðlimir eru í Kajakklúbbnum og til eru vel yfir þúsund kajakar á landinu og einnig eru kajakklúbbar í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Álftanesi. „Það er mjög gott samstarf á milli klúbbanna,“ segir Reynir. „Sumir bjóða upp á árlegar ferðir og þá höfum við slegist í för með þeim.“ Kajakklúbburinn stendur svo fyrir námskeiðum sem haldin eru í Laugardalslaug og eru námskeiðin sérstaklega vel sótt nú í haust.



Sólveig Karlsdóttir bendir til ræðara á Ólafseyjarsundi. MYND/GJB

Aðspurður hvað það sé sem heillar við þessa íþrótt fer Reynir á flug og áhuginn leynir sér ekki. „Það er útiveran og skemmtilegur félagsskapur. Spenningurinn að róa á staði sem maður venjulega myndi ekki fá að sjá og myndi ekki komast að öðruvísi. Maður fær að skoðar fallegt landslag frá öðru sjónarhorni,“ segir Reynir „Ég reri til dæmis með konunni minni hringinn í kringum Viðey síðasta laugardag, það eru ekki margir Reykvíkingar sem gera það.“

*johannas@frettabladid.is*



Reynir Tómas Geirsson fræðir ræðara um staðhætti yfir nesti. MYND/GJB



Reynir Tómas Gestsson kajakræðari á þurru landi.



Þorsteinn Guðmundsson, formaður Kajakklúbbsins, berst við Brattastraum. MYND/GJB



Róið eftir Geysissundi. MYND/SAS

# Róm í nóvember

***10. nóvember er fjögurra daga ferð til Rómar hjá Plúsferðum.***

Fjögurra daga Rómarferð er spennandi valkostur fyrir þá sem eru fullir löngunar að komast í haustferð. Plúsferðir bjóða upp á slíka ferð í nóvember. Lag er af stað 10. nóvember og komið heim þann 14. Verð á mann miðað við tvo í herbergi á Jolly Leonardo er 62.880 krónur. Innifalið í því er flug, gisting með morgunverði, íslensk fararstjórn og skattar.

Allar leiðir liggja til Rómar var eitt sinn sagt. Þar er margt að skoða, menningarverðmæti frá öllum tímum og mannlífið fjölbreytt. Nánari upplýsingar er að finna hjá Plúsferðum.



Ferðamenn í Rómaborg geta skoðað Vatíkanið en komast þó vart á fundi með kardinálum.

**ferðir }**

## Föndur í Þórsmörk

STYTTIST Í FÖNDURHELGI FERÐAFÉLAGSINS



Ferðafélagið stendur fyrir föndurhelgi í Þórsmörk helgina 11.-13. nóvember. Ferðin er tilvalin fyrir alla fjölskylduna til þess að föndra saman og hafa það notalegt. Lagt verður af stað klukkan 14 á föstudeginum og komið til baka á sunnudeginum kl. 18. Boðið verður upp á leiðsögn í föndri. Nánari upplýsingar á vef Ferðafélagsins www.fi.is.

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502
Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-
Gistitilboð
Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jólamorgunverðarhlaðborð.
Aðeins 8.300-



BFGoodrich Dekk
31 x 15 AT
Kr. 13.900 stgr.
33 x 15 AT
Kr. 15.900 stgr.
35 x 15 AT
Kr. 16.900 stgr.



GERIÐ VERÐSAMANBURÐ
NESDEKK
S. 561 4110
Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi.
Bílabúð Benna
Hjólbarðaverkstæði
Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

Opel Corsa eða sambærilegur
Vika í Danmörku
19.350*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
Hertz
www.hertz.is



alt
markvissar auglýsingar
...um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.
Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“
Síminn er 550-5000

# Ferðasýning í Berlín

***Skráning er hafin á eina stærstu ferðasýningu í heimi sem haldin verður í Berlín.***


**FRÁ BERLÍN** Ein stærsta ferðasýning heims verður haldin í Berlín eftir áramót.

Internationale Tourismus-Börse (ITB) er ein stærsta ferðasýning í heimi og hefur sýningin verið haldin árlega í á þriðja áratug. Að þessu sinni verður sýningin haldin í Berlín dagana 8. til 12. mars. Ferðamálaráð Íslands hefur tekið þátt í sýningunni frá upphafi og kynnt þar Ísland og íslenska ferðaþjónustu.

Líkt og á öðrum ferðasýningum erlendis býðst íslenskum ferðaþjónustuaðilum að fá aðstöðu í bás Ferðamálaráðs gegn föstu gjaldi. Ferðamálaráð sér um að útbúa básana og skapa mönnum aðstöðu til að hitta viðskiptavini sína. Sýningarstandar Ferðamálaráðs á þessum sýningum standa einnig opnir erlendum fyrirtækjum er koma að sölu Íslandsferða. Sýningarbás Ferðamálaráðs Íslands á ITB er hluti af sameiginlegu sýningarsvæði Norðurlandanna.

Skráningarfrestur er til 1. desember 2005.


Fagurt er í Þingeyjarsýslum.

# Þingeyingar bjóða til hátíðar

***Hinn 10. nóvember eru allir þeir sem starfa að ferðamálum á Norðurlandi boðaðir til uppskeruhátíðar.***

Uppskeruhátíðin er í boði ferðamálasamtaka Norðurlands eystra og vestra, Ferðaþjónustuklasans, Vaxey og Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi. Markmið hátíðarinnar er að efla samkennd á milli ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi og að ferðaþjónustuaðilar kynnist því sem að önnur svæði hafa upp á að bjóða.

Áætlað er að hátíð sem þessi verði haldin árlega og þá á mismunandi svæðum á Norðurlandi. Í ár eru Þingeyingar gestgjafar og hafa ferðaþjónustufyrirtæki í Þingeyjarsýslum lagt sitt af mörkum til að gera hátíðina sem glæsilegasta. Kostnaður fyrir gesti hátíðarinnar verður eingöngu tengdur ferðalaginu til og frá Húsavík ásamt gistingu. Dagskráin hefst á Húsavík og í framhaldinu verður farið í hringferð um nágrennið með ýmsum uppákomum á leiðinni. Um kvöldið verður svo dagskrá sem kætir bæði líkama og sál.


**HERÐUBREIÐARLINDIR OG LINDARÁ** Á Ferðamálaráðstefnunni árið 2005 verður rætt um samkeppnismöguleika íslenskrar ferðaþjónustu.

# Menningarleg samkeppnishæfi Íslands

***Dagskrá ferðamálaráðstefnunnar 2005 liggur nú fyrir og verður meginþema ráðstefnunnar „Samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu“.***

Að venju verður mikið um dýrðir á árlegri ferðamálaráðstefnu sem haldin verður 27. október á Radisson SAS Hótel Sögu. Þema ráðstefnunnar er „Samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu“. Erindin verða fjölbreytt og koma fyrirlesararnir úr mörgum geirum ferðaþjónustu. Fjallað verður um markaðslega samkeppnishæfni Íslands frá sjónarhorni erlendis seljanda og menningarlega samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Haldin verður kynning á nýju ráðstefnu- og tónlistarhúsi í Reykjavík og farið verður yfir væntanlegar breytingar á Ferðamálaráði með stofnun Ferðamálastofu um næstu áramót. Einnig verða afhent lokaverkefnisverðlaun Ferðamálaseturs Íslands fyrir árið 2005.

Móttaka í boði samgönguráðherra og Höfuðborgarstofu verður um eftirmiðdaginn í Listasafni Reykjavíkur og kvöldverður og skemmtun á Hótel Sögu þar sem venju samkvæmt verða afhent umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands fyrir árið 2005.

Föstudaginn 28. október verður vettvangsferð og kynning á ferðaþjónustu höfuðborgarsvæðisins.




Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir nýir MAZDA TRIBUTE jeppar verð frá **kr. 2.550.000.-**
2ja ára verksmiðjuábyrgð

Umboðsaðilar:
**BSA Akureyri - Sími 462 6300**
**SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444**
**Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100**

X4 ehf.

**Opið virka daga 8-18:30 - Laugardaga 12-16**

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

Upplifðu Ísland
*með Iceland Excursions Allrahanda*



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
**Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!**

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Icelandexcursions Allrahanda · GRAY LINE · FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS www.ferdalag.is

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

allt

Allt um fasteignir
og heimili
á mánudögum í Fréttablaðinu.



**Morgunstund**
gefur gull í mund. Vaknaðu snemma til að læra fyrir skólann.
Hugurinn virkar svo vel á morgnana.



allt
bílar
Alla laugardaga

## Nýtt vefrit

HUGSANDI.IS ER NÝTT VEFRIT

Fræða og menningarritið Hugsandi hefur hafið göngu sína á slóðinni www.hugsandi.is. Titill vefritsins vísar til þess markmiðs ritsins að kynna fyrir umheiminum pælingar fræðimanna og annarra sem niðursokknir eru í pælingar um heiminn.

Vefritið mun leggja áherslu á greinar sem tengjast menningu í víðasta skilningi þess orðs. Fastar birtingar verða á þriðjudögum og fimmtudögum.

Ritstjórar ritsins eru sagnfræðingarnir Unnur María Karlsdóttir og Hrafnkell Lárusson.



Keramik fyrir alla
Barnaafmæli
Bekkjarferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.
Tilboðspakkar
Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.
Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

ráðstefna }



## Rannsóknir í félagsvísindum

Opin ráðstefna í Háskóla Íslands.

Félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands standa næstkomandi föstudag fyrir opinni ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum. Á ráðstefnunni verða alls 33 málstofur með 122 fyrirlestrum um ólík viðfangsefni. Viðskipta- og hagfræðideild stendur fyrir 11 málstofum með 44 fyrirlestrum á sviði stjórnunar, mannauðsstjórnunar, markaðsfræði, hagfræði, nýsköpunar, fjármála og háskólarannsókna. Allir eru velkomnir en dagskrá allrar ráðstefnunnar er að finna á slóðinni: http://www.felags.hi.is/page/radstefnaVI



Bergur Þór Ingólfsson og Ilmur Kristjánsdóttir í hlutverkum sínum í Sölku Völku. Ilmur fer með titilhlutverkið.

# Leiksýning og ópera brotnar til mergjar

*Metnaðarfullir leikhúsgestir og óperuunnendur geta búið sig rækilega undir Sölku Völku og óperuna Tökin hert.*

Leikritið Salka Valka var frumsýnt liðna helgi í Borgarleikhúsinu. Það er eins og kunnugt er unnið upp úr verki Halldórs Laxness. Hrafnhildur Hagalín gerði leikgerðina en Edda Heiðrún Backman leikstýrir. Þær eru báðar á meðal fyrirlesara á námskeiði Mímis um leikritið. Námskeiðið, sem haldið er í samstarfi við Borgarleikhúsið, hefst 1. nóvember og verður haldið á þriðjudögum. Auk þeirra verða fyrirlesarar Halldórs Guðmundsson og Silja Aðalsteinsdóttir.

Endurmenntun Háskóla Íslands stendur hins vegar fyrir námskeiði um óperuna Tökin hert eftir Benjamin Britten í samstarfi við vinafélag Íslensku óperunnar. Fjallað verður um óperuna og auk þess sem einstakir hlutar óperunnar vera teknir til nánari skoðunar með hjálp tón- og mynddæma.

Síðasta kvöldið verður farið á sýningu á Tökin her í Óperunni þar sem færi gefst á stuttu spjalli við nokkra af aðstandendum uppsetningarinnar.

Námskeiðið hefst 1. nóvember.

# Minnismóttaka í tíu ár

*Vísindadagur rannsóknastofu í öldrunarfræðum.*

Rannsóknastofa í öldrunarfræðum heldur næstkomandi föstudag vísindadag í Salnum í Kópavogi undir yfirskriftinni minnismóttakan í 10 ár. Minnistruflun er oftast fyrsta einkenni alzheimers og getur lengi vel verið meginvandamálið sem sjúklingurinn glímir við. Á dagskrá eru nokkrur erindi.

Meðal annars fjallar Jón Snædal yfirlæknir um sögu og hugmyndafræði minnismóttökunnar, hlutverk hennar og þjónustu. Hanna Lára Steinsson félagsráðgjafi fjallar um varnarviðbragðið afneitun hjá sjúklingum, aðstandendum og ekki síst heilbrigðisyfirvöldum. Guðlaug Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur ræðir um þróun í þjónustu og hvernig hún hefur breyst á undanförnum árum, verkefni og framtíðarsýn.

Auk þeirra halda erindi Berglind Indriðadóttir iðjuþjálfi, María K. Jónsdóttir yfirsálfræðingur og Björn Einarsson læknir.



Ekki er gott að hafa skjölin öll í óreiðu.

# Skjölin skipulögð

*Stjórnunarfélag Íslands stendur fyrir námskeiði um skjalastjórnun á næstunni.*

Stjórnunarfélag Íslands stendur fyrir námskeiði í skjalastjórnun mánudaginn 14. og þriðjudaginn 15. nóvember.

Skjalastjórnun er stjórnun á öllum skráðum upplýsingum sem verða til hjá fyrirtækjum og stofnunum. Markmið skjalastjórnunar er að skjölin verði aðgengileg og ávallt tiltæk þegar á þarf að halda. Þetta er ekki síður mikilvægt í dag á tímum tölvutækni og þegar pappírsflóðið var sem mest.

Bent er á það í fréttatilkynningu að rafrænum skjölum jafnt sem pappírsskjölum þarf að stýra eftir skipulögðu ferli.

Á námskeiðinu verður farið í undirstöðuatriði skjalastjórnunar. Leiðbeinandi þess er Sigmar Þormar, framkvæmdastjóri Skipulags og skjala ehf. Námskeiðsgjald eru 30.000 krónur. Kennt verður frá kl. 13-16 námskeiðsdagana í Hamraborg 10, 2. hæð. Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið stjornandinn@stjornandinn.is.

„Þetta námskeið hjálpaði mér að rúmlega fjórfalda lestrarhraða minn. Þetta var framar öllum vonum. Ég vissi ekki að ég gæti lesið hratt.“ Kristján Ó., 18 ára nemi í VÍ
...næsta námskeið er í janúar 2006.
Skráning á biðlista er hafin á www.h.is og 586-9400
Akureyri – 9. nóvember – skráning stendur yfir
HRAÐLESTRARSKÓLINN

# Að hugga og hlusta

*Í kvöld hefst námskeið í Leikmannskóla kirkjunnar undir yfirskriftinni „Að hugga og hlusta“. Kennari er séra Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahússprestur.*



Á námskeiðinu verður fjallað um veruleikann sem mætir fólki þegar glímt er við dauðsföll, veikindi og annan vanda sem ristir djúpt í lífi þess. Skyggnst verður inn í veruleika sorgarinnar og rætt um hvað hjálpar okkur að nálgast fólk í sorg eða erfiðleikum. Oft getur verið erfitt að tjá sig við aðstandendur og er námskeiðinu ætlað að hjálpa fólki að gera sorgarferlið að eðlilegum hluta lífsins.

Séra Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahússprestur hefur mikla starfsreynslu á þessu sviði. Gunnar mun halda fyrirlestra og einnig verða umræður og fyrirspurnir. Námskeiðið er opið öllum. Starfsfólk heilbrigðisstétta, sem umgengst mikið veikt fólk og ættingja þeirra, hópar sem vilja styðja vin í sorg og aðrir aðstandendur hafa nýtt sér þessi námskeið með góðum árangri. Námskeiðið verður haldið í Grensáskirkju og kennt verður í fjögur skipti.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Aukin ökuréttindi
Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!
Kennsla á leigu -, vöru -, hópbifreið og vörubifreið með eftirvagn.
Næsta námskeið hefst 2. nóvember
Upplýsingar og innritun í síma:
567-0300
Ökuskólinn í Mjódd
Þarabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is

bílalind



Nissan Primera Comfort 1600 Wagon 1/2000 ek. 115 þús. km. 100% lán mögulegt. Uppl. í s. 580 8900. www.bilalind.is



Toyota Landcruiser 90 GX 38" sjálfskiptur 1/1998, ek. 158 þús. km. Auka tankur, driflæsingar og margt fleira. V. 3090 þús. Uppl. í s. 580 8900. www.bilalind.is



Nissan Terrano SE 2,7 Disel skr. 6/1999, beinskiptur, 7 manna, dráttarbeisli og fl. 100% lán mögulegt. V. 1650 þús. Uppl. í s. 580 8900. www.bilalind.is

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E
567-1800
Löggild bílasala



M. Benz SL 500 Hrað/blæja, 05/'94, ek. 148 þ. km. Tilboð 2800 stgr.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

AMG AUKARAF




Einföld í notkun, fyrirferðalítil og sparneytin á rafhlöður. Magellan GPS tæki eru á verði frá 14900.- kr . Sjá nánar á heimasíðu okkar www.aukaraf.is

**AMG Aukaraf**
**Dalbrekka 16, 200 Kópavogur**
**Sími: 585 0000**
**www.aukaraf.is**

Hekla
Söluumboð í Reykjanesbæ sími 420 5000



MMC Pajero GLS DID sjálfsk., 11. 2004, ek. 23 þ. km. Verð 5.450.000. Tilboð 5.300.000.



MMC Pajero 2.8 diesel, sjálfsk. 1998, ek. 158 þ. km. Verð 1.700.000.



Daewoo Musso 3.2 sjálfsk., árg. 2000, ek. 63 þ. km. Verð 2.000.000. Tilboð 1.590.000.



MMC Pajero 2.8 diesel, sjálfsk., árg. 1997, ek. 198 þ. km. Verð 1.680.000.



Toyota Landcruiser diesel, sjálfsk., árg. 2000, ek. 87 þ. km. Verð 2.900.000.



MMC Pajero GLS DID sjálfsk., 05.2000, ek. 156 þ. km. Verð 2.950.000.



Ford F-150 d/c sjálfsk. 2003, verð 3.400.000. Tilboð 2.600.000.



MMC Pajero 2.8 diesel, sjálfsk. 1998, ek. 97 þ. km. Verð 1.700.000. Tilboð 1.500.000.



MMC Montero Sport sjálfsk., 2003, ek. 37. þ. míl. Verð 2.150.000.



Jeep Willys CJ 5 beinsk. 1974. Verð 360.000, góður stgr. afsl.



MMC Outlander 2.0, beinsk. 2003, ek. 42 þ. km. Verð 1.900.000.



Toyota Landcruiser sjálfsk. 1997, ek. 161 þ. km. Verð 1.860.000.



Toyota Landcruiser sjálfsk. 1999 ek. 160 þ. km. Verð 2.280.000.



MMC Pajero GLS GDI, sjálfsk. árg. 2000, ek. 97 þ. km. Verð 3.200.000. Tilboð 2.850.000.



Toyota Hilux p/up 350 vél 38" dekk. Verð 970.000.

**Hekla Söluumboð**
**Sími: 420 5000**

SPAR bíll



Nýir Kia Sorento EX og EX Luxe Dísel og V6 bensín til afgreiðslu strax. Sjálfskiptir með eða án leðurinnréttingar, álfelgur. Full ábyrgð. Til sýnis á staðnum. Okkar verð á EX 3.150 þús. Okkar verð á EX Luxe 3.490 þús. Ath ! langt undir listaverði!

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 · Sími 567-4840 og 580-0565



VW Passat 1.6 Comfortline. Árgerð 2000. Ekinn 95 þ. km. Auka felgur, álfelgur, dráttarkúla. Verð kr. 990.000.



M. Benz C 32 AMG V6 Kompressor. 353 hestöfl. Ssk. Árgerð 2002. Ekinn 113 þ. km. Leðuráklæði, litað gler, álfelgur, glertopplúga. Verð kr. 5190.000.



BMW X 5 diesel. Árgerð 2004. Ekinn 18 þ. km. Ssk. Álfelgur, CD magasín, spoiler. Verð kr. 6900.000. Ath. skipti ódýrari.



Lexus IS 300. Árgerð 2001. Ekinn 35 þ. Ssk. Álfelgur, filmur, CD. Verð kr. 2990.000. Ath. skipti ódýrari/dýrari.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777



Toyota Landcruiser 100 Vx disel 7/1998, ssk. temes, grár, ek. 180 þ. km, 1 eigandi. V. 3350 þús. Einnig árg. 2001 á 38", verð 5950 þús.



Landrover Defender 110 7/2004, 5 g., 35" dekk, blár, ek. 12 þ. km. Verð 3480 þús.



MMC Pajero Sport 2.5 disel, 3/2000, 5 g., 35" dekk, ek. 104 þ. km. Verð 1790 þús.



Suzuki Vitara disel turbo 12/1997, ssk., ek. 161 þ. km. Verð 690 þús.



Skoda Octavia 1.6 stw 11/1999, 5 g., ek. 56 þ. km, blár. Verð 790 þús.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**



Fellihýsi. UTAH árg. 2005 útdraganleg hlið, einn með öllu. Verð kr. 1.630.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720. www.vikurverk.is



Pallhús. Shadow crouser árg. 2005. Glæsilegt pallhús með öllu. Verð tilboð. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is

VÍKUR V·E·R·K



Fellihýsi. Cheyenne árg. 2000 með sólarsellu, skyggni og fl. Verð kr. 930.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720. www.vikurverk.is

Fellihýsi Mustang xl árg. 2004, 12 fet með hörðum hliðum og fortjaldi. Verð kr. 1.520.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is



Fellihýsi. Cheyenne árg 2000. Verð kr. 870.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is

Fellihýsi Sedona árg. 2004 með fortjaldi og fl. Verð kr. 1.290.00. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is

BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA



MMC PAJERO. Árgerð 2003. Ekinn 50 þúsund km. Diesel 2,5 beinskiptur – 7 manna. Upphækkaður á 35" dekkjum. Ektagóður fjallabíll Verð kr. 3.600.000. Skipti athugandi á ódýrari.

FORD F-150 CREW-CAP LARIAT (innfluttur nýr af Brimborg). Árgerð 2004 Ekinn 17 þúsund km. Bíll hlaðinn aukabúnaði s.s. leður, rafmagn í öllu, lok á skúffu og margt fleira.Verð kr. 3790.000. Skipti á ódýrari möguleg.



VOLVO V70 XC CROSS COUNTRY. Árgerð 2001. Ekinn 96 þúsund km. 7 manna sjálfskiptur. Rosalega flottur litur og þessi bíll er með öllum aukabúnaði. Verð kr. 2.990.000. Skipti á ódýrari möguleg.

MERCEDES BENZ C 240 (innfluttur af Öskju). Árgerð 2005. Ekinn 6 þúsund km. Nánast nýr bíll. ABS, ESP, rafmagn í öllu, geislaspilari, sumar/vetardekk. Verð kr. 4.890.000. Skipti athugandi á ódýrari/dýrari.



RANGE ROVER HSE 4.6. Árgerð 2000. Ekinn 141 þúsund km. Óvenjulega fallegt og vel með farið eintak. Hlaðinn aukabúnaði. Verð kr. 2.850.000. Skipti möguleg á ódýrari.

TOYOTA COROLLA H/B 1.4 VVTI. Árgerð 2004. Ekinn 22 þúsund km. Beinskiptur 5 gíra. Eins og nýr úr kassanum. Verð kr. 1.650.000. Engin skipti.



TOYOTA COROLLA LIFTBACK TERRA. Árgerð 2000. Ekinn aðeins 54 þúsund km. Einn eigandi. Vetrardekk á felgum fylgja. Óaðfinnanlegt eintak. Verð kr. 1.150.000. Engin skipti.

CHEVROLET SILVERRADO 2500 DURAMAX 6.6 TÚRBÓ. Árgerð 2002. Ekinn 101 þúsund km. Verklegur pickup á góðu verði.Leðurinnrétting, lok á palli og margt fleira. Verð kr. 3.300.000. Skipti á ódýrari möguleg.



MERCEDES BENZ ML 320 SPORT. Árgerð 2001. Ekinn 74 þúsund mílur. AMG útlitið, leður, DVD, álfelgur (2 sett) litað gler og margt margt fleira. Verð kr. 3.490.000. Skipti á ódýrari möguleg.

FORD BRONCO – gamall og góður. Árgerð 1971. Ekinn 160 þúsund km. Nýskoðaður í góðu standi. Ný dekk. Mikið af boddíhlutum fylgir með. Einn eigandi frá upphafi. Verð TILBOÐ.

**Bílahornið**
**Funahöfða 5**
**S: 567-2400**
**www.bilahornid.is**

**Opnunartími 10-18 alla virka daga og 12-16 laugardaga**
**Eigum pláss fyrir nýlega bíla í stórum björtum innisal okkar.**

## VESPUR TIL SÖLU

**Haust útsala**
á 125 CC Vespum.
Verð áður: 198.000 þús
Verð nú: 169.000
Með götuskráningu
meðan birgðir endast.
Sími 587 1135
helgar 845 5999
VÉLHJÓL & SLEÐAR
S: 5871135 Stórhöfða 16



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa



Miðvikudagur 26. október 2005 – 30. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



**Hægir á vexti McDonald's**

Ekki nógu hollur biti



2

**Fjárfestirinn með járnkarlinn**

Pálmi Haraldsson á flugi



12-13

**Fyrsta afurð Mjólku**

Feti kominn á markað



7


# Ármann forstjóri

## Singer & Friedlander 19. stærsti banki Bretlands.

„Þetta er mjög spennandi verkefni og umfang starfseminnar er meira en ég hef áður fengist við," segir Ármann Þorvaldsson nýráðinn forstjóri breska bankans Singer & Friedlander, sem KB banki tók yfir í sumar. Áður gegndi Ármann stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar en nú stýrir hann allri starfsemi KB banka í Bretlandi.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er Singer & Friedlander 19. stærsta fjármálafyrirtæki Bretlands miðað við eigið fé.

„Nú er unnið að því að sameina starfsemi Singer og Kaupþings í London. Síðan liggur fyrir að við ætlum að láta fyrirtækið vaxa og auka hagnaðinn," segir Ármann aðspurður um framhaldið. Vorið 2006 flytji öll starfsemin undir sama þak í London þar sem um 500 manns muni vinna.

Tony Shearer, sem gegnt hefur starfi forstjóra Singer & Friedlander, mun starfa við hlið Ármanns út nóvember. Aðspurður um brotthvarf hans segir Ármann það í góðri sátt. Forsendur hafi breyst; Singer sé ekki lengur skráð félag heldur dótturfélag KB banka.

Við starfi Ármanns tekur Helgi Bergs en hann hefur áður starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka á samstæðugrundvelli við hlið Ármanns. . **- hb/bg**

Útrásarvísitalan lækkar:

# DeCode hækkar

DeCode hækkaði mest allra félaga í úrvalsvísitölunni milli vikna eða um 4,75 prósent. Lækkanir einkenndu félög í útrásarvísitölunni en breska félagið NWF lækkaði mest milli vikna eða um 10,63 prósent. Ellefu félög af fimmtán lækkuðu milli vikna og mælist útrásarvísitalan nú 105,54 stig og lækkar um 2,98 prósent frá því í síðustu viku. **- hb**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**EasyJet hækkar** | Gengi í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet hækkaði mjög í vikunni og náði sínu hæsta gildi í gær þegar bréfin fóru yfir 300. Þetta má rekja til væntinga um áframhaldandi kaup FL Group í fyrirtækinu. FL Group á nú um þrettán prósent í félaginu.

**Keypti Sterling** | FL Group og Fons eignarhaldsfélag undirrituðu samning á sunnudag um sölu á Sterling til FL Group fyrir 15 milljarða króna.



**Nýr Greenspan** | George Bush Bandaríkjaforseti tilnefndi Ben Bernanke, einn af efnahagsráðgjöfum stjórnarinnar, sem arftaka Alans Greenspan, seðlabankastjóra Bandaríkjanna. Bernanke tekur við starfinu 31. janúar þegar Greenspan lætur af störfum.

**Lækkar hámarkslán** | Landsbankinn hefur ákveðið að lækka hámark íbúðalána úr 90 prósentum í 80 prósent af markaðsvirði eigna. Hvorki KB banki né Íslandsbanki ætla að lækka hámarkshlutföll að svo stöddu. SPRON veitir 80 prósenta lán að hámarki.

**1.100 milljarðar** | Heildareignir lífeyrissjóðanna voru orðnar 1.100 milljarðar í lok ágúst og höfðu aukist um 123 milljarða frá áramótum. Ef eignum lífeyrissjóðanna væri skipt niður á hvert mannsbarn fengi hvert og eitt 3,7 milljónir króna í sinn hlut.

**Hannes forstjóri** | Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, er nýr forstjóri félagsins. Ragnhildur Geirsdóttir hefur látið af starfi og hættir hjá félaginu. Skarphéðinn Berg Steinarsson tekur við stjórnarformennsku af Hannesi.

# Aukinn áhugi FL Group á easyJet

## Forstjóri FL Group segist hafa mikinn áhuga á easyJet. Eftir söluna á Sterling er fjárfestingargeta félaga Pálma Haraldssonar á bilinu 30 og 50 milljarðar.

„Auðvitað höfum við mikinn áhuga á þessu félagi," segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, um fjárfestingar félagsins í easyJet. Hann vill þó ekkert segja um næstu skref FL Group vegna strangra yfirtökureglna í Bretlandi.

Í breska blaðinu The Independent í gær segir að kaupin á Sterling geri hlutabréf í easyJet enn eftirsóttari fyrir FL Group. Næstu skref hljóti að vera tilraun til yfirtöku á félaginu. Það geti þó verið erfitt því sannfæra verði auðkýfinginn Stelios Haji-Ioannou, sem á um 40 prósent í félaginu, um að selja sinn hlut.

Hlutabréf í easyJet hækkuðu um sex prósent í gær og hafa hækkað um ellefu prósent frá því að tilkynnt var um kaup FL Group á Sterling.

Dönsku blöðin veltu fyrir sér í gær hver hagnaður Fons af bréfunum í Sterling er og hvert kaupverðið á Maersk-flugfélaginu var, sem rann svo saman við Sterling. Pálmi Haraldsson, einn eigandi Fons, vill ekki gefa upp kaupverðið á Maersk en segist hafa keypt Sterling á fjóra milljarða. Hann vill þó taka fram að það sé fjarri lagi að hann hafi hagnast um tíu eða ellefu milljarða króna eins og hafi komið fram í fjölmiðlum. Hann leggur mikla áherslu á trú sína á Sterling og að FL Group hafi gert góð kaup.

Eftir sölu Fons á Sterling hafa félög í eigu Pálma Haraldssonar, Fengur og Fons, mikla burði til að láta til sín taka. Pálmi getur ekki gefið upp eigið fé félaganna. „Ég get þó sagt að fjárfestingargeta félaganna Fengs og Fons er á bilinu þrjátíu til fimmtíu milljarðar eftir eðli verkefna. Þá geta menn séð styrk þessara félaga."

Nokkur gustur hefur verið um FL Group að undanförnu en ekki er langt síðan þrír stjórnarmenn sögðu sig úr stjórn félagsins. Engar skýringar fengust þá á skyndilegu brotthvarfi þeirra þegar Markaðurinn leitaði eftir því. Þá varð samkomulag milli stjórnar félagsins og forstjórans, Ragnhildar Geirsdóttur, að hún lyki störfum hjá félaginu í síðustu viku.

Hlutabréf í FL Group hafa hækkað lítið í Kauphöll Íslands eftir að tilkynnt var um þessi viðskipti á sunnudaginn.


**- sjá fréttaskýringu á bls. 10 og úttekt í miðopnu**


# Gott uppgjör hjá Íslandsbanka

## Rekstargjöld minni en búist var við. Hreinar vaxtatekjur stóraukast.

Hagnaður Íslandsbanka nam 4,8 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi en var 3,7 milljarðar á sama tíma í fyrra. Er þetta tölovert betri árangur en spáð hafði verið en meðaltalsspáin hljóðaði upp á 4.228 milljónir.

Hagnaður bankans fyrstu níu mánuði ársins er því orðinn um 15,4 miljarðar króna sem er met í sögu hans.

Hreinar vaxtatekjur námu 6,7 milljörðum króna á tímabilinu og hækkuðu um 3,8 milljarða milli ára eða um 130 prósent. Útlán bankans hafa meira en tvöfaldast frá áramótum.

Aðrar rekstrartekjur voru um 2,8 milljarðar sem er lækkun upp á fjórtíu prósent á milli ára. Samanlagðar tekjur eru því 9,5 milljarðar og hækka um 1,3 milljarða milli ára. Ein skýring á því að uppgjör bankans var umfram væntingar markaðarins liggur í minni kostnaði en búist var við. Rekstrargjöld voru 3,5 milljarðar en voru til samanburðar 3,2 milljarðar í fyrra. Kostnaðarhlutfall á fjórðungnum, það er hlutfall kostnaðar af tekjum, var því um 36 prósent sem er svipað hlutfall og fyrir árið í heild. Markaðsaðilar höfðu spáð að hlutfallið yrði 40 prósent.

Heildareignir samstæðunnar eru komnar í 1.319 milljarða króna og hafa aukist um 95 prósent frá áramótum. Eigið fé Íslandsbanka er orðið 76 milljarðar króna. **- eþa**

**AFKOMA ÍSLANDSBANKA Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI**
*(í milljónum króna)*

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 4.801 |
| KB banki | 4.400 |
| Landsbankinn | 4.055 |
| Meðaltalsspá | 4.228 |




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | -4% | 10% |
| Bakkavör Group | 0% | 80% |
| Flaga Group | -6% | -41% |
| FL Group | -1% | 43% |
| Grandi | -1% | 16% |
| Íslandsbanki | -1% | 34% |
| Jarðboranir | -2% | 6% |
| Kaupþing Bank | 0% | 36% |
| Kögun | -1% | 16% |
| Landsbankinn | 1% | 83% |
| Marel | 0% | 30% |
| SÍF | 0% | -8% |
| Straumur | 0% | 38% |
| Össur | -1% | 23% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Ekki hugsað til Iceland Express

### Heimsferðir leggja áherslu á Skandinavíu.

Andri Már Ingólfsson, forstjóri Heimsferða, segir félagið ekki hafa skoðað hvort það muni leggja fram tilboð í Iceland Express en eigendur Iceland Express hafa nú tilkynnt að þeir munu selja félagið í kjölfar þess að þeir hafa eignast hlut í FL Group.



„Við höfum lagt aðaláherslu á að vaxa í Skandinavíu en það hefur verið mikill vöxtur í okkar starfsemi bæði þar og hér heima. Iceland Express er eitthvað sem við höfum ekki leitt hugann að,“ segir Andri Már. - hb

**ANDRI MÁR INGÓLFSSON, FORSTJÓRI HEIMSFERÐA** Leggja aðaláherslu á að vaxa í Skandinavíu.

# Skuldabréfaútgáfan komin í 92 milljarða

Skuldabréfaútgáfa erlendra aðila í íslenskum krónum er nú komin í 92 milljarða króna samkvæmt upplýsingum frá greiningardeild KB banka. Gefin voru út skuldabréf fyrir 6 milljarða króna í síðustu viku en til samanburðar má geta þess að útflutningsverðmæti sjávarafurða var um 123 milljarðar á síðasta ári.



Gengisvísitala íslensku krónunnar er nú í um 101 stigi en margir búast við því að hún muni fara niður fyrir 100 stig á næstu dögum ekki síst ef skuldabréfaútgáfan tekur kipp að nýju. - hb

**GENGISVÍSITALA STEFNIR NIÐUR FYRIR 100 STIG** Aðeins hefur hægt á skuldabréfaútgáfu erlendra aðila í íslenskum krónum en hún stendur nú í 101 stigi.

# Afurð Mjólku á markað

### Í vikunni var fetaosti dreift til stóreldhúsa.

Fetaostur sem Mjólka framleiðir fór á markað á mánudaginn. Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir ostinn framleiddan undir nafninu Feti og fari fyrst til stóreldhúsa og veitingastaða. Hann vilji fá umsögn fagaðila um vöruna áður en hún fari á neytendamarkað.

Aðspurður af hverju Mjólka framleiðir fetaost en ekki aðra mjólkurafurð segir Ólafur framleiðsluferlið stutt. Hins vegar hefjist framleiðsla á öðrum vörum í kjölfarið. Þar skipti samstarf við Vífilfell miklu, sem keypti 34 prósent í Mjólku nýverið. Vífilfell sé eitt stærsta framleiðslufyrirtæki landsins og búi yfir mikilli markaðsþekkingu. Hann vill ekki upplýsa hvers konar vörur verði framleiddar.



**ÓLAFUR M. MAGNÚSSON** Ekki niðurgreiddur með skattfé.

Mjólka nýtur ekki ríkisstuðnings eins og stóru mjólkursamsölurnar. Ólafur segist ætla að keppa í gæðum, fjölbreytni og handhægum umbúðum. Í raun hafi neytendur strax fengið um 50 prósenta afslátt af hans vöru því skattgreiðendur niðurgreiði hana ekki eins og vörur annarra mjólkurframleiðenda. - bg

# Losnar um í Festingu

### Leiðir fyrrverandi viðskiptafélaga skilja.

Straumur-Burðarás kaupir meirihluta hlutafjár í Festingu samkvæmt heimildum Markaðarins. Með því leysist langvinn deila milli hluthafa félagsins sem rekin hefur verið á skrifstofu sýslumanns, með lögbannsbeiðnum, og átti að taka fyrir hjá dómstólum. Þessi lausn er síðasta skrefið á aðskilnaði fyrrverandi viðskiptafélaganna í Sundi ehf. og Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa. Áður hafði Straumur-Burðarás keypt hlut Sunds-manna í Keri, sem er að meirihluta í eigu Ólafs.



**Á LEIÐ TIL SÝSLUMANNS** Jóhann Halldórsson, framkvæmdastjóri Festingar, og Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður á leið til fulltrúa sýslumannsins þar sem stærstu eigendur Kers kröfðust lögbanns á hlutafjáraukningu Festingar.

Festing á og rekur eignir Olíufélagsins Esso og Samskipa, sem er stjórnað af Keri. Í mars síðastliðnum ákvaðu tveir stjórnarmenn að auka hlutafé Festingar, í samræmi við samþykkt aðalfundar en í andstöðu við fulltrúa Ólafs Ólafssonar, og selja það félagi í eigu framkvæmdastjóra Festingar. Náðu þeir þannig yfirráðum í félaginu. Um lögmæti þessa snerist deilan. Hluturinn sem Straumur-Burðarás kaupir var í eigu Sund ehf., Nordic Partners og Angus, félags framkvæmdastjórans. – bg

# Gera auglýsingar fyrir alþjóðamarkað

### Auglýsingastofan Jónsson & Le'macks var valin til að búa til auglýsingar fyrir erlendan áfengisframleiðanda.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Við vorum heilluð af auglýsingum eftir Jónsson & Le'macks. Þær eru bæði frumlegar og skemmtilegar eins og sést á auglýsingum 66 gráður norður. Meðal annars af þeim ástæðum ákváðum við að fá þá stofu til að hanna auglýsingar fyrir Reyka-vodka,“ segir Elwyn Gladstone, þróunarstjóri William Grants & Sons sem er alþjóðlegur bandarískur áfengisframleiðandi.

Viggó Örn Jónsson, einn eigenda Jónsson & Le'macks, segir samninginn við William Grants ganga út á hönnun og gerð kynningarefnis og auglýsinga fyrir Reyka-vodka. Það verði notað til að koma vörunni á framfæri – fyrst og fremst í Bandaríkjunum en einnig í Evrópu. Til dæmis verði kynningarefni hannað af þeim notað á alþjóðlegri sölusýningu fríhafnarverslana í Cannes 1. nóvember.

„Tekjur okkar verða stöðugri með þessum samningi en við rukkum einnig fyrir einstök verkefni. Það er líka skemmtilegt að gera áfengisauglýsingar, sem eru bannaðar á Íslandi. Þetta stækkar því markaðinn fyrir okkur og er um leið spennandi verkefni fyrir metnaðarfullt starfsfólk, sem er undir-



**STARFSFÓLK JÓNSSON & LE'MACKS** Reyka-vodki er framleiddur af alþjóðlegum áfengisframleiðenda á Íslandi. Starfsfólk Jónsson & Le'macks fékk það verkefni að hanna og búa til auglýsingar fyrir Reyka-vodka sem notaðar verða meðal annars í markaðssetningu í Bandaríkjunum.

staðan í starfsemi allra auglýsingastofa,“ segir Viggó aðspurður um þýðingu þessa verkefnis.

Elwyn segir William Grant hafa keypt bruggverksmiðju í Skotlandi og flutt hana til Borgarness. Hreinleiki Íslands skipti miklu máli í markaðssetningu Reyka-vodka. Þetta sé eini áfengi drykkurinn í heimi þar sem jarðhiti er notaður til eimingar og hreina vatnið þekki allir. Til að koma þessari hugsun á framfæri notfæri fyrirtækið sér þekkingu Íslendinga. Fjalar Sigurðsson hjá Inntaki hafi meðal annars séð um kynningarmál.

Viggó segir mjög sjaldgæft að íslenskar auglýsingastofur séu fengnar til að auglýsa fyrir erlend stórfyrirtæki í útlöndum. Þetta sé þróunarvinna sem byggi á því að skapa ímynd Reyka-vodka og koma réttum áherslum til skila. Vörumerkið sé nýtt og því skiptir máli að vita hvað virki og hvað ekki.

**Hreinleiki Íslands skipti miklu máli í markaðssetningu Reyka-vodka.**

Verk og vit 2006

Tryggðu þér svæði
- bókaðu núna á verkogvit.is

Stórsýningin Verk og vit
– íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð
í Laugardalshöllinni, íþrótta- og sýningahöll.
16.–19. mars 2006

Þeir sem skrá sig á sýninguna fyrir 28. október nk. fá 10% afslátt af fermetraverði á sýningarrými

Samstarfsaðilar: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Landsbankinn, ÍSTAK

AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavík · sími 511 1230 · fax 511 1232 · www.appr.is · www.verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

þróunarfélag | property development

ÞYRPING

# Skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26 til leigu



norður

Að Borgartúni 26 mun rísa sérhannað 12.000 m$^2$ skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Bílageymslur verða undir húsinu og munu þær rúma um 200 bíla.

Húsnæðið verður á átta hæðum á þessum mikla útsýnisstað í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur. Það verður sérhannað út frá þörfum leigutaka, með rúmgóðum skrifstofum í háum gæðaflokki.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga í byrjun árs 2007.



vestur



suður



austur

Þyrping hf, Kringlunni 4–12, 103 Reykjavík

sími 594 4200
fax 594 4201
netfang thyrping@thyrping.is
vefslóð www.thyrping.is

# Hamar og VSA sameinast

Hamar ehf. hefur keypt öll hlutabréf í Véla- og stálsmiðjunni ehf. á Akureyri. Hamar hefur rekið vélsmiðjur bæði á Eskifirði og í Kópavogi en starfsemi félagsins hefur einkum verið fólgin í viðhaldi á skipum og þjónustu við stóriðjuframkvæmdir. Félögin munu sameinast frá og með 1. nóvember næstkomandi. Með sameiningunni hyggst félagið ná fram hagræðingu í rekstri og flytja fleiri verkefni til Akureyrar þar sem mikið álag er á öðrum verkstæðum. **- hb**



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Hamar hefur meðal annars komið að framkvæmdum við nýtt álver á Eskifirði.

# Gunnlaugur í stað Þórólfs

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, nýkjörinn stjórnarformaður Icelandic Group, mun jafnframt sinna störfum forstjóra félagsins. Var þetta ákveðið á stjórnarfundi að loknum hluthafafundi á mánudaginn. Samkvæmt heimildum Markaðarins er því ekki verið að leita að nýjum forstjóra.

Þórólfur Árnason, sem hafði verið forstjóri í tæpa fimm mánuði, var sagt upp störfum í kjölfar þess að nýir hluthafar tengdir Eimskipafélaginu komu inn í félagið.

Gunnlaugur Sævar kynnti á hluthafafundinum skipulagsbreytingar sem væru framundan hjá Icelandic Group. Undir móðurfélaginu verða tvö dótturfélög: Icelandic Europe og Icelandic USA og Asía. Á þetta að auðvelda samþættingu fyrirtækja samstæðunnar sem og ytri vöxt með sameiningum og fjárfestingum.

Starfsemi Icelandic í Bandaríkjunum og Asíu verður rekin sem ein rekstrareining. Yfir henni verður Ellert Vigfússon.



# Hlutur smærri eigenda þynntur

## Litlir hluthafar í FL Group fá ekki að taka þátt í aukningunni nema þeir leggi fram fimm milljónir.

Hlutur smærri fjárfesta í FL Group verður þynntur verulega út á næstunni gangi áætlanir stjórnar félagsins eftir um aukningu hlutafjár fyrir 44 milljarða að markaðsvirði. Útboðinu er beint til fagfjárfesta og verða lágmarkskaup hvers fjárfestis fimm milljónir króna.

„Við töldum að það passaði betur miðað við aðstæður að fara í lokað hlutafjárútboð og stefna á stærri fjárfesta. Kannski förum við í hlutafjárútboð til smærri hluthafa síðar," segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group.

Stærstu hluthafar FL Group hafa tilkynnt um þátttöku sína í útboðinu, þar á meðal Oddaflug, eignarhaldsfélag Hannesar Smárasonar, Katla Holding og Baugur Group.

Útboðsgengi er 13,6 krónur sem er undir markaðsgengi síðustu daga.

Hluthafi, sem á eitt prósent fyrir aukninguna, á aðeins 0,4 prósent að henni lokinni að því gefnu að hann leggi ekki fram fimm milljónir. Nafnverð hlutafjár er um 2,5 milljarðar króna fyrir aukningu en verður eftir hana 6,3 milljarðar. Aukningin er því 150 prósent. **- eþa**

# Ráðningastofa ræður 400 fyrir Alcoa-Fjarðaál

Alcoa Fjarðaál og ráðningarstofan IMG Mannafl-Liðsauki hafa gert með sér samning um að Mannafl-Liðsauki ráði alla starfsmenn fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði til starfa eða um 400 manns. „Þetta er sennilega stærsti einstaki ráðningarsamningur sem gerður hefur verið á Íslandi. Við gerum ráð fyrir að um 250 manns komi til starfa strax í byrjun næsta árs og svo um 130 til starfa á árinu á eftir en þegar hafa um 20 hafið störf," segir Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri IMG Mannafls-Liðsauka.

Hann segir að miðað sé við full stöðugildi og allir starfsmenn muni hafa búsetu á Reyðarfirði. „Við leggjum áherslu á að fá bæði kynin í vinnu en þetta eru sérfræðistörf, störf fyrir fólk með iðnmenntun og störf fyrir fólk með almenna menntun. Álverið er sérhannað til þess að gera konum auðvelt að starfa þar," segir Gunnar. **- hb**



**ÁLVERSSTÆÐI Á REYÐARFIRÐI** Hér mun fyrirhugað álver Alcoa-Fjarðaáls rísa á Reyðarfirði en ráða þarf um fjögur hundruð manns til starfa í álverinu.

**400 MANNS TIL ALCOA-FJARÐAÁLS**

| | |
|---|---|
| Almenn menntun | 248 |
| Iðnmenntun | 61 |
| Háskólamenntun | 91 |

# Hækkun fasteignaverðs ofmetin

## Veruleg skekkja á verðmælingum fasteigna getur leitt af sér milljarða tap fyrir heimili landsins.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Verðhækkanir á fasteignum hafa að jafnaði verið ofmetnar frá ársbyrjun 2003," segir Ásdís Kristjánsdóttir sem nýlega lauk mastersnámi í hagfræði við Háskóla Íslands. Í lokaritgerð sinni rannsakaði hún fasteigna- og lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu.

Ásdís segir að frá byrjun árs 2003 til annars ársfjórðungs 2005 hafi vísitala fasteignaverðs fyrir fjölbýlishús, sem Fasteignamat ríkisins reiknar út, verið ofmetin um 11,9 prósent. Sé sama vísitala fyrir sérbýli skoðuð komi einnig í ljós ofmat um 7,1 prósent.

Ásgeir Jónsson, lektor við Háskóla Íslands og leiðbeinandi Ásdísar í téðu meistaraverkefni, segir hækkun fasteignaverðs leiða til hækkunar vísitölu neysluverðs. Því skipti nákvæmni mælinga gríðarmiklu máli þar sem flest íslensk lán séu verðtryggð. Seðlabankinn hafi líka tölulegt verðbólgumarkmið sem miðist við neysluverðsvísitöluna. Á síðustu einu til tveimur árum hafi mátt rekja mestan hluta af verðbólgunni hér á landi til hækkunar fasteignaverðs. Ef fasteignaverð hefði ekki verið tekið með væri verðbólga á Íslandi nálægt 0 til 1%.

„Það skiptir miklu máli að hækkun fasteignaverðs sé rétt mæld og tekið sé tillit til gæðaþátta, svo sem þegar nýtt húsnæði kemur inn á markaðinn. Það er hins vegar ekki gert við núverandi verðbólgumælingar sem nýta ógæðaleiðréttan mælikvarða á húsnæðisverð. Af þeim sökum gæti einhver skekkja verið til staðar í verðmælingum sem gætu leitt af sér milljarða tap fyrir heimili landsins vegna ofáætlaðrar verðtryggingar. Hér er um að ræða mjög klassísk vandamál við mælingar verðbólgu. Oft getur verið mjög erfitt að áætla áhrif gæðaþátta en vegna þess hve húsnæði hefur mikið vægi í vísitölu neysluverðs skipta gæðaleiðréttingar sérstaklega miklu máli," segir Ásgeir.

Ásdís bjó til gæðaleiðrétta vísitölu fasteignaverðs. Notaði hún alla þá gæðaþætti sem eru marktækir og eru að finna í kaupsamningum seldra eigna. „Vísitalan metur þróun fasteignaverðs með nákvæmari hætti þar sem hún leiðréttir mismunandi gæðaþætti fasteigna. Gæðaleiðrétt vísitala fasteignaverðs sýnir því hvernig fasteign sem er eins af gæðum hefur verið að þróast yfir ákveðið tímabil, það er hvernig nákvæmlega sama fasteignin hefur verið að þróast yfir ákveðinn tíma," segir hún.

Auk Ásgeirs var Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur leiðbeinandi Ásdísar.



Markaðurinn/Heiða

**RANNSAKAÐI FASTEIGNAVERÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU** Ásdís Kristjánsdóttir komst að þeirri niðurstöðu að verðhækkanir á fasteignum frá árinu 2003 séu að jafnaði ofmetnar. Munurinn nemi allt að 11,9 prósentum á verði eigna í fjölbýlishúsum.

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

spron
VERÐBRÉF
– leið til árangurs

Með viðbótarlífeyrissparnaði
leggur þú grunn
að lífsgæðum síðar á ævinni.
SPRON Verðbréf býður upp á
ýmsar fjárfestingarleiðir
og persónulega og faglega
ráðgjöf til að finna þá leið
sem þér hentar.



VERÐBRÉFASJÓÐIR – VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA – EIGNASTÝRING – **LÍFEYRIR** – FJÁRMÁLARÁÐGJÖF

TÖLVULISTINN

# ÓTRÚLEGT VERÐ

Það hefur aldrei verið ódýrara að kaupa HP geislaprentara




## HP 4650DN ColorLaser

**Afkastamikill lita laser** prentari frá HP fyrir meðalstór fyrirtæki með **innbyggðu netkorti** svo allir í fyrirtækinu geti prentað án vandræða. HP 4650dn er **afkastamikill** prentari sem er **15 sek** að prenta fyrsta blað og prentar allt að **22 bls** í lit á mínútu. Hann er með **600 bls** fjölnotabakka og **Duplex** (getur prentað báðu meginn á blaðið sjálfvirkt). Tengist beint í beini eða USB2 tengi. HP 4650dn er **hvergi** á betra verði og kemur með **2ja** ára ábyrgð til fyrirtækja sem einstaklinga.

# VERÐ 129.900

Lægsta auglýsta verð frá samkeppnisaðilum 231.600 kr

hp ® invent

VISA OG EURO TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG INNSLÁTTARVILLUR • TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Reykjavík • Nóatúni 17 • ☎ 562 6730 | Akureyri • Glerárgötu 36 • ☎ 464 7400 | Keflavík • Hafnargötu 90 • ☎ 534 7400

## ÚTRÁSARVÍSITALA 105,54 -2,98%

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 10,11 | Lev | 37,10 | -4,59% |
| Carnegie | Svíþjóð | 94,50 | SEK | 7,56 | -5,03% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 28,30 | SEK | 7,56 | -6,48% |
| deCode | Bandaríkin | 8,64 | USD | 60,39 | 4,75% |
| EasyJet | Bretland | 2,83 | Pund | 106,74 | 0,18% |
| Finnair | Finnland | 10,40 | EUR | 72,11 | -3,58% |
| French Connection | Bretland | 2,44 | Pund | 106,74 | -3,12% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 67,50 | SEK | 7,76 | 0,37% |
| Keops | Danmörk | 18,90 | DKR | 9,83 | -6,44% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,09 | Pund | 106,74 | -0,44% |
| NWF | Bretland | 5,70 | Pund | 106,74 | -0,63% |
| Sampo | Finnland | 12,55 | EUR | 72,11 | -2,89% |
| Saunalahti | Finnland | 2,44 | EUR | 72,11 | 0,33% |
| Scribona | Svíþjóð | 15,60 | SEK | 7,56 | -3,14% |
| Skandia | Svíþjóð | 39,20 | SEK | 7,56 | -4,22% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Stálsmiðja seld í beinni útsendingu



Stærsti stálframleiðandi heims, Mittal Steel, tryggði sér úkraínsku stálsmiðjuna Kryvorizhstal á uppboði í beinni útsendingu á mánudag. Tilboðið var slegið á 4,8 milljarða bandaríkjadali sem jafngildir rúmlega 290 milljörðum íslenskra króna. Þetta er stærsta erlenda fjárfesting sem gerð hefur verið í fyrrum Sóvétríkjunum. Með sölu stálsmiðjunnar var Viktor Jústsjenko, forseti Úkraínu, að efna kosningaloforð. Hann hefur einsett sér að sanna fyrir erlendum fjárfestum að þar séu vænlegir fjárfestingakostir.

Tuttugu prósent af allri málmframleiðslu landsins fer fram í Kryvoizhstal. Ekki voru allir sammála forsetanum um ágæti sölunnar. Mótmælendur söfnuðust saman meðan á uppboðinu stóð og héldu á skiltum sem á stóð „Fólkið á Kryvorizhstal“. - hhs

## SÖGUHORNIÐ

# Mitterrand kemur í heiminn



**FRANCOIS MAURICE ADRIEN MARIE MITTERRAND** Hann var umdeildur stjórnmálamaður og honum var umhugað um að eiga sérstakan sess í sögunni.

Á þessum degi árið 1916 fæddist Francois Maurice Adrien Marie Mitterrand. Í æsku sinni var Mitterand mikill íhaldsmaður og heitur kaþólikki. Hann barðist í seinni heimsstyrjöldinni en var hnepptur í varðhald árið 1940 til ársins 1941. Þegar hann slapp fór hann að vinna með Vichy-stjórninni sem var við völd í Frakklandi árin 1940-1944 og var hliðholl nasistum. Árið 1943 gekk þó hann til liðs við andspyrnuhreyfinguna. Síðar meir reyndi hann að gera lítið úr vinnu sinni fyrir stjórnina. Eftir stríðið fór Mitterrand fljótt aftur í pólitík og fór fyrir bandalagi demókrata og sósíalista. Hann gegndi alls ellefu ráðherraembættum frá árinu 1946 en sagði af sér árið 1957 vegna andstöðu sinnar við stefnu ríkisins í sjálfstæðisbaráttu Alsír. Mitterrand var talinn hafa í embætti sínu haldið ýmsum upplýsingum leyndum um ólöglegt athæfi gegn Alsírbúum meðan á kúguninni stóð, meðal annars pyntingum.

Mitterand beið lægri hlut fyrir Charles de Gaulle í forsetakosningunum árið 1965, fór fyrir bandalagi sósíalista og frjálslyndra á árunum 1965 til 1968 og varð síðar leiðtogi sósíalistaflokksins. Hann reyndi aftur fyrir sér í forsetakosningunum 1974 án árangurs. Árið 1981 náði hann loks kjöri og varð ríkisstjórn hans fyrsta vinstri stjórnin í Frakklandi í 23 ár. Helstu sigrar Mitterrands voru á alþjóðasviðinu og þá sérstaklega í Evrópumálum. Hann var mikill Evrópusinni og vann náið með Helmut Kohl og áttu þeir stóran þátt í að bæta samskipti Þýskalands og Frakklands.

Mitterrand var sérstaklega umhugað um sess sinn í sögunni og þegar hann greindist með krabbamein árið 1996 hóf hann að undirbúa táknræna brottför sína héðan úr heimi. Hann ákvað að síðasta kvöldmáltíð hans skyldi vera kjarrtittlingur sem er lítill fugl sem þykir mesta lostæti og sagt er að beri sál Frakklands. Mitterand neitaði staðfastlega að borða nokkuð annað eftir máltíðina og lést átta dögum síðar, þann 8. janúar 1996. - hhs

# Uppsagnir hjá Iberia



Spænska flugfélagið Iberia hefur tilkynnt að það hyggist skera niður 2.100 störf á næstu þremur árum. Það jafngildir níu prósentum alls starfsfólks félagsins. Áætlað er að aðgerðirnar spari félaginu 600 milljónir evra sem jafngildir rúmlega 43 milljörðum íslenskra króna. Þetta kemur fram á vefsíðu Bloomberg. Uppsagnirnar eru liðir í sparnaðaraðgerðum til að koma til móts við hátt eldsneytisverð sem bitnað hefur á félaginu líkt og öðrum flugfélögum að undanförnu. Hlutabréf í félaginu féllu í verði við fréttirnar. - hhs



**GREENSPAN, BERNANKE OG BUSH** Bernand Bernanke tekur við starfi seðlabankastjóra þegar Greenspan sest í helgan stein í janúar.

# Á erfitt verk fyrir höndum

## Eftirmaður Alans Greenspan tilnefndur á mánudag.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skifar

George Bush Bandaríkjaforseti tilnefndi á mánudag eftirmann Alans Greenspan, einhvers farsælasta seðlabankastjóra Bandaríkjanna fyrr og síðar. Sá sem varð fyrir valinu er Bernard Bernanke, formaður nefndar efnahagslegra ráðgjafa ríkisstjórnarinnar og fyrrverandi hagfræðiprófessor við Princeton-háskóla.

Bernanke var af flestum talinn hæfastur frambjóðenda og líklegasti kosturinn í starfið. Gagnrýnisraddir benda þó á að hann hafi litla reynslu af raunverulegri framkvæmd þrátt fyrir mikla akademíska reynslu. Hann er talinn munu fylgja sömu stefnu og Greenspan að mestu. Hann er þó mikill talsmaður þess að sett verði verðbólgumarkmið eins og algengt er í Evrópu. Því hefur Greenspan ávallt verið mótfallinn en hann telur mikilvægt að markaðurinn geti sér til um hvernig seðlabankinn bregst við verðbólgu.

Bernanke á erfitt verk fyrir höndum þegar hann tekur við embættinu. Eldsneytisverð fer hækkandi, verðbólga eykst og hægst hefur á húsnæðismarkaðnum. Allt þetta er talið að muni minnka einkaneyslu í Bandaríkjunum töluvert á næstu mánuðum. Þar að auki hafa sérfræðingar af því áhyggjur til lengri tíma að vaxandi viðskiptahalli við útlönd og fjárlagahallinn setji þrýsting á bandaríska dollarann.

Ljóst er að fylgst verður grannt með störfum Bernanke. Greenspan var einn aðalsmiður efnahagsstefnu Bandaríkjanna og valdamesti seðlabankastjóri heims. Ekki er laust við að hræðslu gæti við hvað gerist þegar hann fer frá. Ráðning í starf seðlabankastjóra er ein mikilvægasta efnahagslega ákvörðun sem Bush hefur þurft að taka á sinni stjórnartíð. Bandaríska þingið þarf einnig að staðfesta ráðningu Bernanke og mun líklega gera það fyrir jól.

**Bernanke var af flestum talinn hæfastur frambjóðenda og líklegasti kosturinn í starfið. Gagnrýnisraddir benda þó á að hann hafi litla reynslu af raunverulegri framkvæmd þrátt fyrir mikla akademíska reynslu.**


Galdurinn er að láta okkur vinna fyrir þig




JÓNAR TRANSPORT bjóða alhliða flutningsþjónustu í samstarfi við bestu flutningsaðila sem völ er á, bæði hérlendis og erlendis. Þéttriðið þjónustunet um allan heim tryggir flýti, öryggi, hagstæð gjöld og góða vörumeðhöndlun frá verksmiðjuvegg og heim í hlað.

JÓNAR TRANSPORT
-um víða veröld
Kjalarvogi • Sími 535 8000
jonar@jonar.is • www.jonar.is



# Hægir á vexti McDonald's

Skyndibitakeðjan McDonald's á ekki eins auðvelt með vöxt í Bandaríkjunum og oft áður. Aukning í sölu veitingastaða sem hafa verið opnir í ár eða lengur var 3,7 prósent á þriðja ársfjórðungi. Það er minnsti vöxtur síðan á fyrsta ársfjórðungi 2003 þegar sala í keðjunni snarlækkaði. Evrópubúar hins vegar úða í sig hamborgurum sem aldrei fyrr og aukning í sölu þar var 5,1 prósent sem aftur á móti er sú mesta síðan árið 2000.

McDonald's leggur sig nú allan í að lokka viðskiptavini í Bandaríkjunum til sín aftur. Meðal annars hafa nýjar og hollari vörulínur komið fram og opnunartími 1500 veitingastaða lengdur. - hhs

# Margs konar mismunun

Samkvæmt nýrri breskri könnun er mismunun á grundvelli aldurs talsvert algeng. Þetta viðurkenna 22 prósent stjórnenda sem svöruðu könnun sem gerð var meðal 2.500 breskra fyrirtæki, bæði úr einkageiranum og hinum opinbera. Könnunin leiddi einnig í ljós að það hallar ekki alltaf á eldra fólk í þessu samhengi. Fólk verði einnig fyrir því að vera hafnað í starfi á grundvelli þess að vera of ungt.

Næsta haust verða þeir sem gera sig seka um að mismuna fólki sökum aldurs að breyta um hugarfar. Annars geta þeir átt von á lögsókn því þá ganga í gegn lög sem banna slíka mismunun. Með nýju lögunum verður mismunun við ráðningu, stöðuhækkanir og þjálfun á grundvelli aldurs bönnuð. - hhs



**MISMUNAÐ Á GRUNDVELLI ALDURS**
22 prósent breskra stjórnenda viðurkenna að mismuna starfsmönnum á grundvelli aldurs.

www.icelandexpress.is




FLUG OG DÍLL

FRÁ 7.995 KR.*

Þarftu að gera yfirtökutilboð í alþjóðlegan banka? Ertu að hugsa um að kaupa þér matvörukeðju, fyrirtækjasamstæðu eða bara að fara með starfsfólkið út að borða? Hver sem tilgangur ferðarinnar er, býður Iceland Express alltaf ódýrustu og þægilegustu lausnirnar á viðskiptaferðum. Gerðu fjármálastjórann glaðan og fljúgðu með Iceland Express.

» Alltaf lág fargjöld
» Daglegt flug
» Engin sunnudagaregla
» Engin hámarksdvöl
» Auðvelt að breyta bókunum
» Aðstoð við hótelbókanir og framhaldsflug

Hvað græðirðu á því að ferðast með Iceland Express?

Hafðu samband og við hjálpum þér að finna ódýrustu fargjöldin.

Beinn sími: 5 500 600
vidskiptaferdir@icelandexpress.is

Viðskiptaferðir fyrir fólk með viðskiptavit.

Verð frá: 7.995 kr. *Aðra leið með sköttum.

Iceland Express

Fíton/SÍA

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600



# Murdoch í netið

## Hörð barátta um sjónvarpsáhorfendur í Bretlandi.

Breska sjónvarpsstöðin BSkyB sem er í eigu fjölmiðlarisans Ruperts Murdoch hefur boðið 211 milljónir punda, um 22,6 milljarða íslenskra króna, í breska internetfyrirtækið Easynet. Þetta er nýr kimi fyrir kónginn en hingað til hefur internetið ekki spilað stórt hlutverk í fjölmiðlaveldi hans. Með þessu harðnar enn samkeppnin á breska sjónvarpsmarkaðnum en British Telecom tilkynnti nýverið áætlanir um að hefja sjónvarpsútsendingar gegnum breiðband.



**FJÖLMIÐLAMÓGÚLLINN RUPERT MURDOCH** BSkyB sem er í eigu Murdochs hefur boðið 211 milljón pund í internetfyrirtækið Easynet.

Hlutabréf í Easynet tóku kipp á föstudag við fréttirnar og hækkuðu um 35 prósent, í 175. Það er þó langt í þær hæðir sem þau náðu árið 2000 en þá fór hluturinn upp í 2.500 og var virði fyrirtækisins 292 milljarðar íslenskra króna. Í dag er virði þess tæpir tuttugu milljarðar. - hhs

# Ósætti um sýningarrétt

Evrópuráðið og enska úrvalsdeildin standa nú í deilum vegna sýningarréttar á beinni útsendingu fótboltaleikja í ensku úrvalsdeildinni. Hingað til hefur sjónvarpsstöðin BSkyB setið ein að sýningarréttinum en Evrópuráðið hefur nú krafist þess að samningnum verði rift fyrir næsta samningstímabil 2007 til 2010. Þess er krafist að að minnsta kosti tveimur sjónvarpsstöðvum verði veittur sýningarrétturinn á leikjum í beinni útsendingu. Verði deildin ekki við þessum kröfum má hún eiga von á málsókn sér á hendur.

Viðræður eru hafnar milli aðilanna en hafa ekki borið árangur. Aðrar sjónvarpsstöðvar sem vilja krækja í hlut eru NTL-Telewest, Channel 5, BBC og ITV. - hhs





**TÖLVUÚRGANGUR Í FÁTÆKU HVERFI Í NÍGERÍU** Skapar gríðarleg umhverfisvandamál í mörgum af fátækustu ríkjum heims.

# Þróunarlönd að drukkna í tölvuúrgangi

## Mikill hluti þess tölvubúnaðar sem sendur er til þróunarlandanna er ónothæfur.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Árlega er mikið magn tölvubúnaðar sent til Afríku og annarra þróunarlanda til notkunar á heimilum, skólum og fyrirtækjum. Þegar tölvubúnaðurinn kemur á áfangastað kemur oft í ljós að hann er ónýtur eða of illa farinn til þess að taki því að gera við hann. Samkvæmt umhverfissamtökum skapar þetta gríðarleg umhverfisvandamál í mörgum af fátækustu ríkjum heims. Stór hluti þess tölvubúnaðar sem sendur er úr landi kemur frá endurvinnslum í Bandaríkjunum sem fá hann ókeypis frá fyrirtækjum sem ekki geta notað hann lengur. Ódýrt vinnuafl í þróunarlöndunum er svo notað við að taka hann í sundur, gera við hann eða selja hann.

Sagt var frá skýrslu umhverfissamtakanna sem bera nafnið „Digital rusl: Útflutningur endurnýtingar og misnotkunar til Afríku“ í The New York Times. Í henni er því haldið fram að endurvinnslufyrirtæki stundi það að gefa ónothæfar tölvur og búnað til þróunarlandanna. Það er gert til þess að komast hjá því að þurfa að endurvinna hlutina á viðeigandi og oft kostnaðarsaman hátt. Þrátt fyrir að í skýrslunni sé fókusinn á Nígeríu í Afríku fullyrða samtökin að ástandið sé eins í mörgum þróunarríkjum.

Í mörgum þeim löndum sem um ræðir er tölvuiðnaðurinn kominn á fullt ról en enn skortir skipulag við endurvinnslu. Það þýðir að innflutta ruslinu er oft hent í landfyllingar þar sem eiturefni lekur út í jarðveginn, mengar grunnvatn og mjög óheilsusamlegar aðstæður skapast. Oftar en ekki eru umhverfisreglugerðir í þróunarlöndunum ekki eins strangar og á Vesturlöndum og löndin því opin fyrir misnotkun af þessari gerð. Bandaríkin eru eina vestræna ríkið sem ekki hefur samþykkt Basel-sáttmálann sem er ætlað að takmarka verslun með hættulegan úrgang.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD



# VELDU RÉTTU FORMÚLUNA. STÝRÐU VOLVO S60.

Formúla Alberts Einstein um orkuígildi massa er ein frægasta formúla allra tíma. Áratugum saman hefur Volvo leitað sannleikans líkt og Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Eðlisfræði og eiginleikum formúlunnar eru stærðfræðingum Volvo vel ljósar enda býr Volvo yfir fullkomnustu öryggisrannsóknarmiðstöð á sviði bílaþróunar. Volvo er frumkvöðull og leiðandi á sviði öryggismála sem aðrir bílaframleiðendur taka mið af. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

## Volvo er fögur stærðfræði

Þrautir stærðfræðinnar eru sport í huga hönnuða Volvo og sú allra sportlegasta er formúla eitt af fjölskyldubílnum Volvo S60 - Volvo S60R. Prófaðu sportlega eiginleika Volvo S60 og þú skilur hvað átt er við með réttri formúlu. Reiknaðu út smáatriðin, vökvastýrt velti- og aðdráttarstýrið, ABS hemlakerfið sem búið er EBD hemlajöfnun auk SIPS hliðarárekstrarvarnar. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina, sætin, rafeindastýrðu DSTC stöðugleikastýringuna og spólvörnina, sjálfvirka hleðslujafnarann, tölvustýrða loftkælinguna, hitastýringuna og lofthreinsikerfið, hraðastillinn, rafstýrðu bílbeltastrekkjarana og allan annan staðalbúnað Volvo S60, sem hinir vandlátu gera skýlausa kröfu um vegna öryggis, gæða og þæginda fyrir sig og fjölskylduna. Veldu rétt. Komdu í Brimborg.

Skoðaðu 5 strokka 180 hestafla vélina með forþjöppu. Og verðið! Meðal staðalbúnaðar eru atriði sem aðeins eru boðin sem aukabúnaður í sumum tegundum annarra bílamerkja sem bera sig saman við Volvo S60. Volvo S60 er engum öðrum líkur, hann uppfyllir þarfir þínar sem gerir kröfu um sportlegan og öruggan fjölskyldubíl á skynsamlegu verði án þess að þurfa að fórna gæðum og þægindum lúxusbílsins. Veldu Volvo S60.

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Þrautir stærðfræðinnar eru sport í huga hönnuða Volvo og sú allra sportlegasta er formúla eitt af Volvo S60 - Volvo S60R sem er öðruvísi að innan sem utan.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S60 bensín.**
**Verð frá 3.520.000 kr.***

**Volvo S60 dísil.**
**Verð frá 3.970.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Galli á gjöf Njarðar

## Hópur óánægðra neytenda undirbýr lögsókn á hendur Apple.

Tölvufyrirtækið Apple stendur frammi fyrir málaferlum frá hópi neytenda. Hópurinn fullyrðir að fyrirtækið hafi vitað um galla í skjá mp3-spilarans þegar hann var settur á markað í september síðastliðnum en það hafi ekki viljað seinka komu hans.

Spilarinn, sem er á stærð við kreditkort og tók við af iPod mini, hefur notið mikilla vinsælda. Fljótlega eftir að hann kom á markað fóru þó að heyrast óánægjuraddir neytenda sem segja skjáinn rispast of auðveldlega. Hópur þeirra hefur nú tekið sig saman og undirbýr lögsókn á hendur Apple á grundvelli þessa ásakana.


**NÝI IPODINN GAGNRÝNDUR** Margir neytendur hafa kvartað undan því að skjár nýja spilarans frá Apple rispist of auðveldlega.

Apple hefur 75 prósenta markaðshlutdeild á mp3-spilurum á Bandaríkjamarkaði og sala á iPod-um stendur fyrir þriðjungi af heildarsölu fyrirtækisins. Það er því mikið í húfi fyrir fyrirtækið. Apple viðurkenndi í lok september að sumir skjáanna rispist of auðveldlega en kenna lélegri meðhöndlun smásöluaðila um. Þar að auki hafi gallinn einungis komið upp í 0,1 prósentu þeirra Nano-spilara sem höfðu verið seldir á því tímabili. **- hhs**

# Tölvuleikjafíkn sífellt algengari

## Margir sýna af sér þráhyggjuhegðun við spilun tölvuleikja.

Samkvæmt netsíðu CNN er tölvuleikjafíkn að verða mikið heilbrigðisvandamál í Suður-Kóreu. Spilun tölvuleikja á internetinu er gríðarlega algeng þar í landi. Hvergi í heiminum er breiðbandstenging eins algeng og þar en í landinu búa um 48 milljónir manna. Um 17 milljónir manna spila tölvuleiki reglulega í Suður-Kóreu og margir þeirra, flestir ungir karlmenn á unglings- og þrítugsaldri, sýna af sér þráhyggjuhegðun þegar kemur að spilun tölvuleikja.

Þessi fíkn veldur þarlendum sálfræðingum miklum áhyggjum sem hafa ekki undan við að veita ráðgjöf á þessu sviði. Tímum hjá sálfræðingum vegna þessa fjölgaði úr 2.243 árið 2003 í 8.978 í fyrra. Af fyrstu sjö mánuðum ársins 2005 voru þeir orðnir 7.649. Í ágúst hné 28 ára maður niður og lést þar í landi eftir að hafa spilað tölvuleik í 50 klukkutíma sleitulaust. Þetta er ekki fyrsta dauðsfallið sem rekja má til tölvuleikja þar. **- hhs**


**SPILUN TÖLVULEIKJA Á INTERNETINU ER MJÖG ALGENG Í SUÐUR-KÓREU** Þarlendir sálfræðingar hafa vaxandi áhyggjur af tölvuleikjafíkn.

INNFLUTNINGSHRAÐSENDINGAR DHL

ALLT SVO AUÐVELT
AÐ ÞAÐ ÞARF NÆSTUM
EKKERT AÐ GERA.
OG ÞESS VEGNA NÆSTUM
EKKERT AÐ ÚTSKÝRA.

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.

DHL EXPRESS

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is




**KAUPIN KYNNT** FL Group kaupir Sterling fyrir tæpa fimmtán milljarða króna og getur verðið lækkað verulega náist ekki markmið um 3,5 milljarða rekstrarhagnað Sterling á næsta ári. Frá vinstri eru Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá FL Group, Hannes Smárason forstjóri og Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður félagsins.

# Setja sig í startholurnar

**FL Group þrefaldar eigið fé á næstunni og veðjar á ört vaxandi lággjaldaflugfélagamarkað með kaupum á Sterling-samstæðunni. Fjárfestingargetan eykst jafnframt töluvert. Það er ekki síður mikið í húfi fyrir seljendur Sterling en kaupendur að dæmið gangi upp og hafa aðilar beggja vegna borðs tröllatrú á fyrirtækinu.**

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

FL Group er formlega orðið að fjárfestingarfélagi eftir að tilkynnt var um breytingu á skipulagi félagsins úr blandaðri starfsemi í fjárfestingarfélag sem ýmist á önnur fyrirtæki að fullu eða að hluta. Þegar tilkynnt var um kaupin á Sterling var jafnframt blásið til mikillar sóknar.

**BANKARNIR KAUPA FYRIR ÁTTA MILLJARÐA**

Félagið ætlar að selja nýtt hlutafé fyrir 44 milljarða og þar af hafa 28 milljarðar verið seldir til stærstu hluthafa FL Group: Oddaflugs, Kötlu Holding og Baugs Group. Þessu til viðbótar kaupa Kaupþing og Landsbankinn nýtt hlutafé fyrir átta milljarða og lykilstarfsmenn fyrir þrjá milljarða. Alls hafa því verið gefin vilyrði fyrir kaupum á 39 milljörðum.

Kaupþing og Landsbankinn sölutryggja svo fimm milljarða króna útboð sem er fyrir fagfjárfesta. Lágmarkskaup í útboðinu eru miðuð við fimm milljarða og því munu litlu hluthafarnir í FL Group ekki geta tryggt sér hlut í fyrirhuguðu hlutafjárútboði nema þeir reiði fram fimm milljónir króna sem eru lágmarkskaup.

Fjárhagslegur styrkur félagsins verður mikill að loknu útboði og getur það án teljandi erfiðleika fjárfest fyrir 40-50 milljarða króna. Aðeins viðskiptabankarnir þrír og Straumur-Burðarás verða með meira eigið fé og eiginfjárhlutfall félagsins verður um sextíu prósent. Heildareignir munu slaga hátt í 120 milljarða króna og ársveltan fara upp í tæpa hundrað milljarða. Markaðsvirði verður það sjötta hæsta í Kauphöllinni.

**FORSTJÓRINN SANNFÆRÐUR**

Það var um miðjan september sem fréttist af áhuga FL Group á Sterling. Markmiðið með kaupunum er að styrkja stöðu félagsins á evrópskum lággjaldaflugfélagamarkaði sem stækkar hratt og er arðbærari en nokkur önnur fyrirtæki á flugmarkaði. Staða FL Group er því orðin mjög sterk en félagið heldur utan um þrettán prósenta hlut í easyJet.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, er sannfærður um að fyrirtækið hafi gert góð kaup á norræna lággjaldaflugfélaginu Sterling fyrir tæpa fimmtán milljarða króna. Hann fullyrðir að verðmæti Sterling geti fimmfaldast á tólf mánuðum miðað við þær forsendur sem kaupin byggjast á og gerir ráð fyrir að Sterling skili hagnaði á næsta ári eftir mikinn taprekstur undanfarin ár.

Kaupverðið á Sterling er um 1.500 milljónir danskra króna eða tæpir fimmtán milljarðar króna og miðast við að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – svokallað EBITDA-hlutfall – verði 3.500 milljónir króna árið 2006. Auk þess er skilyrði kaupenda að Sterling verði afhent með þremur milljörðum í handbæru fé. FL Group tekur við rekstrinum um næstu áramót.

Markaðsvirði Sterling, sem er fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu, er því fimmtán milljarðar sem er einn tíundi af markaðsvirði easyJet, næststærsta lággjaldaflugfélagsins. Stærsta félagið Ryanair er metið á 360 milljarða króna.

Forsvarsmenn FL Group benda á að með því að skoða áætlaðar kennitölur nokkurra lággjaldaflugfélaga fyrir árið 2006 séu líkur á því að félagið nái góðri arðsemi út úr fjárfestingunni.

**TEKIÐ Á KOSTNAÐI**

Danska pressan telur að hagnaður Fons eignarhaldsfélags á Sterling-sölunni hafi verið ellefu milljarðar króna. Fons borgaði um fjóra milljarða króna fyrir Sterling í mars síðastliðnum en kaupverð á Maersk Air er á huldu. Börsen sagði frá því á sínum tíma að A.P. Møller-Mærsk hefði losað sig við vandræðabarnið Maersk Air með meðgjöf til Fons.

Bæði Hannes Smárason og Pálmi Haraldsson, annar af eigendum Fons, hafa vísað því á bug að hagnaður Fons hafi verið ellefu milljarðar og sá síðarnefndi fullyrðir að hann hafi greitt með Maersk Air á sínum tíma en vill ekki gefa upp kaupverðið.

Eftir mikla tiltekt í rekstri Sterling-samstæðunnar er ljóst að félagið er allt annað en það var þegar Fons festi kaup á flugfélögunum og sameinaði þau. Íslendingarnir hafa verið duglegir að taka til í kostnaði, fækkað starfsmönnum um fjögur hundruð og náð ýmiss konar hagræðingu annars staðar frá.

Hár kostnaður hjá Maersk Air kom til tals á kynningarfundi hjá FL Group. Fullyrt er að danska flugfélagið hafi litið svo á hlutina að það hafi verið fyrir neðan virðingu þess að sækjast eftir afslátti á flugvallarþjónustu hjá birgjum á Kastrup.

Þá hefur Sterling ekki farið varhluta af mikilli farþegaaukningu eins og önnur stór evrópsk lággjaldaflugfélög sem hefur legið á bilinu 15 til 25 prósent á milli ára. Veltuaukningin er jafnvel enn meiri þar sem tekjur á hvert sæti fara hækkandi. Stóru lággjaldaflugfélögin vaxa meira en þau smærri og flestir sjá fram á mikla samþjöppun í geiranum á næstu árum.

Kaupendur gera miklar kröfur til stjórnenda Sterling um rekstrarbata á næstu misserum og er kaupverðið háð afkomu ársins 2006. Pálmi Haraldsson verður áfram stjórnarformaður og Almar Örn áfram forstjóri. Kaupverðið getur lækkað eða hækkað um nærri fimm milljarða. Hluti þess, um fjórir milljarðar króna, er í formi hlutabréfa í FL Group.

**NÆSTU SKREF**

Um leið og undirskriftir þornuðu á kaupsamningnum fór gengi easyJet að hækka á nýjan leik vegna væntinga um frekari fjárfestingu FL Group í breska flugfélaginu. Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að hið nýja fjárfestingarfélag hafi mikinn áhuga á frekari landvinningum á evrópska lággjaldamarkaðnum í gegnum easyJet – annaðhvort eitt og sér eða í samfloti með öðrum fjárfestum, til dæmis Baugi. Verðmæti easyJet þykir lágt að mati stærstu hluthafa félagsins.

Stjórnarformaður easyJet hefur bent á að hann muni ekki ræða um sölu á hlut sínum fyrr en verðið nái um 325 pensum á hlut og samkvæmt heimildum Markaðarins eru eigendur FL Group tilbúnir til að teygja sig upp fyrir þá tölu.

**SAMANBURÐUR NOKKURRA LÁGGJALDAFLUGFÉLAGA MIÐAÐ VIÐ VÆNTANLEGAN ÁRANGUR Á ÁRINU 2006**

| | Markaðsvirði í milljörðum | EV/EBITDA | EV/Velta |
|---|---|---|---|
| Southwest | 733 | 15,7x | 2,4x |
| Ryanair | 362 | 12,1x | 3,8x |
| GOL | 174 | 8,2x | 2,5x |
| easyJet | 120 | 8,9x | 1,7x |
| AirAsia | 56 | 16,1x | 5,3x |
| Sterling | 15 | 3,8x | 0,3x |

EV/EBITDA = Markaðsverð + skuldir/Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta
Handbært fé að upphæð þrír milljarðar króna er dregið frá EV hjá Sterling)
*Heimild: FL Group*



# Stór þjónn fyrir smærri fyrirtæki

## Ódýrari, öflugri og auðveldari í notkun





Dell™ PowerEdge™ 830, búinn Intel® Pentium® D örgjörva, er fyrsti Dual Core netþjónninn frá Dell™. Hann er hagkvæmur, traustur og annast öll helstu verk á skrifstofunni, s.s. miðlæg skráa-söfn, tölvupóst og verslunarkerfi. PowerEdge™ 830 er einkar auðveldur í rekstri og hentar öllum smærri og meðalstórum fyrirtækjum.

**Dell™ PowerEdge™ 830**

- Intel® Pentium® D örgjörvi, 3,00 GHz með 2x1MB L2 Cache, 800 MHz FSB
- 1 GB ECC DDR SDRAM minni (hámark 8 GB)
- 2x160 GB IDE SATA diskar (hámark 1,2 TB á fjórum diskum)
- SATA IDE RAID Controller
- 2xPCI Express, 2xPCI-X (64bit/133 MHz), 1xPCI (32bit/33MHz, 5v)
- 3ja ára ábyrgð hjá EJS - þjónusta á staðnum næsta virka dag

Tilboðsverð **169.900,-** með vsk.

**EJS** er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.

Fíton/SÍA FI014733

©2005 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Xeon og Pentium eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningueða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000




# Fjárfestirinn með járnka

Pálmi Haraldsson hefur ásamt Jóhannesi Kristinssyni félaga sínum hagnast vel á undanförnum árum í fjá
Þeir félagar sjá góð viðskiptatækifæri, þar sem aðrir sjá tóm vandræði. *Hafliði Helgason* hitti Pálma Hara
anna á Sterling til FL Group. Mikill hagnaður varð af sölunni, en Pálmi segir nóg eftir handa kaupendum c

**Aðalatriði var að það var allt í molum í fyrirtækinu, svo fer maður inn eins og hvirfilvindur með ákveðið viðskiptamódel.**

Biskupar réðu á sinni tíð yfir miklum eignum kirkjunnar. Það á því ágætlega við að höfuðstöðvar fjárfestingarfélaganna Fons og Fengs séu á Suðurgötunni þar sem áður var biskupsskrifstofa. Æðsti presturinn þar er Pálmi Haraldsson og með honum starfar aðeins einn meðhjálpari. „Við erum lággjaldafjárfestingarfélag,“ segir Pálmi og brosir.

Sjálfur er hann ekki maður mikilla umbúða. Vill hafa skýrar og einfaldar línur í fjárfestingarverkefnum og er að sögn þeirra sem til þekkja ótrúlega fljótur að greina kjarnann frá hisminu og sjá tækifæri til hagræðingar í fyrirtækjum sem hann hefur augastað á. Sterling er nýjasta dæmið um slíkt fyrirtæki, en sala þess til FL Group skilar Fons sem er í eigu Pálma og Jóhannesar Kristinssonar góðum hagnaði. Pálmi vill ekki gefa upp hversu mikill hann er. Sterling var keypt á ríflega fjóra milljarða. „Kaupverð Maersk er trúnaðarmál að þeirra kröfu og ég ætla mér ekki að rjúfa þann trúnað. Ég get þó sagt að þær tölur um tíu eða ellefu milljarða hagnað af sölunni sem verið hafa nefndar eru fjarri lagi.“

**EKKI EINS OG MAÐUR LÆSI BARA BÖRSEN**

Þeir félagar eiga tvö félög. Feng skilgreina þeir sem fjárfestingarfélag sem tekur litla áhættu. Öðru máli gegnir um Fons. Þar hefur oftar en ekki verið ráðist í verkefni þar sem mikillar tiltektar er þörf og margir haft efasemdir um fjárfestinguna. „Gott dæmi um þetta er Icelandkeðjan. Það hafði enginn trú á Iceland að mér og Jóni Ásgeiri undanskildum. Í dag, ári síðar, erum við búin að auka verðmæti þessarar fjárfestingar úr 23 milljónum punda, 2,5 milljörðum króna, í 100 til 140 milljónir punda.“ Það gerir tíu til fimmtán milljarðar. „Aðalatriði var að það var allt í molum í fyrirtækinu, svo fer maður inn eins og hvirfilvindur með ákveðið viðskiptamódel.“ Pálmi segir að auk þess sé Iceland eitt fárra breskra félaga sem engar lífeyrisskuldbindingar hvíli á.

Pálmi segir að sama hafi gilt um Sterling. „Ég ætlaði mér alltaf að ná í Maersk þegar ég keypti Sterling. Þetta átti sér langan aðdraganda. Það var ekki eins og maður læsi bara Börsen einn daginn og ákveddi að kaupa Sterling. Ég er að vinna í verkefnum núna sem gætu orðið stórfrétt árið 2006. Þegar ég seldi í FL Group fyrir tæpu einu og hálfu ári síðan, þá var ég búinn að sjá önnur tækifæri úti á markaðnum.“

Viðskiptin hafa gengið vel, en Pálmi verður sposkur þegar hann er spurður um eigið fé þeirra félaga. Hann vill ekki gefa það upp. „Ég get þó sagt að fjárfestingargeta félaganna Fengs og Fons er á bilinu þrjátíu til fimmtíu milljarðar eftir eðli verkefna. Þá geta menn séð styrk þessara félaga.“

**ICELAND EXPRESS Í GÓÐUM MÁLUM**

Pálmi og Jóhannes keyptu Iceland Express sem Pálmi segir dæmigert umbreytingarverkefni. „Félagið var gjaldþrota þegar við tókum við því og hefði ekki getað staðið við



Fréttablaðið/Vilhelm

**HVERGI NÆRRI HÆTTUR** Pálmi Haraldsson ætlar að fylgja Sterling eftir og koma í hluthafahóp FL Group. Hann segir spennandi verkefni á sínu teikniborði sem geti orðið að fréttum á árinu 2006.

# ...rlinn

## ...fjárfestingarfélögum sínum. ...dsson í kjölfar sölu félag... ...mikil tækifæri í Sterling.

skuldbindingar gagnvart þeim þúsundum farþega sem voru búnir að kaupa miða. Okkur tekst að snúa þessu við á tiltölulega stuttum tíma. Það er ástæða að taka það fram að í ár var meðalverðið í júlí, sem er stærsti fargjaldamánuðurinn, var ellefu krónum lægra í krónum talið en sama mánuð árið áður. Þetta kom fram í hagræðingu en ekki í verðhækkunum. Við nýttum fjárfestinguna betur. Hagnaður Iceland Express verður um tuttugu prósent af veltu á þessu ári sem gerir það að öflugu félagi.“

Pálmi segir nákvæmlega það sama vera að gerast í Sterling. „Við komum inn af miklum krafti. Það voru tvö hundruð skrifstofustarfsmenn í Sterling og fjögurhundruð í Maersk. Þegar búið er að sameina félögin verða 230 í þessum störfum og þessir starfsmenn eru á bak við fimm milljónir farþega í stað þess að vera á bak við tvær milljónir farþega. Það segir sig sjálft að hagræðingin er út um allt. Við erum búnir á þessum stutta tíma að gera samninga við alla helstu aðila og selja frá okkur fraktstarfsemi. Við erum undir forystu Almars Arnar Hilmarssonar, forstjóra Sterling, á undan áætlun með markmið okkar í Sterling sem við lögðum upp með árið 2004, en enginn frétti af því fyrr en á þessu ári.“

**VANDRÆÐI MEÐ TÆKNIVAL**

Pálmi segir rætur þess að hann sæki í fyrirtæki sem eiga í basli liggja í mastersnámi hans í rekstrarhagfræði. „Þetta er svokölluð járnkarlaáhrif. Maður nær ofboðslega mikilli ávöxtun á peningana ef manni tekst að snúa við svona rekstri. Sama gildir um félög á byrjunarstigi, ef það tekst sem maður ætlar sér þá er hægt að ná ótrúlegri ávöxtun. Mottó okkar Jóhannesar er að snúa ekki baki við þeim félögum sem við tökum að okkur, jafnvel þótt við lendum í vandræðum.“ Pálmi segir að eina dæmið þar sem það hafi orðið raunin sé Tæknival. „Tæknival var skráð félag þegar við keyptum það og það var ekki hægt að fara í áreiðanleikakönnun. Það kom í ljós að staðan var verulega slæm og félagið hefði ekki staðist nokkra rannsókn í neinu ríki Evrópu og þótt neðar sé farið.“ Pálmi segir að ekki hafi verið hlaupist frá því verkefni. „Ég er enginn sérstakur áhugamaður um tölvur og bíð bara eftir rétta augnablikinu með að fara út úr Tæknivali.“

**SÁRINDI Í GRÆNMETINU**

Það hefur fylgt Pálma lengi að sjá tækifærin þar sem aðrir sjá tóm vandræði. Hann kom beint úr námi og tók við stjórninni í Sölufélagi garðyrkjumanna. „Eigið fé var neikvætt um hundrað milljónir og skuldir hálfur milljarður og ég er að tala um tölur árið 1991. Tapið var hundrað milljónir á ári. Árið eftir er tíu milljóna króna hagnaður og síðan er afkoman þrjátíu til fimmtíu milljónir á ári. Síðan hundrað milljónir eftir að við kaupum Banana og þrjúhundruð milljónir eftir að við kaupum Ágæti.“ Þarna var Pálmi ekki eigandi og vann fyrir bændurna. „Það var sárt þegar Samkeppnisstofnunarmálið kom upp að þá vildi enginn kannast við mann.“ Pálma hefur oft verið nuddað upp úr grænmetissamráðinu. „Mér þykir það mjög óþægilegt. Ég tel að ég hafi aldrei fengið réttmæta gagnrýni í því máli. Það er sjálfsagt að gagnrýna samráð en menn þurfa að skoða heildarmyndina. Menn sitja í landbúnaðarráðneytinu og ákveða verð á mjólk. Þetta var hluti af landbúnaðarkerfinu og það voru sennilega mistök hjá okkur að sækja ekki um undanþágu frá þessu miðað við kringumstæðurnar.“

**Félagið var gjaldþrota þegar við tókum við því og hefði ekki getað staðið við skuldbindingar gagnvart þeim þúsundum farþega sem voru búnir að kaupa miða. Okkur tekst að snúa þessu við á tiltölulega stuttum tíma. ... Hagnaður Iceland Express verður um tuttugu prósent af veltu á þessu ári sem gerir það að öflugu félagi.**

**GOTT SAMSTARF VIÐ GÖMLU HLUTHAFANA**

Pálmi og Jóhannes keyptu hlut í Flugleiðum þegar gengið var í kringum tvo. „Við fórum til bankanna og spurðum hvort þeir vildu fjármagna okkur í hugsanlegri yfirtöku. Við höfðum hug á að bjóða í bréf Burðaráss burtséð frá því hvort þeir myndu selja eða ekki. Bankarnir höfðu ekki meiri trú á þessu en svo að þeir voru ekki tilbúnir að lána okkur meira en fimmtíu prósent. Ári seinna var gengið komið í sex. Út á þetta gengur þetta; að sjá tækifærin á undan öðrum.“ Ráðandi meirihluti í stjórn Flugleiða var á þeim tíma eigendur og forsvarsmenn Eimskipafélagsins, fulltrúar ráðandi afla í viðskiptalífinu. Pálmi segir sín sjónarmið hafa fengið hljómgrunn. „Ég fékk alveg að njóta mín. Þeir tóku mér vel allir þar og ég átti góð samskipti við stjórnarformanninn Hörð Sigurgestsson og Sigurð Helgason forstjóra. Þetta var virkilega gaman og ég lærði mikið. Mér fannst stjórnendurnir mjög framarlega í viðskiptahugsun og mjög akademískir. Enda tókst vel upp. Ég var í stjórn Flugfélagsins þar sem okkur tókst að snúa við rekstrinum. Mér þykir mjög vænt um Flugleiðir enda finnst mér ég vera að koma heim núna, þegar ég kem aftur í hluthafahópinn.“

**GÚRKUKALL ÁN JÓNS**

Pálmi hóf doktorsnám en hraði viðskiptanna heillaði hann meira en akademían. Breytingar á viðskiptaumhverfinu eru miklar frá því að hann kom í grænmetið eftir námið. „Þetta eru gríðarlegar breytingar og þar stendur einn maður upp úr sem er Jón Ásgeir Jóhannesson. Það er búin að vera hrein unun að fylgjast með honum í útrásinni. Ég hefði aldrei orðið neitt nema gúrkukall á Íslandi ef ég hefði ekki kynnst honum. Ég hef lært meira í viðskiptum af því að vinna með honum en í öllu mínu námi, Hann er séní í viðskiptum drengurinn og á við margar viðskiptagráður.“

Pálma finnst sorglegt að Jón Ásgeir hafi ekki notið ávaxtanna af Arcadia. „Philip Green var að greiða sér 130 milljarða í arð úr Arcadia. Hver var það sem hefði eignast þetta félag ef þessi uppákoma hefði ekki átt sér stað, þegar ýmsir forystumenn í íslensku samfélagi ýttu á opinber yfirvöld að fara í þessa rannsókn. Jón Ásgeir lét ekki vindinn ýta sér útaf heldur hélt áfram og fór í næstu atrennu. Það mun enginn beygja hann. Þetta gera bara snillingar.“ Pálma er mikið niðri fyrir. „Þeir eiga að skammast sín, hvort sem þeir heita Kjartan Gunnarsson, Björn Bjarnason eða Styrmir Gunnarsson sem hefur misnotað íslenska fjölmiðla manna mest.“

Pálmi segir að salan á Sterling hafi verið sér erfið. „Ég hafði undirbúið þetta lengi og sé miklu meiri tækifæri í þessu. Ég tel að það væri hægt að fá miklu hærra verð fyrir Sterling en ég seldi það á ef viðskiptamódelið heppnast.“ Hann sækir kort sem sýnir flugleiðir Sterling frá helstu borgum Norðurlanda. Hann bendir á að línurnar milli Norðurlandaborganna vanti. „Þarna eru tækifæri. EasyJet og Ryanaire eru að taka mest á þessum stuttu leiðum. Innan við klukkutíma flug. Ég sá fram á að með því að fljúga þarna á milli mætti tvöfalda farþegafjöldann.“

Hann segir að evrópsk lággjaldafélög eigi mikið eftir til að ná þeim bandarísku í umfangi. „Norðurlöndin eiga svo ennþá lengra í land. Það eru mikil tækifæri þarna.“

**HEJ JEG HEDDER PÁLMI**

Hann segir það hafa verið stolt eigenda Sterling og Maersk að láta félögin ekki fara á hausinn í sínum höndum. „Bæði félögin voru í eigu mjög fullorðinna manna sem eru við það að fara í stóra ferðalagið. Báðir meðal ríkustu manna Norður-Evrópu.“ Pálmi segir marga fjárfestingasjóði hafa reynt að kaupa, en einhvernveginn hafi þeir ákveðið að láta litla karlinn frá Íslandi fá þetta. En hvernig kemst maður að samningaborðinu til að kaupa eitt stykki flugfélag? „Það er einfalt. Það er bara að hringja í 114 og biðja um símanúmerið hjá Fred Olsen og segja: Hej jeg hedder Pálmi Haraldsson. Svo fer maður í næstu flugvél og hittir manninn.“ Þar með voru hafnar viðræður um kaup á Sterling sem tóku drjúgan tíma, en hafa þegar skilað þeim félögum Pálma og Jóhannesi góðum ávinningi.

Pálmi er enn á fleygiferð. „Ég er mjög þakklátur fyrir að vera að fást við það sem ég hef áhuga á. Þau verkefni sem ég er með á borðinu í dag finnst mér vera þau mest spennandi sem ég hef tekið þátt í.“ Viðskiptalífið er á fleygiferð. „Hér er spilaður sóknarbolti og sjálfsagt tíu til tuttugu útrásarverkefni á teikniborðinu í íslensku viðskiptalífi. Mér finnst liggja í loftinu að menn bíði eftir að eitthvað mistakist. Ég finn fyrir þessu í Danmörku og líka á Íslandi. Auðvitað mun eitthvað mistakast en menn eiga ekki að hlakka yfir því. Staðreyndin er sú að ekkert stórt verkefni hefur klikkað hingað til og vonandi verður langt í að það gerist.“

**FÉLÖG SEM FONS Á STÓRAN HLUT Í**

Julian Graves



Iceland
Woodward
Booker



Goldsmiths
Hagar
Innn




Tæknival



Iceland Express



Sterling

## FÓLK Á FERLI



**EDDA LANGWORTH JÓNSDÓTTIR** hefur verið ráðin til Athygli ehf. sem ráðgjafi með áherslu á þjónustu við vefi viðskiptavina, einkum hönnun, þarfagreiningu og uppfærslu vefsíðna þeirra. Þá mun Edda einnig sinna almannatengslum, textagerð og öðru því sem til fellur í starfsstöð Athygli í Reykjavík.
Edda lauk stúdentsprófi frá MH árið 1988 og BA-prófi í fjölmiðlun og útgáfu frá Simon Fraser-háskólanum í Vancouver í Kanada 1999. Hún starfaði sem umsjónarmaður með námskeiðum hjá Canadian Center for Studies in Publishing við sama skóla árið 2002 og í framhaldi af því sem umsjónarmaður með öflun námsstyrkja til ársloka 2003. Hún hefur einkum starfað við vefhönnun og vefstjórn síðan 1999, nú síðast sem verkefnastjóri hjá ecSoftware í Reykjavík.

# Nýtt skipurit Straums

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hefur samþykkt breytingu á skipuriti bankans, sem felur m.a. í sér að Áhættu- og fjárstýringarsviði bankans hefur verið skipt upp í þrjú sjálfstæð svið; Fjárstýringu, Áhættustýringu og Eigin viðskipti. Markmið breytinganna er að auka skilvirkni hvers sviðs, skýra ábyrgðarsvið og gera bankann betur í stakk búinn til að nýta sér vaxtatækifæri á alþjóðavettvangi.

Þrír nýir forstöðumenn munu taka til starfa samhliða skipulagsbreytingunni. Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Fjárstýringarsviðs, Margit Robertet forstöðumaður Lánasviðs og Jakob Ásmundsson forstöðumaður Áhættustýringar.

Guðmundur Þórðarson, sem gegnt hefur starfi forstöðumanns Lánasviðs, tekur við stöðu forstöðumanns Fyrirtækjasviðs.

Skúli Valberg Ólafsson, sem gegnt hefur starfi forstöðumanns Fyrirtækjasviðs, mun heyra beint undir forstjóra og sinna verkefnum sem snúa að eignum og rekstri bankans. Svanbjörn Thoroddsen sem nýlega hóf störf hjá bankanum heyrir einnig beint undir forstjóra og mun hafa umsjón með uppbyggingu á erlendri fjárfestingarbankastarfsemi bankans.

# Lausnir fyrir fjármálamarkaðinn

**Hugbúnaðarfyrirtækið Mentis Software framleiðir hugbúnað fyrir fjármálamarkaðinn. Fyrirtækið byggir á góðum grunni og helstu viðskiptavinir þess eru fjármálafyrirtæki. *Hjálmar Blöndal* kynnti sér þetta framsækna fyrirtæki.**

Hugbúnaðarfyrirtækið Mentis Software varð upphaflega til árið 1999 þegar menn með mikla reynslu af fjármálamarkaði stofnuðu félagið. Allt frá þeim tíma hefur Mentis haft fastmótaða kjarnastarfsemi við að þróa og hanna lausnir fyrir fagaðila á fjármálamarkaði.

„Þetta hefur þó aðeins breyst og hugtakið fagaðili kannski ekki lengur til í þeirri mynd sem það var. Fyrst voru viðskiptavinir okkar kannski fjórir bankar og einn lífeyrissjóður. Í dag er hópur viðskiptavinanna þrír bankar, dótturfélög þeirra í Lúxemborg og London, hátt í tíu lífeyrissjóðir, tíu minni verðbréfa- og fjárfestingarfélög, tugir fjármálastjóra og fjárfestar og svo framvegis," segir Ari Daníelsson, framkvæmdastjóri Mentis Software.

Hjá Mentis starfa 15 manns og eru starfsmenn flestir með háskólagráðu á sviði verkfræði eða tæknifræði eða með hliðstæða menntun. Allri fjármálaumsýslu er úthýst og engin yfirbygging er í fyrirtækinu. Framkvæmdastjórinn annast fyrst og fremst stjórnun sem snýr að starfsmönnum við hugbúnaðargerð. Félagið hefur á undanförnum árum byggst hratt upp og auglýsti fyrirtækið nú aðra helgina í röð eftir tæknimenntuðu fólki til starfa.

**Mentis hf.**
Sigtúni 42
Stofnað 1999
Eigendur: Fjármálafyrirtæki og stofnendur
Framkvæmdastjóri: Ari Daníelsson
Starfsmenn: 15

### VÖRUFRAMBOÐ OG NEYTENDAMARKAÐUR

Mentis skiptir vöruframboði sínu í þrennt. „Í fyrsta lagi svokölluð bakvinnslukerfi sem eru þessi stóru miklu hugbúnaðarkerfi sem halda markaðnum saman, en enginn sér. Það eru kerfin sem lífeyrissjóðir nota, til dæmis sem iðgjöldin eru bókuð inn í. Þessi kerfi erum við að selja til stórra viðskiptavina sem við höfum haft í mörg ár. Í öðru lagi erum við með markaðsupplýsingar og er kannski einna mest sýnilegt í dag. Þar er þekktasta vara okkar kannski Markaðsvaktin þar sem notendur hennar geta nálgast upplýsingar á hlutabréfamarkaði hér heima, gengi gjaldmiðla og svo framvegis. Í þriðja lagi eru það sérlausnir fyrir fjármálamarkað. Þar er kannski um að ræða veflausnir eða annað sem við erum að gera fyrir okkar viðskiptavini," segir Ari. Hann segir að mesti vöxturinn hafi að undanförnu verið í sölu á markaðsupplýsingum á undanförnum árum en í gegnum tíðina hafi bakvinnslukerfi vegið þyngst. „Viðskiptavinahópurinn sem kaupir bakvinnslukerfi er mjög smár en mjög traustur og góður viðskiptavinahópur. En þeir sem kaupa markaðsupplýsingarnar eru hópur viðskiptavina og þetta eru í raun svokallaðar áskriftatekjur. Við vitum þannig í upphafi ársins hverjar tekjurnar verða," segir Ari.

Fyrirtækið lítur ekki svo á að það sé að selja hugbúnað. Það kaupir upplýsingar í eins konar heildsölu, til dæmis töluleg gögn frá Kauphöll Íslands og selur þau svo áfram í smásölu til neytenda. Það er svo undir hverjum viðskiptavini komið hvernig hann vill fara með gögnin. Þannig geta til dæmis greiningardeildir bankanna unnið grafískt út úr gögnunum, fjárfestar leitað að kennitölum og svo framvegis.

### VIÐSKIPTAVINIR OG FRAMTÍÐIN

„Viðskiptavinunum er að fjölga hjá fyrirtækinu. Við erum með mörg hundruð notendur en þeir eru kannski hjá mjög stórum fyrirtækjum. Við erum ekki að selja beint á neytendamarkað en í dag geta þeir sem eru til dæmis stórir fjárfestar hjá bönkunum fengið aðgang að Markaðsvaktinni í gegnum bankana," segir Ari.

Stærstu hluthafar eru bankar og sparisjóðir auk þess sem starfsmenn og stofnendur eiga sinn hlut. Félagið hefur ætlað sér að sinna áfram kjarnastarfsemi félagsins. Það er í vöruþróun á hinum og þessum sviðum og er að auka við þjónustu á þeim vörum sem það hefur nú þegar. „Við erum til dæmis að fá mjög mikið af fyrirspurnum erlendis frá enda hefur áhugi erlendra aðila á íslenska markaðnum aukist mjög. Að sama skapi höfum við fundið fyrir auknum áhuga Íslendinga á erlendum mörkuðum. Íslendingar líta til dæmis á markaðina á hinum Norðurlöndunum sem sína heimamarkaði og við viljum bæta því inn í vörur eins og Markaðsvaktina. Það eru mjög litlar upplýsingar fyrir erlenda aðila á Netinu og það er erfitt að fá söguleg gögn og sértækar upplýsingar. Greiningardeildirnar hafa þó gefið aðeins út af efni. Við höfum mjög gott og náið samstarf við Kauphöll Íslands og viljum vinna áfram með þeim að búa til vörur. Þeir eiga tölulegu gögnin en við vinnum svo úr þeim og markaðssetjum," segir Ari.

Hann segir mikinn vöxt í starfsemi félagsins. „Það eru góðir tímar framundan og okkur gengur vel, við höfum skilað mjög heilbrigðum rekstri, góðum hagnaði sem er vel yfir meðaltali og ætlum okkur að gera áfram," segir Ari.



**ARI DANÍELSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI MENTIS SOFTWARE.** Viðskiptavinunum er að fjölga hjá fyrirtækinu. Við erum með mörg hundruð notendur en þeir eru kannski hjá mjög stórum fyrirtækjum. Við erum ekki að selja beint á neytendamarkað en í dag geta þeir sem eru til dæmis stórir fjárfestar hjá bönkunum fengið aðgang að Markaðsvaktinni í gegnum bankana."






## BESTA RÁÐIÐ

# Að grípa boltann

„Eitthvert besta ráð sem ég hef fengið um ævina fékk ég frá handavinnukennara sem kenndi mér í gagnfræðaskóla í Keflavík í gamla daga. Það var margt góðra ráða sem ég fékk en einna besta ráðið var dæmið um bolta sem kemur skoppandi til þín," segir Jón Ólafsson í Skífunni og kaupsýslumaður í Lundúnum. „Hún sagði mér að tækifærið væri eins og bolti sem kemur skoppandi í áttina til þín og ef þú grípur ekki þennan bolta þegar hann er hjá þér þá skoppar hann áfram og einhver annar grípur hann og fer með hann. Ég hef alltaf haft þetta hugfast enda skiptir það máli að grípa tækifærin þegar þau bjóðast því ef því ef þú gerir það ekki þá gerir það einhver annar," segir Jón Ólafsson.

- hb



**JÓN ÓLAFSSON** Fékk besta ráðið frá handavinnukennara sínum í Keflavík.

# Landsbankinn sér um þriðjung

## KB banki og Landsbankinn kaupa tíu prósenta hlut í FL Group.

Viðskiptabankarnir KB banki og Landsbankinn hafa samþykkt að kaupa samtals fyrir átta milljarða í risahlutafjárútboði FL Group; sá fyrrnefndi fyrir fimm milljarða en sá síðarnefndi fyrir þrjá.

„Eins og algengt er erlendis þá standa tveir bankar að útboðinu, enda er það stórt og viðamikið og eðlilegt að menn dreifi áhættunni," segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans. Að sögn Sigurjóns er skiptingin í grófum dráttum þannig að Landsbankinn ber ábyrgð á einum þriðja hluta útboðsins en heildarvirði þess er um 44 milljarðar króna.

Eignarhlutur bankanna verður því um tíu prósent í FL Group eftir að hlutafjárútboðinu lýkur að undanskildum núverandi eignarhlutum. Bankarnir greiða fyrir hlutina með peningum en ekki hlutabréfum eins og öðrum fjárfestum stendur til boða.

Verði mikil eftirspurn í útboðinu þá mun Landsbankinn hugsanlega minnka hlut sinn þótt honum beri ekki skylda til þess að sögn Sigurjóns. Hann gat ekki gefið upp tekjur bankans vegna verkefnisins og bar bankaleynd fyrir sér. **- eþa**




**SÖLUTRYGGJA ÚTBOÐIÐ** Landsbankinn og KB banki halda utan um hlutafjárútboð í FL Group og fjárfesta sjálfir fyrir átta milljarða. Til greina kemur að selja hluti ef mikil eftirspurn verður meðal fjárfesta.

# Kanni fríhafnarverslun

## SVÞ krefjast þess að komuverslun verði lögð niður.

Samtök verslunar og þjónustu hafa sent samkeppniseftirlitinu erindi þar sem óskað er eftir áliti hvort starfsemi komuverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar stríði gegn samkeppnislögum og torveldi frjálsa samkeppni í verslun. Einnig hafa Samtökin sent fjármálaráðherra bréf þar sem þess er krafist að komuverslunin verði lögð niður en ef slíkt verði ekki gert er óskað eftir því að rekstur komuverslunarinnar verði boðin út og vöruúrval takmarkað við einkasöluvörur.

Í bréfinu kemur fram að þar sem komuverslunin í Flugstöðinni greiði hvorki aðflutningsgjöld né virðisaukaskatt, sé verið að brjóta gegn markmiði samkeppnislaga og torvelda frjálsa samkeppni í viðskiptum og slíkt valdi tjóni fyrir aðildarfélög Samtaka verslunar og þjónustu. **- hb**


KB ERLEND HLUTABRÉF

11,5%*

hækkun frá áramótum

*Samkv. www.sjodir.is m.v. 30. sept.




Hækkun frá áramótum m.v. 30. sept.

KB ERLEND HLUTABRÉF er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta í hlutabréfum traustra erlendra fyrirtækja en horfa fyrst og fremst til ávöxtunar í íslenskum krónum. Við stýringu sjóðsins er lögð sérstök áhersla á að draga markvisst úr gjaldmiðlaáhættu. Kynntu þér málið á kbbanki.is

KB ERLEND HLUTABRÉF er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI



Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Alltaf í netsambandi með Mobile Connect

**Vodafone Mobile Connect** kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

» Þú getur alltaf skoðað tölvupóstinn þinn
» Þú getur alltaf sent SMS
» Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum
» Þú getur alltaf vafrað á netinu
» **Mobile Connect** notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýtir niðurhali og lækkar kostnað viðskiptavina.

**Mobile Connect** er hluti af **Mobile *Office***, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.




EINNIG VÆNTANLEGT
OKTÓBER BlackBerry® frá Vodafone
NÓVEMBER Global Hotspots
DESEMBER Vodafone World

og vodafone
Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Gróði seljanda er ekki mælikvarði á skynsamlegt kaupverð.

## *Spurningin um rétt verð*

**Hafliði Helgason**

FL Group hefur að undanförnu gengið í gegnum eðlisbreytingar frá því að vera félag í flugrekstri yfir í að verða fjárfestingarfélag.

Óhjákvæmilegt er að slíkar breytingar valdi einhverjum titringi. Stjórnendur félagsins hafa ekki höndlað nægjanlega vel upplýsingastreymið í kjölfar breytinganna og gefið rými fyrir ýmis konar sögusagnir. Fyrir vikið hafa forsvarsmenn félagsins lent í þeirri stöðu að þurfa að neita misgáfulegum fullyrðingum um aðdraganda kaupanna á Sterling.

Eitt af því sem mikið hefur verið velt vöngum yfir er gróði Fons sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar af sölunni. Einn útgangspunktur þeirrar umræðu er að gróði þeirra sé mælikvarði á eðlilegt kaupverð FL Group á Sterling. Grunnhugmyndin er sú að ef Fons hefur grætt tíu milljarða á sölunni, þá hljóti FL Group að vera að borga óeðlilega hátt verð fyrir Sterling.

Þessi hugmynd byggir á villu um að til sé eitthvað sem heitir rétt verð. Það er af og frá. Netfyrirtækið Google fór á markað á innan við hundrað dollara á hlut. Var þá rangt verð að greiða tvö hundruð dollara fyrir hlutinn nokkrum mánuðum síðar? Verðið er nú um 370 dollarar á hlut rúmu ári síðar. Er það rangt verð?

Mælikvarðinn á kaup FL Group á Sterling ræðst af framtíðarvirði eignarinnar. Sjálfur segir seljandinn að ekki hefði komið til greina að selja félagið nema að eiga áfram hlutdeild í framtíðarvirðinu. Seljandi og kaupandi í þessum viðskiptum deila þeirri trú að gríðarleg tækifæri liggi í félaginu og fjárfestingin muni reynast góð. Tíminn einn mun leiða það í ljós, en þeir sem að þessum viðskiptum standa hafa náð góðum árangri hingað til og svo sem engin ástæða til þess að efast fyrirfram um að þeim takist vel upp í þetta sinn. Takist FL Group að gera sér mat úr fjárfestingunni og að þróun á lággjaldamarkaði verði svipuð og í Bandaríkjunum, geta þeir sem telja gróða Fons óskiljanlegan nú, farið í þær skotgrafir að Sterling hafi verið gefið. Ekki hefur vantað þær raddir um sölu ríkisins á hlutabréfum í bönkunum.

**Þessi hugmynd byggir á villu um að til sé eitthvað sem heitir rétt verð. Það er af og frá. Netfyrirtækið Google fór á markað á innan við hundrað dollara á hlut. Var þá rangt verð að greiða tvö hundruð dollara fyrir hlutinn nokkrum mánuðum síðar? Verðið er nú um 370 dollarar á hlut rúmu ári síðar. Er það rangt verð?**

Eðlisbreytingar eins og orðið hafa á FL Group kalla eðlilega á misjafnar skoðanir á því hvort menn séu að gera rétt. Þau skoðanaskipti fara fram í almennri umræðu og ekki síður á hlutabréfamarkaði þar sem stjórnendur og eigendur félagsins fá í sífellu sinn dóm. Forstjóri félagsins er jafnframt stór eigandi. Hann hefur því gríðarlega ríka hagsmuni af því að vel gangi.

Annað áhyggjuefni er að Icelandair sé mikilvægasta samgöngufyrirtæki þjóðarinnar og það sé goðgá að leika sér með það fjöregg. Nýtt skipulag FL Group ætti að eyða slíkum áhyggjum. Icelandair verður sjálfstætt rekstrarfélag með sterkan bakhjarl ef vel gengur að selja nýtt hlutafé FL Group. Mistök í fjárfestingum FL Group ættu ekki að hafa afgerandi afleiðingar á rekstur flugfélagsins. Nýtt skipulag FL Group felur í sér fleiri tækifæri en hættu, án þess að það sé nokkur trygging í viðskiptum. Þar ráða ákvarðanir stjórnenda og ytri skilyrði sem vonandi leiða félagið í rétta átt.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is

GÓÐAR GJAFIR
STYRKJA GOTT SAMBAND
GLEÐJUM STARFSMENN OG VIÐSKIPTAVINI MEÐ VÖNDUÐUM GJÖFUM UM JÓLIN


Stormtech, göngubakpoki.


Stormtech, microfleece peysa.


Isosteel, hitabrúsi.


Rosendahl, vatnskarafla, tvö glös.

Við höfum áralanga reynslu af sölu á jólagjöfum til fyrirtækja og stofnana. Hafðu samband og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig. Erum með fjölbreytt úrval gjafa frá þekktum framleiðendum.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR - með þínu merki
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 4141

# Stefna Sjálfstæðisflokksins?

ORÐ Í BELG



**Kristján Vigfússon**
stjórnmálahagfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi

Við viljum hafa sterkt ríkisvald, við viljum svo sannarlega ekki að menntun og heilbrigðisþjónusta sé betri fyrir útvalda en hina. Fáir sterkir aðilar eiga ekki að drottna yfir atvinnulífinu og áhrif auðhringa og stórkapítalista eru of mikil í þjóðfélaginu. Eitthvað á þessa leið voru orð fráfarandi forsætisráðherra landsins til 14 ára við upphaf landsfundar þessarar mestu breiðfylkingar í íslenskum stjórnmálum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið frá stofnun hans 1929. Ef maður vissi ekki betur þá hefði maður haldið að þessi stefna og þessi varnaðarorð væri frekar ættuð frá landsþingi sænska eða danska jafnaðarmannaflokksins en ekki frá flokki sem skilgreinir sig sem klassískan hægri flokk uppá Íslandi.

Þessi orð koma þó ekki svo mikið á óvart ef saga sjálfstæðisflokksins er skoðuð. Hugmyndafræði flokksins frá upphafi hefur tekið mið af samvinnu og jöfnuði frekar en sundrungu og ójöfnuði, er þar nægilegt að rifja upp gömul gildi flokksins eins og „Stétt með Stétt“ sem hefur verið eitt af kjörorðum flokksins alla tíð síðan. Stéttasamvinna hefur verið samofin stefnu flokksins og þar með sú hugsun að ríkisvaldið beri ákveðna lágmarks ábyrgð á velferð allra einstaklinganna með viðeigandi útgjöldum fyrir samfélagið. Nýkjörinn formaður flokksins lagði sérstaka áherslu á þessi gildi í ræðu sinni á nýyfirstöðnu landsþingi.

Það að Sjálfstæðisflokkurinn tók forystu í að sameina stéttir landsins og vinna bug á þeirri stéttabaráttu sem einkenndi upphaf 20. aldarinnar tryggði flokknum þá stöðu sem hann hefur haldið æ síðan sem breiðfylking allra stétta og þar með talið eignamanna og verkamanna. Stuðningur verkamanna og verkalýðssamtaka við flokkinn hefur verið nálægt því að vera sambærilegur við þann stuðning sem Jafnaðarmannaflokkar á Norðurlöndunum hafa fengið í gegnum tíðina. Í þessu efni líkist flokkurinn meira jafnaðarmannaflokki en hægri flokki.

Uppbygging velferðarsamfélagsins hefur því verið einn meginhornsteinninn í stefnu flokksins frá upphafi og mikil áhersla var lögð á þann þátt á nýafstöðnum Landsfundi. Einkavæðing og afnám hafta hefur þó tekið mun lengri tíma hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Ennfremur hefur andstaða flokksins við alþjóðahyggju sem rekja má til upphaflegra gilda flokksins leitt til þess að ágóði opnara alþjóðakerfis í viðskiptum og stjórnmálum hefur borist seinna til Íslands en hinna Norðurlandanna. Þrátt fyrir að leiðin til velfarnaðar hafi verið torsóttari hér lengst af í samanburði við Noreg, Svíþjóð og Danmörku þá er svo komið að Ísland getur borið sig saman við þessi mestu samfélög jafnaðar og velmegunar í heiminum. Á samfelldum 14 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins hafa útgjöld til mennta- og heilbrigðismála aukist mikið og á stefnuskrá flokksins nú er uppbygging hátæknisjúkrahúss. Velferðarmálefni hafa því verið flokknum afar hugleiknin.

Annar af meginhornsteinum í stefnu flokksins Sjálfstæðisflokkurinn er frelsi einstaklingsins til athafna og sú trú að einstaklingarnir kynnu betur að skipa sínum málum heldur en sú forsjárhyggja sem felst í miðstýringu ríkisvaldsins. Eins mikið og þessi gildi frelsis og samkeppni virðast í mótsögn við uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins hefur flokknum tekist að sameina þetta tvennt með nokkuð sannfærandi hætti í gegnum tíðina. Þessi mikla trú á einstaklingunum hefur á stundum verið túlkuð innan flokksins með þeim hætti að ríkisvaldið væri nær óþarft nema til að sinna grunndvallarþörfum varðandi mannréttindi, menntun og heilbrigðisþjónustu. Skoðunin hefur verið sú að í hinum kapítalíska kerfi fælust innbyggðar leikreglur sem tryggðu bæði jafnvægi og sanngirni gagnvart borgurunum.

Þessi gildi hafa hins vegar verið flokknum síðustu ár mun erfiðari í framkvæmd en barátta fyrir aukinni velferð og jöfnuði. Nýkjörinn varaformaður flokksins sagði á nýafstöðnum Landsfundi að sagan sýndi að án almennra leikreglna væri hætta á að markaðsráðandi aðilar misbeiti valdi sínu hvort heldur er í viðskiptum eða á fjölmiðlum. Í sama knérunn hjuggu fráfarandi formaður flokksins og nýr formaður á þessum sama Landsfundi. Þessar efasemdir um heilindi einstaklinganna til að vinna heiðarlega á almennum samkeppnismarkaði eru nýr tónn í sögu flokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur frekar haft það orð á sér í gegnum tíðina að draga taum atvinnulífsins þannig að mörgum vinstrimanninum hefur þótt nóg um. Þetta er einnig merkilegt í ljósi þess að hér á landi gildir regluverk Evrópska efnahagssvæðisins, atvinnufrelsi er hér varið í stjórnarskrá, Samkeppnisstofnun og samkeppnislög eiga að tryggja réttláta samkeppni og að markaðsráðandi fyrirtæki misnoti ekki stöðu sína, Póst- og Fjarskiptastofnun hefur eftirlit með fjarskiptamarkaði og Fjármálaeftirlit með fjármálamarkaði svo fátt eitt sé upp talið.

Almennt má segja og auðvelt að færa fyrir því rök að samkeppni og gegnsæi á markaði hafi aldrei verið meira í annan tíma en nú á Íslandi. Aldrei hafa fleiri aðilar haft tækifæri til að hasla sér völl á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Hér nægir að líta til flugrekstrar, fjármálastarfsemi, skipaflutninga, olíuverslunar, fjarskipta eða dagblaðaútgáfu. Greiður aðgangur að fjármagni, lágir fyrirtækjaskattar og einfalt regluverk hefur tryggt að mjög auðvelt er að stofna til atvinnurekstrar. Árangur og frammistaða margra íslenskra fyrirtækja síðustu ár hefur verið eftirtektarverð og í raun framúrskarandi í öllum alþjóðlegum samanburði. Aldrei hafa verið rekin fleiri fyrirtæki sem hafa skilað eins miklum hagnaði ársfjórðung eftir ársfjórðung. Ekki þarf mikla rökhyggju til að sýna fram á að staða þessara fyrirtækja og framtíðarafkoma þeirra er einmitt trygging okkar fyrir frekari uppbyggingu þess velferðarsamfélags sem við búum í.

Það er því algjörlega ný staða sem forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sett hann í um þessar mundir að telja helsta verkefni stjórnmálanna sé að takast á við athafnamenn og atvinnulífið vegna vantrausts á þeim og frelsi þeirra til athafna.

Það verður því mjög ögrandi verkefni fyrir Sjálfstæðisflokkinn að brúa þá nýju hugsun flokksins að athafnamönnum sé ekki treystandi og þeim þurfi að setja þrengri skorður við verðmætasköpun en á sama tíma þurfi að tryggja aukinn jöfnuð og aukna velferð borgaranna eins og boðuð var á landsfundi flokksins með tilheyrandi ríkisútgjöldum.

UM VÍÐA VERÖLD

### *Spillingin lifir*

**Economist** | Spillingin í Rússlandi fer vaxandi samkvæmt athugunum Transparency International og er Rússland komið í hóp Níger og Albaníu yfir spilltustu ríki heims. Er þetta orðið gríðarlegt þjóðfélagsvandamál að sögn Economist.

Bent hefur verið á að baráttan gegn tsjetnjeskum hryðjuverkamönnum sé næsta ómöguleg vegna mútugreiðslna og geri aðstæður í þjóðfélaginu varasamar. Spillingin er komið á annað stig þegar að embættismaður sem þiggur mútur frá einum tekur næstu greiðslur frá hermdarverkamönnum.

Í viðskiptalífinu eru mútugreiðslur til embættismanna daglegt brauð til að fá samninga og verkefni. Árlegar upphæðir, sem atvinnulífið notar til að múta spilltum embættismönnum, eru orðnar á við tvöföld fjárlög sambandsríkisins. Kaupahéðnar verða þess þó áskynja að þeim sem er mútað standa æ sjaldnar við gefin loforð. Þá koma fram skaðlegustu áhrif spillingar á efnahagslíf samkvæmt hagfræðikenningum.

### *Sá breski lofar ágætu*

**Sunday Telegraph** | Roger Bootle ber saman hlutabréfamarkaði Bandaríkjanna og Bretlands í Sunday Telegraph. Þrátt fyrir ládeyðu í bresku efnahagslífi og minnkandi hagnað fyrirtækja, einkum í smásölu, hefur FTSE-vísitalan hækkað um átta prósent á árinu. Til samanburðar hafa bandarísku markaðirnir staðið í stað. Það er einnig mat hans að bæði fasteigna- og hlutabréfamarkaðir vestan Atlantsála séu yfirverðlagðir. Hagnaður bandarískra fyrirtækja er hár sem hlutfall af landsframleiðslu en verðkennitölur hlutabréfa eru samt háar í sögulegu ljósi. Hagnaður breskra fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu er hins vegar nærri langtímameðaltali auk þess sem meðal VH-gildi þeirra eru orðin lægri en langtímameðaltal.

Ef hækkandi vextir í Bandaríkjunum fara að hafa neikvæð áhrif á hjól efnahagslífsins þar, sem gæti leitt til samdráttar í öðrum hagkerfum, er líklegt að Bretland haldi vel sínu striki. Bent hefur verið á að hagkerfi þessara landa fylgjast aldrei eins að.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Minnkandi verðbólga í nóvember

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

Búist er við því að dragi úr verðbólgu í nóvember frá því í október. „Greiningardeild Kaupþings spáir 0,1% hækkun vísitölu neysluverðs í nóvember. Ef að spáin gengur eftir mun heldur draga úr verðbólguhraðanum og 12 mánaða verðbólga mun fara niður í 4,5%. Fasteignaverð og eldsneytisverð eru þeir tveir liðir vísitölunnar sem munu hafa mest áhrif á vísitöluna að þessu sinni.“

Fasteignaverð hefur drifið verðbólgu áfram og enn er búist við að fasteignaverð kyndi undir verðbólgu. „Eftir sem áður eru rætur verðbólgunnar enn að leita í hækkandi fasteignaverði. Dregið hefur verulega úr þenslu á fasteignamarkaði og virðist flest benda til þess að sú eftirspurnaralda sem leystist úr læðingi í kjölfar innkomu bankanna á fasteignalánamarkaðinn sé að mestu gengin yfir. Hækkunarhraði fasteigna hefur farið úr um 4% á mánuði síðastliðið vor niður í 1%, en í september síðastliðnum hækkaði fasteignaverð um 0,9%. Hækkun fasteignaverðs mun að þessu sinni leiða til um 0,15% hækkunar á vísitölu neysluverðs,“ segir greiningardeild KB banka.

„Verð á bensíni og díselolíu hefur lækkað um 4 krónur og 50 aura hjá olíufélögunum það sem af er mánuðinum. Líklegt er að bensínverð lækki jafnvel enn meira, en mjög skörp lækkun hefur verið á heimsmarkaðsverði á bensíni í mánuðinum. Heimsmarkaðsverð á bensíni hefur ekki verið lægra síðan í júlí og er nú 567 dollarar tonnið.“

„Matvælaverð hefur hækkað látlaust síðan í maí síðastliðnum. Greiningardeild reiknar með að óveruleg hækkun verði á matvælaverði nú að undanskyldri hækkun á kjötvörum. Að öllum líkindum munu vera litlar verðbreytingar á öðrum neysluvörum sem mun hafa óvarleg áhrif á vísitöluna.“

**Eftir sem áður eru rætur verðbólgunnar enn að leita í hækkandi fasteignaverði. Dregið hefur verulega úr þenslu á fasteignamarkaði og virðist flest benda til þess að sú eftirspurnaralda sem leystist úr læðingi í kjölfar innkomu bankanna á fasteignalánamarkaðinn sé að mestu gengin yfir. Hækkunarhraði fasteigna hefur farið úr um 4% á mánuði síðastliðið vor niður í 1%, en í september síðastliðnum hækkaði fasteignaverð um 0,9%.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Rólegur á meltunni

Ég hef stundum heyrt menn efast um að Straumur hafi leiðir til þess að losa sig út úr stórum stöðum. Nýlega seldu þeir hlut sinn í Icelandic Group og þar með sannaði Þórður Már enn einu sinn að hann er flinkur að losa sig út úr stórum fjárfestingum. Ég held að þetta hafi verið frábær viðskipti hjá honum.

Nú er Straumur bara með eina stóra stöðu á innlenda markaðnum sem er í Íslandsbanka. Ég er handviss um að nú er búið að teikna upp lokakaflann í því spili. Straumur mun selja innan skamms og FL Group sem verður með mikla fjárfestingagetu eftir hlutafjárútboð mun koma í meira mæli inn í bankann, ásamt Baugi. Þetta verður örugglega ekki alls staðar vinsælt, en er örugglega fínt fyrir bankann sem virðist í ágætum málum þessa dagana.

Ég ætla líka að setja nokkrar kúlur á FL Group, en ég ætla að eiga svolítið í viðbót sem ég hef tilbúið í frekari fjárfestingu í félaginu þegar ég sé betur hvert stefnir hjá Sterling. Ég hef samt fulla trú á Almari og Pálma. Þeir eru seigir í því sem þeir eru að gera.

Vilhjálmur Bjarnason er afar tortrygginn á þessi kaup. Hann var líka mjög tortrygginn á Eimskip þegar Kolkrabbinn féll. Þá keypti ég á fullu og hef sennilega keypt bréfin hans Villa í Eimskip. Ég græddi á því, en það getur vel verið að hann hafi grætt meira á einhverjum öðrum fjárfestingum. Mér er alveg sama um það hvað aðrir græða. Það hefur aldrei haldið vöku fyrir mér.

Vilhjálmur selur örugglega bréfin sín í Íslandsbanka ef Hannes og Jón Ásgeir kaupa stóran hlut í bankanum. Þá hugsa ég bara að ég endurtaki leikinn og kaupi bréfin hans.

Það er nóg eftir á íslenska markaðnum og rífandi gengishagnaður af erlendu skuldunum. Það verður ekkert til sparað um jólin hjá mér og rjúpur í matinn hvað sem það kostar. Mér er alveg sama þótt einhver veiðikallinn græði helling á því að selja mér rjúpuna. Ég er vel aflögufær þessa dagana og ligg rólegur á meltunni þótt aðrir græði.

**Spákaupmaðurinn á horninu**


Talstöðin
FM 90,9




# Fetinn kominn á markað

„Ég hræðist aldrei nein verkefni," segir Ólafur M. Magnússon framkvæmdastjóri Mjólku. Hann hefur líka mörg járn í eldinum. Fyrir utan að sinna rekstri tveggja fyrirtækja hefur hann um árabil lagt Styrktarfélagi krabbameinsjúkra barna lið. Björgvin Guðmundsson snæddi hádegisverð með Ólafi.

Fyrsta afurð Mjólku fór á markað í upphafi vikunnar. Það er feta ostur sem ber einfaldlega heitið Feti. Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir stóreldhús og veitingastaði fyrst reyna vöruna. Hann vilji fá umsögn fagaðila áður en almennir neytendur eigi kost á að kaupa hana.

Tilkynnt var í síðustu viku að Vífilfell hefði keypt 34 prósenta hlut í Mjólku. Tveir menn frá Vífilfelli koma inn í stjórnina í kjölfarið en hingað til hefur Mjólka verið í eigu fjölskyldu Ólafs. Hann vill ekki upplýsa hve mikið greitt var fyrir hlutinn en segir það mjög ásættanlegt fyrir fjölskylduna. „Við erum þarna að fá gríðarlega sterka og öfluga menn inn í stjórnina hjá okkur. Vífilfell hefur líka tekið yfir skrifstofuhald og fjármál, en aðhald í fjármálum er mikilvægt fyrir fyrirtæki í uppbyggingu. Við fáum líka aðgang að mjög mikilli markaðsþekkingu."

Ólafur bendir á að Vífilfell sé eitt stærsta framleiðslufyrirtæki landsins og stjórnendur þar hafi mikla reynslu af framleiðsluferlum, framleiðslustjórnun og öðrum þáttum sem nýtast í rekstri Mjólku. Samstarf þessara fyrirtækja bjóði upp á markaðstækifæri með framleiðslu á nýjum vörum. Hann vill samt ekki upplýsa af samkeppnisástæðum í hverju það samstarf geti falist.

Ólafur kallar Mjólku úrvinnslufyrirtæki í mjólkuriðnaði sem rekið sé án opinberra styrkja. Nú niðurgreiðir ríkið mjólkurframleiðslu um tæpa fimm milljarða króna samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006. Stóru mjólkursamsölurnar hafa hingað til greitt bændum um 45 krónur fyrir lítrann og svo bætir ríkið um 39 krónum við. Í þessu hefur ríkisstuðningurinn meðal annars falist. En Ólafur hafnar þessu kerfi og telur hægt að framleiða mjólkurafurðir án þess að ríkisstuðningurinn kom til.

Í áætlunum Mjólku er gert ráð fyrir að taka á móti tveimur til þremur milljónum lítra fyrsta árið. Innan tveggja ára verði tekið á móti fjórum til sex milljónum lítra. Ólafur segir stefnuna tekna á tuttugu prósenta markaðshlutdeild á fimm til sjö árum.

Hann segir styrkjakerfið svipað upp byggt á Íslandi og í Noregi. Stóru mjólkursamlögin þar hafi verið skikkuð til að selja nýjum aðilum í úrvinnslu á mjólk ákveðið lágmarksmagn til að tryggja samkeppni á markaði. Þessa hugsun þurfi að innleiða á Íslandi um leið og allt eftirlit og innri stýring í greininni verði færð frá stóru mjólkurfélögunum undir sjálfstæða eftirlitsaðila. Opinbert eftirlit á ekki að vera á höndum þeirra sem hafi markaðsráðandi stöðu, búi við mikla innflutningsvernd og njóti gríðarlegra niðurgreiðslna í formi opinberra styrkja.

Mótlætið hefur ekki látið á sér standa. Ólafur hefur verið gagnrýndur af Landssambandi kúabænda og samtökum afurðastöðva. Rekið sé hart áróðurstríð gegn þeim af ótta við samkeppnina. Greiðslur mjólkurframleiðenda til bænda hafi hækkað, þeir séu tilbúnir að greiða meira fyrir mjólkina og semja strax um greiðslur fyrir umframmjólk sem ekki er til kvóti fyrir.

„Bændur eru ekkert of sælir af sínu og eg fagna því að þeir eru að fá auknar greiðslur fyrir sínar afurðir," segir Ólafur. Bændur séu í betri stöðu núna og hafa valkost hverjum þeir selji mjólkina. Ekki sé hægt að taka viðskiptum við bændur sem sjálfsögðum hlut eins og áður. Ákvarðanir um hvað bændur séu að hafa út úr vinnu sinni og erfiði eiga ekki að vera teknar einhliða. Hann vill að menn fái að njóta sín í greininni en séu ekki heftir í fjötra opinbers styrkjakerfi. Menn eigi að fá meira um það ráðið hver afkoma þeirra verði. Búin eigi að stækka og taka eigi upp nýja hugsun í fóðrun og ræktun. „Það þarf að afnema þessa miðstýringu og virkja drifkraftinn í þessum einstaklingum."

Ólafur var sölustjóri hjá Osta- og smjörsölunni í tíu ár áður en hann ákvað að söðla um. Á meðan hann var að koma hugmynd sinni um Mjólku á koppinn stofnaði hann fyrirtækið Kynning. Það sér um kynningar á ýmsum vörum, meðal annars í matvöruverslunum. Hann þekkir því vel markaðinn fyrir mjólkurvörur og ákvað að stinga sér í djúpu laugina. Hann dreif systkinin sín með sér sem eru fjölbreytta reynslu að baki sem nýtist vel í rekstrinum.

„Ég vil vera í verkefnum sem ég hef brennandi áhuga á. Sérstaklega ef ég sé tækifæri til að breyta einhverju til betri vegar og þarf að fara ótroðnar slóðir. En þetta reynir auðvitað á fólkið í kringum mann en ég hef verið mjög heppinn," segir Ólafur.

Það er nóg að gera hjá Ólafi og síminn hringir reglulega meðan á hádegisverðinum stendur. Aðspurður segir hann að þau hjónin taki sér stundum frí og skreppi til útlanda eina helgi eða stingi af út í sveit með dætrum sínum. Hann sé mikill söngunnandi og noti þá tækifærið til að fara að sjá óperur. Sjálfur hefur hann verið í söngnámi og sungið í karlakórum. Það gefi honum mikið og sé afslappandi.

Þá þyki þeim hjónum gaman að renna fyrir lax. Fengu þau sjö laxa á fyrsta klukkutímanum í Rangánum fyrst þegar þau fóru fyrir nokkrum árum. Síðan var ekki aftur snúið og segist Ólafi vera nokkuð sama eftir þetta hvort hann fái lax eða ekki. Hann njóti þess að slappa af við árbakkann og anda að sér ferska loftinu.

Samhliða öðrum störfum hefur Ólafur leigt út jólasveina yfir hátíðarnar. Það var í gegnum það starf sem hann komst fyrst í kynni við Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna fyrir tólf árum. „Þegar ég byrjaði að leika jólasvein fyrir styrktarfélagið kynntist ég þessum málstað. Ég sá í hvaða sporum fólk stóð með lítil börn mikið veik. Ég hafði tækifæri til að gera eitthvað fyrir þetta fólk og leggja mitt af mörkum," segir hann.

Fyrir tveimur árum voru svo haldnir jólatónleikar til styrktar samtökunum í tilefni af tíu ára samstarfi. Ólafur segir að KB banki hafi styrkt þau vel í þessu verkefni og nú sé stefnt að því að halda tónleikana í þriðja sinn. „Á þessu ári hafa sextán börn greinst með krabbamein. Félagið munar mjög mikið um þessa fjármuni sem við erum að leggja til."

Þó að margt beri á góma er komið að leiðarlokum. Ólafur þarf að fara að sinna bændum sem hugsanlega verða í viðskiptum við hann í framtíðinni. Hann vinnur hörðum höndum til að sjá hugmynd sína verða að veruleika. Hann er greinilega framkvæmdamaður sem kemur hlutunum í verk. Hugur fylgir máli. Um það verður ekki deilt.

„Ég hef trú á því sem ég er að gera og tel mig vera að gera rétt," segir Ólafur M. Magnússon. „Ég er mjög sáttur og rosalega ánægður að við fórum út í Mjólku-ævintýrið. Ég trúi því að íslenskir bændur muni standa með þessu verkefni og íslenskir neytendur hafa tekið okkur mjög vel. Við munum ekki bregðast væntingum þeirra."



FJÖLGAR Í HLUTHAFAHÓPI MJÓLKU „Ég hef trú á því sem ég er að gera og tel mig vera að gera rétt," segir Ólafur M. Magnússon.

Fréttablaðið/Pjetur

**Ólafur M. Magnússon**

Fæddur: 27. ágúst 1964

Maki: Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri

Dætur: Ingibjörg Ólafía ('86), Ásdís Rún ('90), Jórunn Lára ('98)

**HÁDEGISVERÐURINN**

*Með Ólafi M. Magnússyni framkvæmdastjóra Mjólku*

*Hádegisverður fyrir tvo á Perlunni*

Smurbrauð með rækjum, salati og kotasælu

Smurbrauð með reyktum laxi, salati og kotasælu

Tveir vanilluhringir með möndlum og marsipani

*Drykkir*

pepsi og kaffi

Alls: 2.960 krónur

**AURASÁLIN**

## Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá

**Það leika** svei mér ferskir vindar um Flugleiðir þessa dagana. Í sumar hættu allir í stjórninni og nú hætti forstjórinn og í kjölfarið keyptu Flugleiðir útlenskt flugfélag á fimmtán milljarða króna – aðeins örfáum mánuðum eftir að vinur helstu hluthafa keypti sama félag á þriðjung af þeirri upphæð. Það er ekki skrítið að hlutabréfin rjúki upp í verði.

**Þeir eru margir** í gamla hagkerfinu sem skilja hvorki upp né niður í því sem Flugleiðir eru að gera þessa dagana. En Aurasálin tilheyrir ekki gamla hagkerfinu heldur því nýja. Aurasálin skilur að þau fyrirtæki sem hafa það að markmiði að selja vörur og þjónustu eru dauðadæmd – aðeins þau sem stunda fjárfestingar í öðrum fyrirtækjum munu blómstra og færa landi, þjóð og hluthöfum einhverja gæfu og gróða.

**Það er skemmtilegt** að fylgjast með honum Hannesi Smárasyni, forstjóra Flugleiða. Maðurinn er hámenntaður og þekktur fyrir afburðagáfur sínar. Þessar gáfur hefur Hannes notað til þess að gera rekstur Flugleiða gjörsamlega óskiljanlegan á aðeins örfáum mánuðum. Geri aðrir betur. Hér í eina tíð var auðvelt að svara spurningunni um hvað Flugleiðir gerðu. Nú veit það enginn nema Hannes – og kannski Jón Ásgeir, og svo auðvitað Aurasálin.

**Pálmi Fons** græðir ellefu milljarða á því að kaupa Sterling og selja það strax aftur. Flugleiðir græða vitaskuld líka verulega á því að hafa keypt Sterling á þessu gjafverði. Semsagt: Allir græða.

**En hvað varðar** Aurasálina um það? Ekki græðir Aurasálin á þessu frekar en öðru hlutabréfabraski hér í þessu samfélagi. Aldrei býðst nokkur maður til að kaupa hluti af Aurasálinni á þreföldu kaupverði þótt það myndi vitaskuld oft koma sér vel. Til dæmis kæmi það sér ákaflega vel ef einhver byðist til þess að kaupa hlut Aurasálarinnar í deCode á genginu 198 dollarar á hlut. Eða bílinn á 300 þúsund kall.

**Samfélag þar sem** menn græða milljarða í einum viðskiptum er brenglað. Hér á landi er allt úr hófi gengið og tekur Aurasálin heils hugar undir málflutning þeirra sem telja að nú þurfi að spyrna við fótum með lagasetningu.

**Að mati Aurasálarinnar** væri eðlilegt að miða vikulegan gróða kaupahéðna við árslaun leikskólakennara á mánuði. Dettur annars einhverjum í hug að menn eins og Hannes Smárason, Jón Ásgeir, Björgólfur og Pálmi Fons skili meiru til samfélagsins heldur en þeir sem bera ábyrgð á því að ala börnin okkar upp? Þing og þjóð hljóta að geta komist að samkomulagi um þetta viðmið Aurasálarinnar, enda væri með því ekki komið í veg fyrir að þessi ofvöxnu börn í Kauphöllinni leiki sér með „stokkana" sína en á sama tíma væri viðhaldið eðlilegu jafnvægi í þjóðfélaginu.



# Tryggja þarf sama aðgang að íbúðalánum

## Sambúð sparisjóðanna betri eftir lagabreytingar.

Gísli Kjartansson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu, hefur verið kjörinn formaður Sambands íslenskra sparisjóða (SÍSP) og tekur við starfinu af Jóni Kr. Sólnes.

Gísli segir að starfið felist í því að leiða samstarf sparisjóðanna en sambandið er hagsmunagæsluaðili þeirra. Eitt brýnasta verkefni SÍSP er að finna varanlega lausn á íbúðalánamálum. „Við leggjum mikið upp úr því að það verði tryggt að bæði bankar og sparisjóðir sitji við sama borð við að afla sér fjármagns á ásættanlegum kjörum,“ segir Gísli. Hann segir enn fremur að íbúðalánasjóður sé ekki heilög kýr í þeirra augum en mikilvægt sé að til staðar sé heildsölubanki sem geti fjármagnað sparisjóðina.

Gísli telur að það sé ríkjandi skoðun innan sparisjóðanna að þeir þurfi að sameinast og búa til sterkari einingar. „Þetta er ekkert sem sambandið ætlar að koma fram með boðvaldi. Hver og einn sparisjóður gerir þetta með sínum hætti. Við hjá Sparisjóði Mýrasýslu höfum keypt tvo sparisjóði með samkomulagi við seljendur og höfum áhuga að halda því áfram.“

Aðrir í stjórn SÍSP eru Angantýr Jónasson, Carl H. Erlingsson, Geirmundur Kristinsson, Magnús Pálsson, Ólafur Haraldsson, Ólafur Elísson, Páll Sigurðsson og Ragnar Z. Guðjónsson.



**GÍSLI KJARTANSSON** „Við leggjum mikið upp úr því að það verði tryggt að bæði bankar og sparisjóðir sitji við sama borð við að afla sér fjármagns á ásættanlegum kjörum.“

Á aðalfundinum voru samþykktar miklar breytingar á lögum samtakanna. Áður fyrr hafði hver sparisjóður haft eitt atkvæði innan SÍSP, óháð stærð sjóðsins, og olli það nokkurri óánægju innan sparisjóðahópsins, einkum þeirra stærstu. Til dæmis átti SPRON ekki stjórnarmann. „Þetta var ein ástæða þess sem olli erfiðleikum í samstarfi sparisjóða,“ segir Gísli. Fyrirkomulaginu hefur verið breytt: Annars vegar er hverjum sparisjóði gefinn ákveðinn fjöldi atkvæða og hins vegar er miðað við heildareignir áramótin á undan viðkomandi fundi. „Við lítum á að samstarfið sé að verða betra.“ **- eþa**

# Einkavæða færeyskt sjávarútvegsfyrirtæki

Færeyska ríkið hefur ákveðið að selja fyrirtækið Faroe Seafood. Frestur til að skila inn kauptilboðum í félagið er til 21. nóvember næstkomandi. Faroe Seafood er stærsta framleiðslu- og sölufyrirtæki sjávarafurða í Færeyjum og varð til úr samruna Føroya Fiskasøla og United Seafood.

Félagið er fyrst og fremst sölusamtök í sjávarútvegi en ræður ekki yfir aflaheimildum. Félagið selur og kaupir ufsa, þorsk, ýsu og skelfisk. Áætluð velta félagsins á árinu 2005 er um 7,2 milljarðar króna. Það er fyrirtækjasvið KPMG í Danmörku sem annast sölu fyrirtækisins. **- hb**



**FRÁ FÆREYJUM** Færeyingar einkavæða nú sölusamtök í sjávarútvegi.











**Nám fyrir almenna bókara**

Nám fyrir almenna bókara er haldið í samstarfi við Deloitte.
Markmið námsins er að auka þekkingu bókara, svo þeir geti stemmt af helstu liði í bókhaldi, hafi þekkingu á lagaumhverfi bókhalds og öðlist færni í greiningu bókhaldsupplýsinga og áætlanagerðar.

***Helstu efnisþættir námsins eru:***

- Afstemmingar og yfirferð yfir lög um bókhald
- Kostnaðarbókhald
- Áætlanir og sjóðstreymisáætlanir
- Kennitölugreiningar og lestur ársreikninga
- Virðisaukaskattur

***Fyrir hverja:***
Alla þá sem vilja auka færni sína í greiningu bókhaldsupplýsinga- og áætlanagerð.

***Leiðbeinendur:***
Frá Deloitte endurskoðun.

***Tími:***
Hefst 3. nóvember í Reykjavík og 8. nóv. á Akureyri. Lengd: 40 klst.
Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum 4 klst. í senn.

***Verð:***
102.000.- Innifalið í því er allur kostnaður, þar með taldar veitingar á námskeiðum og námskeiðsgögn.

**Stjórnun fyrir nýja stjórnendur**

Að vera góður stjórnandi útheimtir vinnu. Stjórnendur nútímafyrirtækja þurfa að skilgreina hlutverk sitt og þjónustu með tilliti til starfsfólks. Að glíma við óumflýjanleg mistök og læra af þeim styrkir stjórnendur og eykur hæfni þeirra.

***Helstu efnisþættir námskeiðsins eru:***

- Endurgjöf á frammistöðu starfsfólks
- Persónulegur þroski
- Opin samskipti
- Gagnrýnin hugsun
- Að byggja upp góðan starfsanda

***Fyrir hverja:***
Nýja stjórnendur og stjórnendur með allt að fimm ára stjórnendareynslu.

***Leiðbeinendur:***
Vilmar Pétursson, M.Sc. og Kristinn Tryggvi Gunnarsson, MBA.

***Tími:***
1.-4. nóv. kl. 8:30-12:30. Lengd: 16 klst.

***Verð:***
52.500.-

*Vekjum athygli á því að þátttakendur geta sótt um styrki til námsins hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.*

IMG RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar og skráning: Sími 540 1000, namskeid@img.is og á vefsíðunni www.img.is

ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA Boga Arnars
Enska – danska – sænska – norska – þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði,
læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði,
þýðingar úr norðurlandamálum á ensku
Sími 587 3690 Fax 587 3691 baf@centrum.is

Vandaðir gjafapokar
í úrvali

Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk
Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is
GRÆNN MARKAÐUR

Aðalflutningar
Öryggi alla leið

Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum hvað sem er, hvert sem er, hvenær sem er.
Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 Reykjavík Sími: 581 3030
www.adalflutningar.is
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030


**RANNVEIG RIST, FORSTJÓRI ALCAN, OG JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA IÐNAÐARINS** Rannveig tekur við Fjöregginu en stóreldhús og mötuneyti voru viðfangsefni ráðstefnu Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands á dögunum. Alcan fékk Fjöreggið fyrir heilsuátak sem hófst í ársbyrjun 2004 hjá fyrirtækinu og tekur á ýmsum þáttum sem skipta sköpum um vellíðan fólks.

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur, ingvaldur@husid.is
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

FATAVERSLUN Á LAUGAVEGI
Sjö ára gömul verslun, góð merki, sérstaklega gott fyrir þá sem eru að byrja, jólavertíðin framundan.

SNYRTIFRÆÐINGAR ATHUGIÐ
Stofa með 4 meðferðarherbergjum og naglaaðstöðu, fallega innréttuð stofa, góð leiga, heimasíða og rekstraráætlun. Kíkið í kaffi og fáið að glugga í ítarlegan bækling um stofuna.

SJOPPA MEÐ GRILLI
póstnr. 104. Rúmlega 20 milljón króna ársvelta, TILBOÐ.

LÍTIL KVENNFATAVERSLUN
í stóru hverfi. Gott tækifæri, sanngjörn leiga, ein manneskja á vakt, góð framlegð.

Söluskrá er á
www.husid.is

VIÐ
HÖNNUM
VEFSÍÐUR
sem vekja athygli
Við hönnum vefsíður fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum þér framtíðar vefsíðulausnir sem eru notendavænar og hagkvæmar !

8.is
HAFÐU SAMBAND STRAX!
og fáðu gott tilboð í glæsilega vefsíðu!
ALLRA ÁTTA | SÍMI 588 8885 | 8@8.IS

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.


Til sölu glæsileg handunnin kristalsljósakróna hentar í stigaop eða þar sem er mikil lofthæð.
Upplýsingar í síma 696-0069.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
12,7%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. sept. 2005 - 30. sept. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða síðustu 1, 3, 6 og 12 mánuði skv. sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


## HÉÐAN OG ÞAÐAN



**HÁSKÓLI ÍSLANDS OG RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS STAÐFESTA SAMKOMULAG** Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar HÍ, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri, Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, og Hákon Ólafsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, staðfesta samning um eflingu rannsókna og kennslu í umhverfis- og byggingaverkfræði. Tilgangur með samningnum er að efla rannsóknir og efla samstarf verkfræðideildar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins með það fyrir augum að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og þá aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir.


FRÉTTIR Á MAR.IS

Aðeins 9% framkvæmdastjóra í sjávarútvegi eru konur

Aflaverðmæti síldar hefur aukist verulega

Fagmennska og framsækni á komandi Vélstjóraþingi

Er ekki nóg eitt víkingaþorp?

Fréttir
Markaðstorg
Þjónustuflokkar
Sjómannafélög

mar.is
Sérvefur um sjávarútveg




**RÁÐSTEFNA UM FLATA SKATTA** Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Í máli fjármálaráðherra á ráðstefnunni kom meðal annars fram að hann ætlar að skipa nefnd til að fara yfir skattkerfið á Íslandi með það markmið að varpa ljósi á þá þætti sem gera Ísland samkeppnisfært og skilvirkt.



**FYLGST MEÐ FRAMSÖGUM** Formaður nýrrar nefndar sem fara á yfir skattkerfið á Íslandi verður Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur. Einnig verða skipaðir sérfræðingar á sviði skattamála í nefndina auk þess sem aðilar vinnumarkaðarins og viðskiptalífsins fá tækifæri til að tilnefna sína fulltrúa.



**BLÁTT ÁFRAM** Sigríður og Svafa Björnsdætur frá Blátt áfram taka við einnar milljónar krónu styrk úr höndum Sigríðar Björnsdóttur hjá Actavis. Actavis ákvað í tilefni kvennafrídagsins, 24. október síðastliðinn, að styrkja verkefnið Blátt áfram um eina milljón krónu. Blátt áfram er forvarnarverkefni Ungmennafélags Íslands og í verkefninu felst að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

FORSTÖÐUMAÐUR FERÐAMÁLASETURS ÍSLANDS OG LEKTOR/DÓSENT/PRÓFESSOR VIÐ VIÐSKIPTADEILD HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2005.
Nánari upplýsingar veitir Helgi Gestsson, forstöðumaður FMSÍ, í síma 460 8930 eða í póstfanginu helgig@unak.is.

Sjá nánar á www.unak.is og www.starfatorg.is nr. STT0510061

FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Ferðamálasetur Íslands og Háskólinn á Akureyri auglýsa lausa til umsóknar sameiginlega stöðu forstöðumanns Ferðamálaseturs Íslands og lektors/dósents/prófessors við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.

Forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands ber ábyrgð gagnvart stjórn á almennum rekstri, mannahaldi og gæðum rannsókna setursins. Hann sinnir auk þess vinnu við rannsóknir, öflun rannsóknaverkefna, styrkja og stjórnun verkefna. Hann leiðir og eflir samstarf setursins við hagsmunaaðila og er talsmaður þess út á við. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð á faglegri þróun ferðamálabrautar viðskiptadeildar HA og hefur einnig kennsluskyldu við háskólann.

Gerðar eru kröfur um meistarapróf hið minnsta og hæfni til gegna starfi háskólakennara við viðskiptadeild HA. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af öflun rannsóknaverkefna og vinnu við rannsóknir, hafi sérþekkingu á sviði hagfræði, viðskiptafræði eða ferðamála og þekki vel til skipulags ferðamála og/eða reksturs ferðaþjónustufyrirtækja. Einnig eru gerðar kröfur um skipulagshæfileika, sterka ábyrgðarkennd og hæfni í mannlegum samskiptum. Dómnefnd HA mun meta fræðilega hæfni umsækjenda til að gegna starfi lektors, dósents eða prófessors.

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri starfrækja sameiginlega Ferðamálasetur Íslands sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. Stjórn setursins skipa sjö aðilar frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Hólaskóla, SAF – samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálaráði Íslands.

ÁSPRENT STILL

Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

# Lögfestar reglur eru óþarfar

**Hver er helsta fyrirmynd íslensku yfirtökunefndarinnar?**
Helzta fyrirmynd íslenzku yfirtökunefndarinnar er breska yfirtökunefndin (Takeover Panel), sem starfað hefur frá 1968. Íslenzka nefndin, eins og sú breska starfar á grundvelli stofnasamnings eftirlits- og markaðsaðilja, sem eru bakhjarlar nefndarinnar og tryggja að hún geti gegnt hlutverki sínu. Starfsvið bresku nefndarinnar er þó víðtækara en hinnar íslenzku.

**Hversu mörg verkefni hafa komið á borð yfirtökunefndar frá stofnun hennar?**
Yfirtökunefnd tók til starfa 1. júlí sl. Nefndin hefur haldið níu fundi. Hún hefur hitt fulltrúa þriggja aðilja á markaði og tekið til sérstakrar skoðunar hugsanlega yfirtökuskyldu í einum þeirra, þ.e. FL-Group, vegna breytinga sem urðu á eignarhaldi hluta í félaginu 1. júlí 2005. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að ekki væru sönnur um að yfirtökuskylda væri fyrir hendi í því tilviki.

**Er yfirtökuhlutfall hér frábrugðið yfirtökuhlutfalli í nágrannalöndunum?**
Yfirtökuhlutfall er hér 40%, það er sums staðar lægra t.d. 30% í Bretlandi og í Svíþjóð, eins og fram kemur í skýringum í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti. Vafalaust er það sumstaðar hærra. Tilskipun Evrópusambandsins 2004/25/EB miðar við að ríkjum sé sjálfum frjálst að ákveða hlutfallið í sinni löggjöf.

**TÖLVUPÓSTURINN**
*Til Viðars Más Matthíassonar*
*prófessors og formanns yfirtökunefndar*



**Er ástæða til þess að yfirlýsingar og álit yfirtökunefndar hafi lagalegt gildi?**
Nei. Ég tel ekki ástæðu til slíks. Það er Fjármálaeftirlitið (FME) sem er hinn opinberi eftirlitsaðili og hefur lagaheimildir til að sinna eftirlitsskyldu sinni og heimildir til að beita þvingunarúrræðum. Yfirtökunefndin hefur það hlutverk að vera nær markaðsaðiljum, veita upplýsingar og ráðgjöf. Hún kann þó stundum að þurfa að kveða uppúr um það hvort yfirtökuskylda hafi stofnast og hvort farið sé rétt að við yfirtökuna. Ef stuðningur stofnaðilja nefndarinnar er fyrir hendi, er engin þörf á að lögfesta reglur um starfsgrundvöll hennar.

**Eru hagsmunir minnihlutans nægilega tryggðir í núverandi mynd?**
Já, ég held það. Efni reglnanna um yfirtökuskyldu og framkvæmd yfirtöku stýrist fyrst og fremst af því að vernda hagsmuni þeirra hluthafa sem lenda í þeirri stöðu að aðrir hluthafar hafa náð yfirráðum í félagi. Yfirtökunefnd og stjórnsýslan í kringum þessar reglur að öðru leyti tryggir hagsmuni annarra hluthafa.

**Er skynsamlegt að þrengja skilgreiningu á því hverjir teljast skyldir aðilar í verðbréfaviðskiptalögum?**
Ég er ekki sannfærður um að það sé skynsamlegt. Það mætti á hinn bóginn reyna að skilgreina nánar, hvenær aðiljar teljast hafa haft samráð eða gert með sér samkomulag um yfirtöku á félagi. Það er þó ekki auðvelt.

**YFIRTÖKUSKYLDA Í NOKKRUM LÖNDUM**

| | |
|---|---|
| Ísland | 40% |
| Bretland | 30% |
| Svíþjóð | 30% |
| Noregur | 40% |
| Danmörk | 33% |
| Finnland | 67% |

# Engin þvingunarúrræði

Í sumar stóðu markaðs- og eftirlitsaðilar í sameiningu fyrir því að koma á fót íslenskri yfirtökunefnd. Í tilefni af stofnun hennar var boðið til ráðstefnu síðastliðinn föstudag um yfirtökur skráðra félaga og starfsemi yfirtökunefnda sem *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* sat.

Fyrirmynd íslensku yfirtökunefndarinnar er að hluta til sótt til Bretlands þar sem löng hefð er fyrir starfrækslu slíkrar nefndar. Að bresku nefndinni koma fjárfestar, sérfræðingar og fólk úr viðskiptalífinu. Hún hefur úrskurðað í yfir 7.000 málum frá stofnun hennar árið 1968. Noel Hinton, framkvæmdastjóri bresku yfirtökunefndarinnar, var staddur hér á landi í tilefni af ráðstefnunni og kynnti fyrir fundargestum starfsemi hennar.

Svið nefndarinnar nær yfir öll bresk fyrirtæki, hvort sem þau eru skráð eða ekki, en ekki erlend fyrirtæki sem skráð eru í Bretlandi. Helsta starf hennar er að fylgjast með yfirtökum og tryggja að réttur allra hluthafa sé varinn. Nefndin leggur mikið upp úr því að úrskurða hratt og örugglega um mál sem koma á borð hennar enda úrskurðar hún í 100-150 málum á viku.

Jóhannes Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, fór yfir nýja löggjöf um yfirtökuskyldu og ferlið við innleiðingu evrópskra reglna á Íslandi. Yfirtökureglur eru settar á grundvelli tilskipunar ESB 2004/25 sem öðlaðist gildi á síðasta ári. Viðar Már Matthíasson, formaður íslensku nefndarinnar, kynnti starfsemi nefndarinnar og helsta verkefni hennar sem er að taka til umfjöllunar hvort til yfirtökuskyldu stofnist í einstökum tilvikum.

Til yfirtökuskyldu stofnast þegar tiltekinn aðili nær yfirráðum í félagi, sem er skráð í Kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Með yfirráðum er átt við að aðili eignist a.m.k. 40 prósent atkvæðisréttar í félaginu, hafi á grundvelli samnings rétt til að ráða yfir sem nemur 40 prósentum atkvæðaréttar eða hafi öðlast rétt til að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

**MÁLIÐ ER**
*Starfsemi yfirtökunefnda*

Stofnun og tilvist nefndarinnar er reist á stofnsamningi en ekki lögum. Yfirtökunefnd er ekki eftirlitsaðili og hefur hvorki lögbundnar eftirlitsheimildir né þvingunarúrræði. Það er Fjármálaeftirlitið sem er hinn opinberi eftirlitsaðili en nefndin er samstarfs- og leiðbeiningaraðili skráðra félaga og þeirra sem fjárfesta í þeim. Nefndin sinnir meðal annars hlutverki sínu með því að leitast við að tryggja að enginn lendi í þeirri stöðu að vera yfirtökuskyldur án þess að gera sér grein fyrir því og vilja vera það.

Viðar Már benti á að nefndin er háð því að aðilar á markaði séu tilbúnir til að veita upplýsingar þar sem hún hefur engar heimildir að lögum til gagnaöflunar. Því sé það forsenda fyrir störfum hennar að stuðningur stofnaðila sé til staðar með þeim viðurlögum sem nefnast „cold shoulder“ og þýðir að sá sem ekki sinnir úrskurði yfirtökunefndar fái ekki stuðning stofnaðila, t.d. við fjármögnun.

Að lokum töluðu þau Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings banka á Íslandi, og Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, út frá sjónarhorni markaðsaðila. Ingólfur sagði reynslu Kaupþings banka af yfirtökum þá að nefnd sem þessi væri betur til þess fallin að stýra yfirtrtökuferlinu en opinberir aðilar, m.a. vegna nauðsynlegs málshraða og vegna ýmissa matskenndra ákvarðana sem meðal annars lúta að undanþágum frá reglum um tilboðsverð. Actavis hefur staðið í mörgum yfirtökum á síðastliðnum árum og Svafa fagnaði því að komnar væru skýrari leikreglur en hún sagði það einnig brýnt að hindranir væru í lágmarki þar sem þær gætu dregið úr möguleikum á samþættingu og áhuga kjölfestufjárfesta.

Í máli fulltrúa markaðsaðila og í pallborðsumræðum í lok fundarins kom í ljós að fundarmenn voru sammála um að viðbrögð markaðarins við fyrsta úrskurði nefndarinnar myndi ráða úrslitum fyrir hana. Þá kæmi í ljós hvort fyrirtæki fara eftir úrskurðum hennar og hvort reyna þurfi á þá frammi fyrir Fjármálaeftirlitinu eða dómstólum. Ingólfur Helgason orðaði það svo: „Yfirtökunefnd má líkja við fyrirtæki sem er nýbúið að skrá sig á markað. Hún er búin að skila fyrsta ársfjórðungsuppgjöri en á eftir að skila heilu ársuppgjöri áður en hægt er að meta störf hennar.“



**PALLBORÐSUMRÆÐUR AÐ LOKINNI RÁÐSTEFNU** „Yfirtökunefnd má líkja við fyrirtæki sem er nýbúið að skrá sig á markað. Hún er búin að skila fyrsta ársfjórðungsuppgjöri en á eftir að skila heilu ársuppgjöri áður en hægt er að meta störf hennar,“ sagði Ingólfur Helgason forstjóri KB banka á Íslandi.



Fréttablaðið/E.Ól.

**FYLGST MEÐ AF ATHYGLI** Margir voru mættir til fundarins til að fræðast um starfsemi yfirtökunefnda.





SecurStore – sjálfvirk, örugg netafritun
Engar spólur
Enginn stofnkostnaður
Háþróuð dulkóðun
Hröð endurheimt gagna
Vöktun 24/7
Microsoft CERTIFIED Partner
575 9200 | www.securstore.is
SECURSTORE BUSINESS BACKUP GUARD
MIXA • fít • 50834

# Fleiri atvinnulausir hjá VR

## Um 3,45 prósent félagsmanna á atvinnuleysisskrá.

**Gunnar Páll Pálsson, formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, segir að um átta hundruð félagsmenn séu nú á atvinnuleysisskrá hjá félaginu. Alls eru það um 3,48 prósent allra félagsmanna en til samanburðar má geta þess að 1,8 prósenta atvinnuleysi mældist á höfuðborgarsvæðinu á þriðja ársfjórðungi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.**

**„Okkar tölur virðast liggja hærra en landsmeðaltal. Þau störf sem hafa orðið til núna að undanförnu eru hefðbundin karlastörf úti á landi en við erum samt að sjá um fjögurra prósenta fjölgun félagsmanna," segir Gunnar Páll. Hann segir að þau störf sem bjóðist séu oft rétt yfir atvinnuleysisbótum sem nemi um 90.000 krónum. „Þetta er oft erfitt fyrir konur sem hafa börn, því það borgar sig ekki fyrir þær að fara að vinna fyrr en þær ná ákveðnum launum upp í kannski tvö hundruð þúsund krónur auk þess sem mörg þau störf sem bjóðast eru á óhentugum vinnutíma fyrir barnafólk."** - hb



**GUNNAR PÁLL PÁLSSON, FORMAÐUR VR** Fleiri eru atvinnulausir hjá VR en landsmeðaltal atvinnulausra mælist.

# Og Vodafone eykur flutningshraða

Og Vodafone hefur tekið í notkun gagnahraðal en hann þjappar gögnum saman í GSM-kerfinu þannig að hægt verði að flytja stærri gögn á auknum hraða með minni tilkostnaði fyrir viðskiptavini. Gagnahraðallinn kemur sérstaklega að góðum notum fyrir Mobile Office viðskiptalausnir Og Vodafone, svo sem fyrir BlackBerry lófatölvuna, og Vodafone Mobile Connect gagnaflutningskortið.

Stefnt er að því að allt höfuðborgarsvæðið verði tengt hinum nýja gagnahraðali fyrir lok ársins 2005. - hb



**BLACKBERRY LÓFATÖLVA** Með hinum nýja gagnahraðali verður hægt að senda gögn í og úr BlackBerry lófatölvunni með minni tilkostnaði en áður.


# Afritun gagna yfir netið er einföld og örugg leið



Það er ekki lengur flókið mál að tryggja örugga afritun gagna sinna. Netafrit.is er einföld og örugg leið sem liggur frá tölvunni þinni rakleiðis í gegnum netið inn í öruggan vélasal ANZA.

Kynntu þér málið á **www.netafrit.is.**

ANZA sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. Hvort sem það er á sviði öryggismála, samspils forrita, útvistunar eða tölvustýringar getur þú reitt þig á hugvit, hæfileika og færni starfsfólks ANZA.

ANZA • Öruggur rekstur tölvukerfa



# Ný ljósmyndabók Upplifðu Ísland






**er ný sérlega vegleg og fjölbreytt ljósmyndabók sem lýsir upplifun þeirri sem fæst með því að ferðast um Ísland**




**Vönduð bók** fyrir þá sem vilja upplifa náttúruna, dýralífið, borg og bæ, landið úr lofti, ævintýrin og listaverk náttúrunnar

- **Bókin kemur jafnframt út á ensku og frönsku**
- **Frábær gjöf til viðskiptavina í útlöndum**




*„Í ljósmynd getur listrænt innsæi ljósmyndarans farið á flug svo að útkoman verði næstum því eins og að impressjónískt málverk. Þetta á við um margar ljósmyndirnar í þessari bók. Sumar hverjar eru næstum því „Kjarvalskar" og fanga ýmist tæra og hrikalega fegurð eða ævintýralega dulúð landsins okkar ómetanlega dýmæta fjársjóð."*

*Ómar Ragnarsson*

Minnum einnig á
Land of Light
fyrri bók Hauks




Snerruútgáfan ehf
....tengir þig töfrum landsins!

**Sími: 567 3350 • Fax: 567 6671 • e-mail: snerra@snerra.is**

# MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is


**123** milljarða aukning á eignum lífeyrissjóðanna frá áramótum.

**15** milljarðar sem FL Group greiðir Fons eignarhaldsfélagi fyrir Sterling.

**3,7** milljónir á hvert íslenskt mannsbarn væri eignum lífeyrissjóðanna skipt nú.

## BANKAHÓLFIÐ




### Leiðandi í mannasiðum

Icelandic Group virðist stefna að því að verða leiðandi fyrirtæki á íslenska markaðnum. Reyndar á svolítið sérkennilegum sviðum.

Félagið hélt hluthafafund síðastliðinn mánudag. Breytingar hafa orðið í hluthafahópnum og mætti ljósmyndari til að taka mynd á fundinum. Honum var hins vegar meinaður aðgangur sem er nýjung í samskiptum fjölmiðla og skráðra hlutafélaga.

Hitt nýmælið sem Icelandic Group hefur tekið leiðandi stöðu í er aðferðin við að segja upp forstjórum. Harkaleg framganga við uppsögn Þórólfs Árnasonar hefur ekki fengið góðar undirtektir meðal manna á markaðnum. Spurningin er svo hvort fyrirtækið markar sér leiðandi stöðu á fleiri sviðum og þá hvort það verður í einhverju sem lýtur að rekstri, fremur en mannasiðum.

### Þorvaldsson & Bergs

Nýr forstjóri Singer & Friedlander, Ármann Þorvaldsson, hefur ásamt Helga Bergs leitt útrás bankans í fyrirtækjaverkefnum í London með góðum árangri. Þeir félagar lönduðu Somerfield á dögunum og var bankinn virkur í þeim kaupum allan tímann, með eða án Baugs í gegnum tengsl sín við Tchenguis-bræður.

Innkoma Ármanns í forstjórastólinn þykir skýrt merki þess að Kaupþings-stemning verði látin ráða ríkjum í nýja bankanum. Þegar bankinn komst fyrst í íslenska umræðu var gantast með að þarna hefði Kaupþing augastað á ríflega 600 teinóttum jakkafötum. Nú verða jakkafötin væntanlega látin bretta upp ermarnar og taka ákvarðanir af þeim hraða sem einkennt hefur Kaupþingsmenn. Gárungar vilja ganga lengra og vilja breyta nafni bankans í London í Þorvaldsson & Bergs.

### Sljór bankagreinandi

Forsvarsmenn KB banka hafa verið að kynna bankann fyrir erlendum fjárfestum, enda standast verðkennitölur bankans alþjóðlegan samanburð. Meðal gesta á einni kynningu bankans var yfirmaður bankagreiningardeildar Morgan Stanley í Evrópu sem flutti smá erindi. Hann gantaðist í byrjun erindisins og sagði starfsmann sem fylgist með bönkum á Norðurlöndum nýhættan störfum. Sá hefði ekki komið auga á KB banka og nú skildi hann hvers vegna hann hefði hætt. Hefði sennilega verið rekinn annars.


# Seed Forum Iceland

UK TRADE & INVESTMENT

## Invest in the **next big thing**

Investor event at Nordica Hotel 28. October

At this Seed Forum Investor Event in Reykjavik, eight international promising growth companies will showcase their business opportunities to investors. Based on the success of Seed Forum, the British embassy in Reykjavik and Seed Forum Iceland invite investors to the second Seed Forum Event held in Reykjavik.

All of the companies presenting, also participate in some other International Seed Forum Event this autumn, i.e. in London, New York, Stockholm, Oslo or Moscow.

**TIME & VENUE**
The conference will take place **Friday 28th of October 2005** at the **Nordica Hotel, Sudurlandsbraut 2, 108 Reykjavik.**

For more information visit the Seed Forum Iceland website:
**http://www.seedforum.is**

**REGISTRATION**
Seats are limited and are assigned on a first-come, first served basis and admission fee is ISK 8.000.

**Register Early!**

Register at **http://www.seedforum.is** or call **570 7267**

The British Ambassador, Alp Mehmet, would be delighted if participants could join him for informal drinks at 17:00 at his residence.

**AGENDA**

08:30 REGISTRATION

09:00 OPENING
Ólafur Ragnar Grímsson,
The President of Iceland

09:10 SPEAKERS
Steinar Hoel Korsmo,
CEO Seed Forum International Foundation

Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Rector of Reykjavik University

Þórður Friðjónsson,
President and CEO of Icex

10:00 BUSINESS OPPORTUNITIES

**White Shark** (Sweden)
Robert Rhodin

**3-Plus** (Iceland)
Ingólfur Garðarsson

**Tidal Sails** (Norway)
Are Børgesen

**BlueFish** (Sweden)
Karl Karlsson

**Stiki** (Iceland)
Ragnheiður Guðmundsdóttir

**XScreens** (Norway)
Jan Otto Reimers

**Caoz** (Iceland)
Hilmar Sigurðsson

**Mentis Cura** (Iceland)
Kristinn Johnsen

12:30 LIGHT BUFFET LUNCH

**Chairman Jón Helgi Egilsson,**
Chairman of Seed Forum Iceland

Our supportors include:

kl@k innovation center | SI | Háskólinn í Reykjavík | RANNÍS | Landsbankinn | ICELANDAIR | Reykjavíkurborg | FSP | PARX Business Consulting | ICEX

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Hjólhýsi Ranger árg. 1998 með fortjaldi og fl. Glæsilegt hús. Verð kr. 1.370.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is



Hjólhýsi Wilk árg. 1989 með skyggni, gervihnattadisk. Verð kr. 750.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is



Hjólhýsi Hobby árg. 2005 með sólarsellu. Breiðari gerð. Verð kr. 1.950.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is



Hjólhýsi TEC hjólhýsi árg. 2004 með Alde, loftneti, græjum og stórum rafgeymi. Verð 2.050.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is



Hjólhýsi TEC árg. 2005 með Alde, sólarsellu, útvarpi og fl. Verð kr. 2.140.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720. www.vikurverk.is

Fellihýsi YUMA árg. 2003 með sólarsellu, skyggni og fl. Verð kr. 1.090.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720. www.vikurverk.is

Fellihýsi Taos árg. 1999. Verð kr. 480.000. Upplýsingar hjá Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720. www.vikurverk.is

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 557 7720**
**www.vikurverk.is**



Honda CRV, 2.0L. 4x4 árg. 04/1998., ek. 175þús. km., ssk., rafm. í speglum og rúðum, samlæsing o.fl. Verð. 890þús. Upplýs. 565-2500.. Upplýs. 565-2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu



BMW 740IL '98 lúxusvagn, V8 296hö, 4,4l, rafm. í öllu, TV, ljóst leður. S. 617 7820.




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



**100% lán engin útborgun**
Fyrsta greiðsla jan. 2006. Ford F 150 Lariat 4x4 árg. 2005, ekinn 25.000 km, 5,4, V8 Tridon. Gott verð. S. 898 2111.



F 350. 2002. Ekinn 103 þús km. 15 manna. V8 5.4L. Ný dekk og allt yfirfarið. Atvinnutækifæri á algjöru útsöluverði 1.5 m. & 100% lán. Uppl. í s. 893 6262.

Til sölu Isuzu Trooper '99, ssk. 3L turbo diesel, 32" dekk. Tilboð óskast. Hyundai H1 2,5 turbo diesel árg. '99. Verð 750 þús. Góðir bílar. Uppl. í s. 863 2501.

## 0-250 þús.



Til sölu Hyundai Elantra árg. 1997, góður bíll. Verð 185 þús. Uppl. í síma 867 3022.



Opel Corsa árg. '96, ek. 137 þ. Ný tímareim, ný dekk. Verð 150 þús. S. 824 3797.

Tveir góðir. Suzuki Balleno st. árg. '97, v. 265 þ. stgr. Renault Twingo árg. '97, v. 235 þ. stgr. Get tekið ódýran sem má vera bilaður upp í. S. 896 6744.

Daihatsu Rocky árg. '90, ekinn 190 þús. 2,0 bensín. Verð 35 þús. S. 897 3008.

Útsala! 2 bílar, Ford Escord st. '97, s. + v. dekk. V. 165 þ. Peuoget st. '98, 7 manna. V 295 þ. S. 898 1590.

Toyota Carina II árg. '90, CD, hiti í sætum, álfelgur, heilsársdekk á felgum. Uppl. í s. 865 5384.

Daihatsu Charade árg. '91, ek. 160 þús., þarfnast smá lagfæingar. Verð 35 þús. Uppl. í s. 661 4509.

Til sölu Benz 190 E árg. '84, sk., ssk. Verð 70 þús. S. 553 2171.

MMC Lancer 1,5 árg. '92, ek. 155 þ. Ný skoðaður, ný tímareim, vetrardekk. Gott eintak. V. 140 þ. S. 822 4610.

**Tilboð tilboð!**
Ford Fiesta árg '97. 5 dyra. sk.'06. Vetrardekk. Ásett verð 270 þús. Tilboð 150 þ. S. 691 9374.

## 250-499 þús.



Lanser GLX árg. '98, ekinn 89 þús. Mjög gott eintak. Uppl. í síma 897 5162.



Daihatsu árg. 1996 ekinn 107.000 sjálfskiptur fimm dyra í góða standi. Verð 350 þ. staðgreitt. Uppl. í s. 840 1740.



Til sölu Toyota Corolla xli '94. Toppeintak á nýjum dekkjum og skoðuð '06. Mikið endurnýjuð. Ásett verð 350 þús. S. 864 3898.



2 á undirverði: Impreza '96 2,0. Peugeot 306 '98. 320 þ. stykkið. S. 564 6054 & 858 7890.



Opel Astra Station '98, ek 95 þ. km. Smurb. frá upph. 1 eigandi. Ásett verð 520 þ. kr. Tilboð 390 þ. kr. S. 849 0748 & 896 0748.

## 500-999 þús.



Til Sölu VW Golf Highline 1.6 ek. 129 þ. Glæsilegur bíll. Topplúga, smurbók, aukabúnaður. Verð 890 þ. Uppl. í s. 863 1757.



Til sölu Jeep Wrangler 2,5L árg. 1994, ek. 150.000 km. Góður bíll. Verð 550.000, engin skipti. Uppl. í s. 897 2080.

M. Benz C 180 sport árg. '94, ek. 170 þús., rafm. í öllu, leður, topplúga, ssk., álfelgur. Í toppstandi. Uppl. í s. 698 7382.

## 1-2 milljónir



Fjórhjóladrifinn dísel sparibaukur Volvo XC70 2,4 D5 Common Rail 164.hö skr. 5/'03 ek. 82 þ. km. Ssk./bsk. og hlaðinn aukabúnaði. Áhv. lán. Uppl. í s. 856 2491.



Jeep Cherokee Sport 4x4 2,5 ltr 4.cyl. skr. 7/'96 ek. 117 þ. km. Bsk., álf., krókur ofl. Innfl. nýr af umboði (er í Rvk.) Uppl. í s. 856 2491.



Til sölu Hyundai Getz Sport '04, ekinn 35 þús. Sumar og vetrardekk. Áhv. 1020 þús. Verð 1190 þús. Afborgun á mán. 15 þús. Vel með farinn. S. 695 1962.

## 2 milljónir +



Mercedes Benz ML500 árgerð 2002. Glæsilegur bíll, sem nýr. Hlaðinn búnaði á borð við leður, dráttarpakka, regnskynjara, bi-xenon, minni í sætum, hraðast., ný dekk o.m.fl. Verð 3,7 m stgr. Listaverð 5,1 m. Sími 847 2582.



Frábært tilboð 2790 þús. + vsk. Mercedes Benz Sprinter 316 CDI Maxi. Sjálfskiptur, ASR, ESP ofl. Kaldasel ehf Dalvegur 16 b, Kópavogur s. 544 4333 og 820 1070.

## Bílar óskast

0-150 þ. staðgreitt, helst ekki eldri en '95, má þarfnast lagf, eða skoðunar. S. 659 9696.

Óska eftir ódýrum jap. fólksbíl ca. árg. '93-'99. Uppl. í s. 695 9543.

Óska eftir ódýrum bíl árg. '98 eða yngri. Má vera klesstur eða bilaður. Skoða flest allt. S. 869 1658.

Óska eftir ódýrum bíl, 0-50 þús. Sími 699 3548.

## Jeppar




Sýningarbíll kominn til landsins! Árgerð 2006, nýr 7 manna Jeep Commandor. Algerlega ný hönnun og ótrúlega hagstætt verð! Nánari upplýsingar á www.islandus.com Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com www.islandus.com



Toyota LC 100VX diesel ekinn 70 þús., samlitur, sjálfskiptur, leður, topplúga, 33" breyting. Verð 4650 þús. Engin skipti. Sími 893 4470.




Notuð atvinnutæki




**Vélaver hf.**
**Lágmúla 7, 108 Reykjavík**
**Sími: 588 2600**

# SJÓNARHORN



Trilla á hafi úti. Ljósmynd/Vilhelm

## VISSIR ÞÚ ...

... að flestir áhorfendur á nokkrum fótboltaleik voru á leik Brasilíu og Úrúgvæ árið 1950 en þeir voru 199.854 talsins?

... að lengsta fjarlægð sem lið í efstu deild hefur þurft að ferðast er 4.794 kílómetrar? Það er fjarlægðin á milli heimavalla LA Galaxy og New England Revolution í bandarísku úrvalsdeildinni.

... að hæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir knattspyrnuleikmann er 6,8 milljarðar króna fyrir Zinédine Zidane þegar hann flutti sig frá Juventus til Real Madrid árið 2001?

... að Liverpool hefur unnið breska deildarbikarinn sjö sinnum, oftar en nokkurt annað lið?

... að brasilíski knattspyrnumaðurinn Pelé skoraði alls 1.279 mörk í 1.363 leikjum frá 7. september 1956 til 1. október 1977?

... að markahæsta ár Pelé var árið 1959, en þá skoraði hann 126 mörk?

## SKEMMTILEGAST/LEIÐINLEGAST

# *Heitt bað með viskí og Andrésblað*



STEFÁN PÁLSSON
SPURNINGASÉNÍ, SAFNVÖRÐUR OG SJÓNVARPSMAÐUR

**Skemmtilegast?**

...að fara í heitt bað með viskíglas og glænýtt Andrésblað.

**Leiðinlegast?**

...að setjast niður á bar eða kaffihús fyrir 1-2 bjórkrúsir eða kaffibolla til þess eins að uppgötva þegar heim er komið að fötin mín eru mettuð af reykingalykt.





HJÁLP!!!!
Við erum að drukkna í þrívíddarmyndum
Yfir 1500 gerðir og fer fjölgandi.....
Tilboð kr. 99.- per stk. til laugardags 29. okt.
gegn framvísun á þessum miða
Fondurstofan.is – Síðumúli 15, 2 hæð
Opið virka daga 13 -18, laug. 10 -14 S. 553-1800












## KAUPHÖLL ÍSLANDS

*[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.625 **+1,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 364
**Velta:** 2.822 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **Flaga** | +3,06% |
| **Landsbankinn** | +2,72% |
| **Jarðboranir** | +2,33% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **Mosaic Fashions** | -0,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 43,10 +1,70% ... Bakkavör 44,00 +1,20% ... FL Group 14,20 +0,70% ... Flaga 3,71 +3,10% ... HB Grandi 9,35 +1,10% ... Íslandsbanki 15,00 +0,00% ... Jarðboranir 22,00 +2,30% ... KB banki 606,00 +1,00% ... Kögun 54,20 +0,40% ... Landsbankinn 22,70 +2,70% ... Marel 64,50 +0,80% ... SÍF 4,48 +0,20% ... Straumur 13,30 +0,80% ... Össur 93,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Íslandsbanki opnar í Kanada

Íslandsbanki hefur ákveðið að opna útibú í Kanada á fyrri hluta ársins 2006. Íslandsbanki hefur sérhæft sig í útlánum til sjávarútvegsfyrirtækja og meðal viðskiptavina bankans eru nokkur af stærstu sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtækjum Kanada. Íslandsbanki hefur haft útlán til Kanada allt frá árinu 1999. Meðal stórra viðskiptavina Íslandsbanka í Kanada er stærsta laxeldisfyrirtæki Kanadamanna, Cooke Aquaculture, en Íslandsbanki hefur komið að tveimur stórum yfirtökum félagsins á öðrum laxeldisfyrirtækjum síðustu misseri. Íslandsbanki gekk einnig á dögunum frá skuldabréfaútgáfu fyrir kanadíska sjávarútvegsfyrirtækið Clearwater Seafoods Income Fund en andvirði útgáfunnar var um 2,5 milljarðar króna.

**- hb**



**HLUTHAFAFUNDUR** Gestir á hluthafafundi Símans í september.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Yfirtökutilboð útrunnið

### Hluthafar Símans gátu selt bréf sín.

Yfirtökutilboð til smærri hluthafa Símans rann út í gær. Bauðst þeim að selja hlutabréf sín til Skipta ehf. á genginu 9,6.

KB banki hefur umsjón með gerð tilboðsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru ekki margir búnir að nýta sér tilboðið í byrjun vikunnar en nákvæmar tölur lágu ekki fyrir í gærkvöldi. Tilkynning verður send Kauphöll Íslands í dag þar sem niðurstöður verða kynntar.

Skipti keypti hlut ríkisins í Símanum í sumar og á tæp 99 prósent hlutafjár. Félaginu bar að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð samkvæmt lögum. Var litlu hluthöfunum, sem voru í lok ágúst sl. 1.252, sent boð um að selja hlut sinn. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, sagði á hluthafafundi í september að hann vonaðist til að sem fæstir nýttu sér þetta boð og fylgdi þeim eftir.

Skipti greiddi 66,7 milljarða króna fyrir hlut sinn. Aðrir hluthafar eiga tæplega 87 milljónir hluti. Gangi þeir allir að yfirtökutilboðinu þarf Skipti að greiða þeim samtals um 832 milljónir króna. Að meðaltali eru það 665 þúsund krónur til hvers hluthafa.

**- bg**






NIKOS KAZANTZAKIS (1883-1957)
LÉST ÞENNAN DAG.



*„Allt í þessum heimi hefur dulda þýðingu.“*

NIKOS KAZANTZAKIS VAR GRÍSKUR HEIMSPEKINGUR OG RITHÖFUNDUR. BÓK HANS UM GRIKKJANN ZORBA VAR KVIKMYNDUÐ ÁRIÐ 1964.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 26. OKTÓBER 1984

# *Ungbarn fær hjarta úr apa*

Á þessum degi árið 1984 var hjarta úr bavíana grætt í fjórtán daga gamalt stúlkubarn. Aðgerðin var framkvæmd af Leonard L. Bailey skurðlækni við Loma Linda háskólasjúkrahúsið í Kaliforníu. Þetta var í fyrsta sinn sem reynt var að græða hjarta úr bavíana í manneskju.

Stúlkan, sem nefnd var „baby Fae“ fæddist með vanþroskað hjarta, en nær alla vinstri hlið þess vantaði í stúlkuna. Nokkrum dögum eftir fæðingu barnsins sannfærði Bailey móður þess að leyfa honum að skipta hjartanu út fyrir heilbrigt apahjarta enda væru lífslíkur barnsins að öðrum kosti sáralitlar.

Þrisvar áður hafði hjarta úr dýri verið grætt í menn, síðast árið 1977, en enginn lifði lengur en rúma þrjá daga. Bailey hélt því fram að ólíklegra væri að líkami svo ungs barns myndi hafna hjartanu þar sem ónæmiskerfi þess væri ekki orðið þroskað.

Baby Fae lifði aðgerðina af og lífsbarátta hennar næstu daga dró að sér heimsathygli. Hún lifði lengur en nokkur önnur mannvera eftir slíka aðgerð en þó fór svo að líkaminn hafnaði hinu nýja hjarta og Fae dó úr nýrnabilun vegna þeirra ónæmisbælandi lyfja sem henni voru gefin. Fae dó 15. nóvember 1984 eftir tuttugu daga harða baráttu.



BABY FAE

## MERKISATBURÐIR

**1951** Winston Churchill verður forsætisráðherra Breta í annað sinn þegar Íhaldsflokkurinn sigrar í kosningum.

**1958** Pan Am flýgur fyrstu Boeing 707 þotunni frá New York til Parísar á átta klukkutímum og 41 mínútu.

**1965** Reykjanesbraut, milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, er formlega opnuð til umferðar.

**1986** Hallgrímskirkja í Reykjavík er vígð. Hún var í smíðum í 41 ár. Við vígsluna gengu um tvö þúsund kirkjugestir til altaris.

**1994** Leiðtogar Ísraela og Jórdána skrifa undir friðarsamkomulag milli þjóðanna.

**1995** Tuttugu manns farast þegar snjóflóð fellur úr Skollahvilft á byggðina á Flateyri við Önundarfjörð.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is


Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson
Þegar andlát ber að
Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



†

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Gylfi Jónsson**
vélvirki, Fannafold 116,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 21. október.

Sigurlaug Einarsdóttir



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Halldóra S. F. Thorlacius**
frá Bæjarskerjum,

lést að Garðvangi laugardaginn 22. október.
Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Ragnhildur Jónasdóttir | |
| Ólafur Jónasson | Kristólína Ólafsdóttir |
| Þórarna Jónasdóttir | Sigfús Guðbrandsson |

Einar Jónsson
Finnur Thorlacius og Sara Hrund
Ari Thorlacius og Bylgja
Jón og Bjarni Sigfússynir



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Kristinn Óskar Magnússon**
framkvæmdastjóri Fráveitu Hafnarfjarðar,
Hjallabraut 43, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, sunnudaginn 23. október.
Jarðsett verður frá Víðistaðakirkju 1. nóvember kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Margrét B. Eiríksdóttir | |
| Berglind M. Kristinsdóttir | Ólafur K. Eyjólfsson |
| Katrín J. Kristinsdóttir | Birgir Sólveigarson |
| Sigríður Ólafía Ragnarsdóttir | |
| Guðrún Sveinsdóttir | |

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 550 5000.

GUÐMUNDUR BALDURSSON: KJÖRINN FORSETI BRIDGESAMBANDS ÍSLANDS

# Spilaði bridds á Norðursjó



**FORSETI** Guðmundur fylgdist með foreldrum sínum spila bridds sem ungur drengur. Hann fór þó ekki að stunda spilamennskuna að neinu gagni fyrr en hann fór á sjó um tvítugt.

„Bridds var mikið spilað heima hjá mér þegar ég var barn og ég fylgdist vel með því,“ segir Guðmundur Baldursson, nýkjörinn formaður Bridgesambands Íslands, sem telur mikið verk fyrir höndum á næstu árum og mánuðum að vekja ungdóm landsins til meðvitundar um bridds sem skemmtun og hugaríþrótt.

„Það gengur ekki alveg nógu vel að fá unga fólkið til að spila en stendur þó til bóta,“ segir Guðmundur. Stefnan er sett á það að koma bridds meira inn í skólana en það hefur þegar verið gert í litlum mæli.

Þó Guðmundur hafi fylgst með foreldrum sínum spila bridds sem ungur drengur fór hann sjálfur ekki að stunda spilamennskuna að neinu gagni fyrr en hann komst á tvítugsaldur. „Þá fór ég á sjó á Reykjaborginni og við vorum á Norðursjó í fjóra mánuði í einu,“ segir Guðmundur en á löngum kvöldstundum fjarri heimahöfn var gott að geta gripið í spilastokkinn og leitt hugann frá vinnunni. „Við spiluðum nokkuð oft, fjórum fimm sinnum í viku.“

Guðmundur segir ríka hefð fyrir bridds ríkja á Íslandi. „Það var mikið spilað í heimahúsum hér á árum áður,“ segir hann en telur þó að bridds sé nú meira spilað í sölum hinna þrjátíu aðildarfélaga Bridgesambandsins um land allt. Á fjórða þúsund manns eru skráðir félagar í sambandinu en Guðmundur telur að um þúsund þeirra séu töluvert virkir.

„Ég er bara meðalspilari,“ segir Guðmundur um færni sína í briddsi, en hann keppir þó á flestum mótum sem haldin eru hér á landi. Jón bróðir hans hefur hins vegar gert garðinn frægan erlendis enda var hann einn þeirra sem hlutu hina víðfrægu Bermúdaskál árið 1991 á heimsmeistaramótinu í Yokohama í Japan.

Bridgesambandið heldur fjölda móta á hverju ári. Íslandsmót í sveitakeppni, tvímenningi og einmenningi, jólamót og Íslandsmót eldri spilara og yngri. Þá stendur deildarkeppni yfir um þessar mundir. Hátindur spilaársins er án efa hin árlega Briddshátíð í febrúar. „Þá kemur mikið af erlendum spilurum hingað og spilað er í fjóra daga,“ segir Guðmundur, sem hlakkar þegar til.

„Þetta er hugaríþrótt og alltaf eitthvað nýtt að gerast,“ segir Guðmundur um það hvað sé heillandi við briddsið. Einnig segir hann mikinn félagsskap að fá út úr spilamennskunni enda hefur hann þannig kynnst mörgum góðum vinum í gegnum tíðina.

Þó Guðmundur sé forfallinn briddsáhugamaður gefur hann sér tíma fyrir önnur áhugamál. „Ég er á kafi í golfinu,“ segir Guðmundur, sem hefur stundað íþróttina í sex ár. Það er þó ekki mikið vandamál að sameina áhugamálin tvö. „Golfið er sumaríþrótt og briddsið vetraríþrótt þannig að það kemur vel saman,“ segir Guðmundur, sem telur góðan briddsspilara vera agaðan og sjá það sem búi í spilunum.

## ANDLÁT

**Elín Ása Jónsdóttir** frá Baldursheimi, Eyjafirði, var búsett í Keflavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 18. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristín Ólafsdóttir** hjúkrunarkona frá Stakkadal á Rauðasandi, Sólheimum 27, áður Ljósheimum 8a, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 21. október.

**Steingerður Jóhannsdóttir** frá Brekku, Vestmannaeyjum, lést á Hraunbúðum, dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum, laugardaginn 21. október.

**Halldóra S.F. Thorlacius** frá Bæjarskerjum lést á Garðvangi laugardaginn 22. október.

**Kristinn Óskar Magnússon,** framkvæmdastjóri Fráveitu Hafnarfjarðar, Hjallabraut 43, Hafnarfirði, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 23. október.

**Árni Hinrik Jónsson**, áður Suðurgötu 44, Keflavík, lést á Sjúkrahúsi Keflavíkur laugardaginn 22. október.

## JARÐARFARIR

13.00 **Guðrún Fanney Óskarsdóttir** kennari, Rauðagerði 65, Reykjavík, verður jarðsungin frá Seljakirkju.

15.00 **Jón Sigtryggur Zophoníasson**, Gullsmára 10, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 Minningarathöfn um **Þóru Steinunni Stefánsdóttur** frá Keldunesi, Kelduhverfi, síðast til heimilis í Lönguhlíð 3, Reykjavík, verður í Háteigskirkju.

## AFMÆLI



**Bob Hoskins** leikari er 63 ára.



**Hillary Rodham Clinton** öldungadeildarþingmaður er 58 ára.



**Egill Heiðar Anton Pálsson** leikari er 31 árs.



**Gísli Guðjónsson** réttarsálfræðingur er 58 ára.



**Guðmundur Guðjónsson** yfirlögregluþjónn er 58 ára.

## BRÚÐHJÓN



**Anna E. Karlsdóttir** og **Þór Tjörvi Einarsson** voru gefin saman á Þingvöllum af séra Sigrúnu Óskarsdóttir hinn 21. júlí.

SVIPMYNDIR


Betra Form
casall
ÁRANGUR
8 vikna námskeið fyrir konur
Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan
Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á Betra form-námskeiðunum.
Vertu með!
Skráðu þig strax í síma 568 9915 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is
Morgunhópar
Daghópur
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla
Innifalið:
• Þjálfun 3-5x í viku
• Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
• Fitumælingar og vigtun
• Matardagbók
• Vandað fræðsluefni
• Lögmálin 9 um megrun - nýútkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.
Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla
Hefst 31.okt.
HREYFING
Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is
FABRIKAN 2005 Ljósmynd: K.Maack





# STUÐ MILLI STRÍÐA Iceland Airwaves brotlenti harkalega

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM MEÐ HELGINA.



Alls kyns hátíðir, jól, páskar og allt það, geta glatt mig mikið. Ég á þó til að hlakka svo mikil til hátíða að ég verð fyrir vonbrigðum þegar þær ganga í garð. Þetta gerðist bara núna um helgina þegar ein uppáhaldshátíðin mín, Airwaves-hátíðin, brotlenti harkalega í Reykjavík.

Eitthvað fannst mér lítið um fína drætti á hátíðinni en hlakkaði til að sjá nokkra tónleika. Við kærastinn örkuðum í bæinn á miðvikudagskvöldi og hugðumst sjá nokkrar sveitir. Við sáum bara eina. Stærstum hluta kvöldsins eyddum við í röðinni á Nasa en eftir einn og hálfan klukkutíma voru tærnar orðnar svo frosnar að við gátum ekki meir.

Ég hélt gleði minni daginn eftir og taldi þetta einungis byrjunarörðugleika. Svona hafði þetta aldrei verið á Airwaves svo varla yrði þetta svona það sem eftir var hátíðarinnar. Alltaf hafa hátíðargestir getað arkað á milli staða. Ef manni fannst leiðinlegt á Nasa þá fór maður einfaldlega annað. Ég hafði hins vegar rangt fyrir mér og svona var öll hátíðin.

Ég sá eina hljómsveit af þeim erlendu sem ég hugðist sjá því ég var annaðhvort í röð að reyna að komast á tónleika eða á leiðinlegum tónleikum vegna þess að röðin á þá skemmtilegu var of löng. Ef maður vildi sjá einhverja hljómsveit sem spilaði seint þurfti maður að vera á þeim stað allt kvöldið og sitja undir fullt af leiðinlegum sveitum. Þannig eiga tónlistarhátíðir EKKI að vera! Þetta var það slæmt að margir erlendir blaðamenn misstu af tónleikum og erlendir kynningarfulltrúar misstu jafnvel af sinni eigin hljómsveit!

Ég veit ekki hvað þeir gerðu, skipuleggjendur hátíðarinnar, en einhverju breyttu þeir og aldeilis til hins verra. Ég vona innilega að þeir bæti sig næst. Það er nokkuð ljóst að svona lagað láta fáir bjóða sér tvisvar. Vonandi verður munað eftir þessari hátíð sem ömurlegustu hátíðarinnar í sögu Airwaves.






## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 7 | 9 | 8 | 1 | 4 | 6 | 5 |
| 5 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 |
| 4 | 9 | 8 | 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 2 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 9 |
| 7 | 5 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 4 | | | 9 | | 2 |
| | 8 | 7 | | 1 | | | 5 | 3 |
| | 3 | | | 6 | | | 4 | |
| | | 6 | 5 | | 3 | 7 | | |
| 5 | | | 1 | | 9 | | | 8 |
| | | 1 | 6 | | 4 | 2 | | |
| | 7 | | | 4 | | | 9 | |
| 2 | 1 | | | 5 | | 8 | 7 | |
| 6 | | 4 | | | 8 | 3 | | |


Kveðjutilboð
í BT Smáralind
Opnum nýja verslun í smáralindinni eftir 3 daga!
Ferðaspilari
50% afsláttur
1.999
3.999
DENVER
DM-47T
DENVER FERÐASPILARI MEÐ HRISTIVÖRN
Fartölva
MEDION SONOMA
MEDION C7 SONOMA
• Intel® Centrino™ mobile tækni
• Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
• 15.4" WXGA skjár (1280x800)
• Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring
• Sjónvarpskort og fjarstýring
• 1 GB DDR2 minni
• 80 GB diskur
• Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
• Hátalarar með bassaboxi
• 54Mbit þráðlaust netkort
• TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
• MediaBay kortalesari
• Lithium-Ion rafhlaða
• Þyngd 3 kg
aðeins 20 STK
16:9 WIDE SCREEN
15,4"
FireWire
TV OUT
POWERED BY DDR MEMORY
119.999
155.999
36.000kr. afsláttur
DVD spilari
aðeins 20 STK
Fjölkerfa
2.999
DENVER
DVD-822
DENVER DVD SPILARI
MP3 spilari
3000kr. afsláttur
4.999
7.999
aigo
E808A-512MB
AIGO E808A 512MB MP3 með innbyggðu FM útvarpi
Fartölva
17"
WIDE SCREEN
1440 x 900
17" Widescreen
512 MB minni
80GB harður diskur
Firewire
DVD
WiFi
TV OUT
129.999
179.999
MEDION
MD95281
MEDION C8 CLAWHAMMER2 TV
• AMD Athlon™ 64 processor 3000+ - with PowerNow! Technology
• 17" WIDE-XGA TFT (1440x900)
• ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR VIDEO
• 512 MB DDRRAM 333MHz
• 80 GB harður diskur
• DVD skrifari
• Wi-Fi® Wireless (802.11g)
• Tv tuner, Subwoofer og innbyggð netmyndavél
50.000kr. afsláttur
Mús
42% afsláttur
1.999
3.499
Trust
14462-TRU
TRUST LASER MOUSE MI-6200
Ódýrasta lasermús landsins
Höfuðtól
50% afsláttur
Trust
999
1.999
11916-TRU
Trust Multi Function Headset
Lyklaborð og Hub
50% afsláttur
Trust
1.749
3.499
12837-TRU
TRUST NUMERIC KEYPAD & USB HUB
DVD myndir
Mikið úrval af tónlist á botnverði
599
Hver mynd
Nú tæmum við gömlu búðina!
BT
Bara brot af úrvalinu
Tilboðin gilda aðeins í BT Smáralind

# menning

menning@frettabladid.is

**Kl. 22.00**

*Ljóðakvöld verður haldið á Café Rosenberg í kvöld. Þar koma fram þeir **Mike Pollock** og **Sigfús Bjartmarsson** ásamt **Dóra DNA** og **GAK**. Í lokin verður hljóðneminn opinn gestum.*

# *Engin leið að hætta*

Ekki reynist nokkur leið að taka einleik Eddu Björgvinsdóttur, Alveg brilljant skilnað, af fjölunum því miðar á allar aukasýningar á verkinu í október hafa selst upp. Ákveðið hefur verið að bæta við örfáum aukasýningum í nóvember og eru þær óðum að fyllast.

Einleikurinn er sýndur á Nýja sviði Borgarleikhússins og hefur gjörsamlega slegið í gegn á Íslandi rétt eins og annars staðar þar sem hann hefur verið sýndur.

Edda leikur þar ráðvillta konu, Ástríði Jónu Kjartansdóttur, sem er að reyna að fóta sig í tilverunni sem nýfráskilin kona. Ástkær eiginmaður hennar til þrjátíu ára hefur yfirgefið hana fyrir yngri konu, Ástríði Jónu til mikillar furðu.

Tilfinningaflækjur hennar virðast eiga greiðan aðgang að hjörtum Íslendinga, sem ýmist veltast um af hlátri eða tárast meðan á sýningu stendur.

Einleikurinn Alveg brilljant skilnaður var frumsýndur síðastliðið vor og var þá sýndur sextíu sinnum fyrir fullum sal. Sýningin var ein þeirra fimm sem hlaut flest atkvæði í netkosningu almennings sem sýning ársins á Grímuverðlaununum. Vegna fjölda áskorana var ákveðið að hafa nokkrar sýningar í viðbót í september. Ekkert lát virðist vera á aðsókninni.



Einleikurinn er eftir breska leikskáldið Geraldine Aron en Gísli Rúnar Jónsson hefur þýtt og staðfært. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir.

## > Ekki missa af ...

... **Grasrótarsýningu** ungra myndlistarmanna í Nýlistasafninu við Laugaveg. Sýningunni lýkur 6. nóvember.

... sýningu **Myndhöggvarafélagsins** í Hafnarborg í Hafnarfirði þar sem á þriðja tug félagsmanna sýna verk sín. Sýningunni lýkur um mánaðamótin.

... sýningunni **Föðurmorð og nornatími** í Norræna húsinu þar sem hópur ungra myndlistarmanna sýnir út frá Manifesto sem **Valur Antonsson** rithöfundur sendi frá sér.

# Karlakór í fremstu röð

**Heimsókn finnska karlakórsins YL til Íslands þykir mikill hvalreki á fjörur unnenda góðrar kórtónlistar. Kórinn er með þeim allra bestu í heiminum um þessar mundir og syngur í Hallgrímskirkju á föstudagskvöld.**



**ÞEIR ERU Á LEIÐINNI TIL LANDSINS** Karlakórinn YL frá Finnlandi syngur í Hallgrímskirkju á föstudagskvöld.

„Það er sjaldgæft að við fáum kóra af þessum „kaliber“ í heimsókn,“ segir Árni Harðarson, stjórnandi karlakórsins Fóstbræðra. „Í Finnlandi er mikil kórahefð en þessi kór ber óumdeilanlega höfuð og herðar yfir aðra karlakóra í Finnlandi.“

Ylioppilaskunnan Laulajat er nafn kórsins upp á finnsku, en það mun þýða Stúdentakórinn. Hann var stofnaður við Háskólann í Helsinki árið 1883 og var lengi vel í nánum tengslum við tónskáldið Sibelius.

„Sibelius skrifaði mörg af sínum lögum fyrir þennan kór. Kórinn hefur alla tíð síðan haldið þessum tengslum við Sibelius og er enn að flytja hans músík, en um leið flytur hann mikið af nýrri tónlist og gerir mikið af því að panta tónverk til flutnings.“

Á tónleikunum í Hallgrímskirkju ætlar kórinn að flytja í bland hefðbundna tónlist eftir menn á borð við Sibelius, Schubert og Rossini og nýrri tónverk eins og til dæmis Ave Mariu og Le bain eftir Rautavaara.“

„Til dæmis ætlar hann að flytja verk eftir eistneska tónskáldið Veljo Tormis, sem er skrifað til minningar um þá sem fórust í Estonia-ferjuslysinu. Það er mjög áhrifamikið stykki.“

Þetta verk var pantað af tónskáldinu af tveimur kórum, bæði YL og sænska karlakórnum Orphei Drängar, en þessir tveir kórar teljast hafa algera sérstöðu meðal karlakóra á Norðurlöndunum hvað gæði varðar.

„Það er ekki nóg með að þessi kór eigi sér glæsta sögu heldur sýnist mér hann alltaf hafa verið að bæta í og sé mjög öflugur núna. Kórinn hefur unnið alþjóðleg verðlaun fyrir diska sem hann hefur gefið út og hefur hlotið alls kyns verðlaun í Finnlandi, svo sem fyrir kórplötu ársins og sem kór ársins.“

Stjórnandi kórsins er Matti Hyökki, prófessor í kórstjórn við Síbelíusarakademíuna, sem einnig hefur unnið til fjölda verðlauna.

Íslandsheimsóknin er lokahnykkurinn á tónleikaferðalagi YL til Bandaríkjanna. Karlakórinn Fóstbræður tekur á móti YL og syngur auk þess með honum á tónleikunum í Hallgrímskirkju, sem hefjast klukkan 20 á föstudagskvöldið.


Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

30. okt. kl. 20 - 3. sýning - 4. nóv. kl. 20 - 4. sýning
6. nóv. kl. 20 - 5. sýning - 12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUDAGINN 1. NÓV. KL.12.15
„Leyndardómar í draumum og sögum"
Hanna Dóra Sturludóttir, sópran og Kurt Kopecky, píanó

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 3/11 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11, nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00.

EDITH PIAF
Sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt. Aukasýningar sun. 20/11 örfá sæti laus, sun. 27/11 örfá sæti laus, sun 4/12 nokkur sæti laus - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

KLIPPIMYNDIR - Ballettsýning frá Konunglega danska leikhússins
Sun. 30/10 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Í kvöld mið. 26/10 uppselt, lau. 29/10 kl. 16:00 nokkur sæti laus, sun. 30/10 örfá sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir..

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Forsýningar í kvöld mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10 örfá sæti laus, fim. 3/11 örfá sæti laus, lau. 5/11. Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 27/10 kl. 21:00 Óperan í öðru ljósi. Menningarkvöld Íslensku óperunnar
Fös. 28/10 kl. 23:00 Þórupiltar - Uppselt.
Lau. 29/10 kl. 21:00 Ljóðakvöld. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsso
Lau. 29/10 kl. 23:00 Þórupiltar - "Strákarnir" sem allir eru að tala um!
Sun. 30/10. Sunnudagsjass. Múlinn -Patagonia. Latín og brasilísk jasstónlist

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

Salka Valka
Su 30/10 kl. 20 Græn kort
Fi 3/11 kl. 20 Blá kort Lau 12/11 kl. 20
Fi 17/11 kl. 20 Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20

Woyzeck
Fi 27/10 Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 Gul kort Lau 5/11 kl. 20
Rauð kort Fi 10/11 kl. 20 Græn kort
Fö 11/11 kl. 20 Blá kort

Kalli á þakinu
Su 30/10 kl. 14 UPPSELT Su 6/11 kl. 14
Su 13/11 kl. 14 Su 20/11 kl. 14

Id - Haustsýning
Wonderland e. Jóhann Frey Björgvinsson
Critic ´s Choice? e. P.Anderson og Pocket
Ocean e. Rui Horta 4/11 kl. 20 Frumsýning
6/11 kl. 20 13/11 kl. 20 20/11 kl. 20
23/11 kl. 20 Aðeins þessar 5 sýningar

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT
Fi 3/11 kl. 20 UPPSELT Fö 4/11 kl. 20
Lau 5/11 kl. 20 Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Lau 29/10 kl.20 UPPSELT
Su 30/10 KL. 20 UPPS. Su 6/11 kl. 20 UPPS.
Su 13/11 kl. 20 AUKASÝING
Su 20/11 kl. 20 AUKASÝNING

Manntafl
Lau 12/11 kl. 20

Forðist okkur
e. Hugleik Dagsson. Síðustu sýningar!
Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense.
Lau 29/10 kl. 18 Lau 29/10 kl. 21
Su 30/10 kl. 17 Su 30/10 kl. 20
Má 31/10 kl. 20 Þr 1/11 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
3. sýning - Sun. 30. okt. kl. 17.00
4. sýning - fim. 3. nóv. kl. 20.00
5. sýning - lau. 5. nóv. kl. 17.00
örfá sæti laus
VÍSIR
Sýnt í Iðnó, miðasala í síma: 562-9700, á idno@xnet.is og á midi.is



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
13. sýn fös 28. okt - örfá sæti
14. sýn lau 29. okt - örfá sæti
15. sýn fös 4. nóv - örfá sæti
16. sýn lau 5. nóv - örfá sæti
17. sýn fös 11. nóv - örfá sæti
18. sýn fös 18. nóv
19. sýn lau 19. nóv
20. sýn fös 25. nóv
21. sýn lau 26. nóv
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Mikið stuð og mikið leikhús

Hljómsveitin Brynhildur & BBØ's halda útgáfutónleika á Hótel Borg í kvöld vegna plötunnar grrr... sem er nýkomin út á vegum 12 Tóna.

Platan inniheldur fjórtán gleði- og sorgarlög sem fjalla öll á einn eða annan hátt um ástina. Sérlegir gestir á henni eru Krummi og Gísli Galdur Þorgeirsson.

„Þetta verður mikið stuð og mikið leikhús," segir Brynhildur Guðjónsdóttir, sem sló í gegn í leikritinu Edith Piaf, um tónleikana. „Við munum skapa skemmtilegan hljóðheim og viljum bjóða öllum að gleðjast með okkur."

Brynhildur & BBØ's spila þekkt lög eftir aðra listamenn, þar á meðal Patsy Klein, Eartha Kitt og Pointer Sisters. „Við erum rykugt sígaunaband og tökum gamlar sálir og glæðum þær nýju lífi. Við kafum á þessu öllu saman þannig að þetta verði eins og falleg kámugt glas á rykugum bar," segir hún. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00.



**BRYNHILDUR & BBØ'S** Brynhildur Guðjónsdóttir heldur útgáfutónleika í kvöld ásamt hljómsveitinni BBØ's.



**PATAGONIA JAZZ QUARTET** Ludvig Kári Forberg og félagar.

# Patagonia í hádeginu

Á Háskólatónleikum í Norræna húsinu í hádeginu í dag stígur á svið djasskvartettinn Patagonia Jazz Quartet, sem var stofnaður á Seltjarnarnesi árið 2004. Kvartettinn flytur frumsamda tónlist og þekkt djasslög í suður-amerískum stíl.

Hljómsveitin hefur tekið þátt í Menningarnótt Reykjavíkurborgar og Ljósanótt í Reykjanesbæ en jafnframt verið virkur þátttakandi í djasslífi höfuðborgarinnar með því að spila á helstu veitingahúsum miðbæjarins.

Allir félagar hljómsveitarinnar starfa við tónlistarkennslu en líka við hljóðfæraleik. Þeir eru Jakob Hagedorn-Olsen gítarleikari, Guðjón S. Þorláksson bassaleikari og George L. Claessen trommuleikari og slagverksmaður ásamt Ludvig Kára Forberg víbrafónleikara.











allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




FRAMLEIÐENDUR AMERICAN IDOL KYNNA NÝJAN ÞÁTT ÞAR SEM LEITAÐ ER AÐ BESTA DANSARA BANDARÍKJANNA.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# TITLARNIR SEM VANTAR

**Jólabókaflóðið er að skella á og hverju brakandi og krassandi snilldarverkinu á fætur öðru skolar á fjörur landsmanna. Alltaf má þó á sig blómum bæta og hér eru uppástungur að titlum sem myndu sóma sér vel í hillum verslana og pökkum bókaþjóðarinnar þessi jól.**




**JÁTNINGAR FJÖLNIS ÞORGEIRSSONAR**
Eftir að Páll Ásgeir Ásgeirsson réðst í að gera ævisögu Láru miðils eru nokkrir „gleymdir“ einstaklingar sem gætu sprottið aftur fram á sjónarsviðið. Mesta spennan yrði þó fyrir útgáfu Játninga Fjölnis Þorgeirssonar. Þar myndi hann loksins svipta hulunni af sambandi sínu við kryddpíuna Mel B og segja frá æðisgengnum kvöldum í London þegar hún var að brjótast fram á sjónarsviðið. Ekki myndu krassandi frásagnir af samskiptum hans við fjölmiðla skemma auk þess sem sambandi hans við Lindu Pé yrðu gerð góð skil.

Í kjölfarið á öllum Íslandsmetunum og glansmyndunum myndi Fjölnir koma fram með einhverja óvæntustu játningu síðari tíma: „Ég var aldrei frægur.“ Þar myndi hann greina frá því þegar hann gerði sér grein fyrir þessu og flúði upp í sveit þar sem hann býr nú í faðmi fjölskyldunnar og hestanna. Magnað lífskapphlaup mannsins sem allir héldu að væri frægur.




**FAÐIR VOR...**
Vert væri að safna saman og gefa út í einu riti minningargreinar sjálfstæðismanna um Davíð Oddsson, fyrrverandi formann flokksins, sem safnaðist til feðra sinna í Seðlabankanum hinum megin við Hverfisgötuna á dögunum.

Eins og sjálfstæðismanna er von og vísa er hér um að ræða gagnrýnið en sanngjarnt uppgjör við leiðtogann, enda er óþarfi að útlista mannkosti Davíðs sérstaklega; þá sjá allir sem það vilja.

Inngang skrifar Hannes Hafstein ráðherra og segir meðal annars að Davíð sé „geðríkur, karlmannlegur ljúflingur, en jafnframt elskulegur fjörkálfur, fullur af húmor, lífsgleði og leik.“




**Í SJÖUNDA HIMNI: KONAN SEM VARÐ FORSTJÓRI**
Í þessari einstöku sögu fer Ragnhildur Geirsdóttir yfir æsispennandi atburðarás sem varð til þess að hún varð forstjóri FL Group. Lífið lék við hana og henni var hampað sem einhverjum glæsilegasta fulltrúa kvenna í viðskiptalífinu. En þegar nær dró Kvennafrídeginum þorðu stjórnendur fyrirtækisins ekki að taka þá áhættu að framkvæmdastjórinn færi í frí eftir hádegi og sögðu henni uppi.

Í þessari bók fer Ragnhildur yfir sögu sína sem forstjóri eins stærsta fyrirtækis á Íslandi og lýsir því hvernig henni tókst á örskömmum tíma að hafa áhrif í karlaveldinu. Þá dregur hún hvergi af þegar samskiptum hennar og æðstu yfirmannanna er lýst. Enn fremur blæs hún á kjaftasögurnar um himinháar upphæðir sem hún á að hafa fengið greiddar í starfslokasamning og gerir upp við Hannes Smárason. Mögnuð endalok grípa lesandann á lofti þegar hún upplýsir eftir dvöl í útlöndum hvert verður hennar næsta starf.

Með bókinni fylgir fjölblöðungur með ítarlegri úttekt á konum í valdastöðum á Íslandi.




**HARMSAGA ÆVI MINNAR: HVERNIG ÉG VARÐ ÓBREYTTUR ÞINGMAÐUR**
Svokallaðar bloggbókmenntir hafa átt upp á pallborðið síðastliðin misseri en Össur Skarphéðinsson færir formið í áður óþekktar hæðir í þessari bersöglu frásögn um formannsslaginn við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrr á árinu. Með ótvíræðri stílfærni sveiflar Össur lesandanum milli gráts og hláturs með mergjuðum lýsingum af því hvernig hann hófst til vegs og virðingar innan Samfylkingarinnar. Fótunum er hins vegar kippt skyndilega undan honum og hann þarf að sjá á eftir formannsstólnum undir rass svilkonu sinnar og láta sér lynda að sitja sem óbreyttur þingmaður. Fjölskyldudrama í hæsta gæðaflokki.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Heimsþekktir danshöfundar hjá Dansstúdíó World Class
DARRIN HENSON & JIMMY LOCUST
Einungis helgina 28. - 29. október!




DAGSKRÁ

Byrjendur – framhaldsnemendur - atvinnudansarar á Íslandi! Stelpur og strákar! Engin áhugamanneskja um dans ætti að láta þetta einstaka tækifæri fram hjá sér fara! Einstök upplifun og skemmtun! Sannkölluð DANSGLEÐI!

» Föstudagurinn 28. október
Byrjendahópur: Hægari yfirferð
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 18:30-21:00
Framhaldshópur: Hröð yfirferð og flóknar rútínur
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 18:30-21:00

» Laugardagurinn 29. október
Byrjendahópur: Hægari yfirferð
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 11:30-14:00
Framhaldshópur: Hröð yfirferð og flóknar rútínur
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 11:30-14:00

Gert verður hálftíma hlé milli skiptinga hjá kennurum og mun þá gefast tími í fyrirspurnir og spjall.

Jafnframt því vera dansari og danshöfundur er Darrin Henson, leikari, leikstjóri og framleiðandi. Jimmy Locust er m.a. einn danshöfunda RHYTHM NATION 1814, tímamótaverks Janet Jackson sem var framleitt af Propaganda Films Production og var þá í eigu íslendingsins Sigurjóns Sighvats. Báðir hafa þeir unnið með Michael Jackson.

Skráning fer fram hjá Dansstúdíó World Class - DWC, Laugum í síma 553 0000

www.xy.is

DWC Dansstúdíó World Class ICELAND

Street-style - Hip Hop - Locking - Funk
Jazzfunk - Break - Freestyle



**HÚSRÁÐANDI ÁNÆGÐ** Þær Þóra Ingólfsdóttir og húsfreyjan á staðnum, Guðrún Sigfúsdóttir, höfðu ekki ástæðu til neins annars en að brosa.



**EINHVERJAR JÁTNINGAR?** Hvort Ásgeir Már hafi verið að ræða um sálarrannsóknir og Láru miðil við Pál Ásgeir, höfund Játninga Láru miðils, skal ósagt látið.



**STJÓRNMÁL EÐA BÓKMENNTIR?** Þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhann Páll Valdimarsson og Ólafur Gunnarssson hafa væntanlega ekki orðið uppiskroppa með umræðuefni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Wild Sushi from land and sea

Villibráðadagar á Maru

*Misosúpa með villisveppum og blóðbergi*
*Dádýra nigiri*
*Maki með gæsabringu og rjómaosti*
*Hrefnukjöt „tataki“ með wasaby eða hrefnu nigiri*
*Þorsk Sashimi „new style“*

Verð kr. 5.300.-

MARU

restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is


# Góða veislu gjöra skal...

Ólafur Gunnarsson rithöfundur hélt upp á 35 ára rithöfundarafmæli sitt á föstudaginn. Til að fagna því og útkomu nýrrar bókar hans, Höfuðlausn, hélt Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi Ólafs, honum lítið hóf á heimili sínu. Fjöldi fólks samgladdist höfundinum en nýjasta bók hans byggir að hluta til á ævi föður hans. Segir hún frá ungum leigubílstjóra á fyrri hluta 20. aldar sem verður ástfanginn af kvikmyndastjörnu. Fjöldi þekktra Íslendinga koma við sögu í bókinni en meðal þeirra eru Thor Jensen og Muggur.



**STUND MILLI STRÍÐA** Nýkjörinn varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ræðir hér við rithöfundinn Kolbrúnu Bergþórsdóttur sem þýddi ævisögu Marilyn Monroe fyrir þessi jól.



**GLATT Á HJALLA** Þær Elsa Benjamínsdóttir og Sólveig Eggertsdóttir glöddust með Ólafi sem gaf út sína fyrstu bók, Ljóð, árið 1970.



**BROSANDI** Þau Bjarni Kristjánssson og Ragnheiður Bragadóttir voru ánægð með hvernig til tókst.


Einstakt enskunámskeið

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheymarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799



Öðlist kjörþyngd og bætið heilsuna

Fylgið hinum 10 grundvallarreglum
með Þorbjörgu næringarþerapista
og Umahro næringarkennara



SKJÁREINN auglýsir eftir fólki
í nýja heilsu- og matreiðsluþætti.

Óskað er eftir þátttakendum;
fjölskyldum, einstaklingum,
konum og körlum á ýmsum aldri.

Umsóknarfrestur er til 4. nóvember.

Nánari upplýsingar á heimasíðu SKJÁSEINS
www.skjarinn.is

SKJÁREINN

ENNEMM / SÍA / NM18881










## FRÉTTIR AF FÓLKI



Gwyneth Paltrow á von á öðru barni en leikkonan á sextán mánaða dóttur með söngvaranum Chris Martin. Móðir Gwyneth, Blythe Danner, missti fréttirnar út úr sér nýlega á verðlaunahátíð. Aðspurð hvort hún ætti von á öðru barnabarni sagði hún: „Já, ég held það," og reyndi svo að leiðrétta mistökin með því að segja: „Eða ég hef reyndar ekki gáð nýlega."



Kirsten Dunst segist aldrei hafa farið í megrun til þess að halda sér grannri heldur segist hún borða það sem hún vill, þegar hún vill. Hún segist vera með mjög hröð efnaskipti og hvetur fólk til þess að sleppa megrunum þótt það sé kannski eitthvað yfir kjörþungd. „Þegar fólk spyr mig hvernig ég haldi mér í formi segi ég alltaf það sama - að ég borði allt sem mig langi í. Það er ekki fyrr en maður fer að svelta sig að líkaminn fer allur í rugl," sagði hún.



Breska leikkonan Keira Knightley grét í heilan dag eftir að hún las slæma gagnrýni um nýjustu mynd sína. Vinir leikkonunnar sögðu hana hafa verið miður sín. „Hún grét í sólarhring eftir að hún las gagnrýnina." Gagnrýnandinn var sérlega lítið hrifinn af frammistöðu Keiru þegar hún dansaði kynþokkafullan dans í myndinni. „Ég henti einu sinni skrifstofustól niður á hoppkastala og þar sá ég kynþokkafyllri hreyfingar en Keiru tókst að framkalla. Hún er falleg en það er það eina sem hún er," sagði í gagnrýninni.



Leikkonan Catherine Zeta Jones er afar taugaóstyrk þegar hún gengur niður rauða dregilinn vegna þess að hún er hrædd við að falla ekki í kramið hjá tískulöggunum. „Ég er alltaf mjög taugaóstyrk á Óskarsverðlaunanum því ég er hrædd um að einhver segi eitthvað hræðilegt um fötin mín. Óskarinn á að snúast um að fá viðurkenningu og að heiðra fólk. Mér finnst vera gert allt of mikið úr tískunni í kvikmyndabransanum," sagði hún.






**BATMAN** Önnur mynd um Batman í leikstjórn Christopher Nolan er í undirbúningi.

# Söguþráður Batman 2 kominn í farveg

Christopher Nolan, leikstjóri kvikmyndarinnar Batman Begins sem var að hluta til tekin upp hér á landi, segist hafa rætt við framleiðendur hennar um gerð framhaldsmyndar.

Nolan segist hafa nefnt hugmynd sína að söguþræði myndarinnar og vel hafi verið tekið í hana. Næsta mynd Nolan er The Prestige með Christian Bale, sem lék Batman, og Hugh Jackman í aðalhlutverkum. Því næst er talið líklegt að Nolan geri næstu Batmanmynd.

# Barnamyndum Britney stolið

Það á ekki af Britney Spears að ganga. Fyrst vill eiginmaðurinn ekkert með barnauppeldið gera og lætur hvítvoðunginn alveg í friði og nú hafa óprúttnir aðilar komist með puttana í myndir af Preston sem síðan rötuðu beina leið á netið. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá plötufyrirtæki hennar, Jive Records, en talsmaður söngkonunnar verst þó öllum fréttum.

Britney stendur þó ekki ein í baráttunni því fyrrum ástmaður hennar og æskuást, Justin Timberlake, hefur boðlað til aðdáenda hennar að vera þolinmóðir. Myndir af Preston muni brátt líta dagsins ljós. Sjálfur segist Timberlake hafa orðið æfur yfir fregnum af stolnu myndunum og segir þetta hafa gengið of langt.

Lögfræðingar Britney hafa nú komið í veg fyrir að myndir af stráknum birtist í blöðum og á opinberum heimasíðum með því að hóta málsóknum.



**BRITNEY OG JUSTIN** Voru saman um tíma en hættu eftir að söngkonan hélt framhjá. Timberlake hefur stutt við bakið á sinni fyrrverandi og biðlar til aðdáenda að þeir sýni henni þolinmæði.






**DANIEL CRAIG** Nýjasti njósnari hennar hátignar er lítið gefinn fyrir byssur.

# Bond þolir ekki byssur

Daniel Craig, sem verður næsti James Bond, þolir ekki byssur. Í nýjustu Bondmyndinni, Casino Royale, mun Craig handleika hina frægu byssu Walther PPK og virðist Craig ekki vera alveg sáttur við hlutskiptið.

„Ég þoli ekki skammbyssur," sagði Craig í viðtali við OK! Skammbyssur eru notaðar til að skjóta fólk og svo lengi sem þær eru til mun fólk skjóta hvert annað. Það er bara staðreynd. Ég hef séð skotsár og það var ekki fallegt. Það var við tökur á mynd og það hræddi mig. Byssukúlur vilja finna sín skotmörk og þess vegna eru þær svona hryllilegar," sagði hann.

Craig segist heldur ekki drekka hristan martini eins og Bond er þekktur fyrir. „Mér finnst gott að fá mér venjulegan martini. Ég held að enginn drekki hristan eða hrærðan martini lengur."

Craig, sem er 37 ára, er ekki eini Bondleikarinn sem þolir ekki byssur. Roger Moore, sem lék njósnarann á árunum 1973 til 1985, sagðist hafa hatað stellinguna frægu þar sem Bond heldur á byssunni sinni.

# Jacko borgar brúsann

Það virðast allir eiga eitthvað inni hjá poppkónginum Michael Jackson. Antíkbúð í Hollywood hefur nú fallist á að þiggja 178 þúsund pund í skaðabætur frá Jackson í stað þess að fara í mál við hann. Þetta samsvarar um 20 milljónum íslenskra króna.

Jackson fór í ansi íburðarmikla innkaupaferð og verslaði fyrir helmingi hærri upphæð en skaðabæturnar hljóða upp á. Meðal þess sem hvarf ofan í kerruna hjá honum var 19. aldar bollastell og stór spegill ásamt fleiri „smáhlutum". Vandamálið var að Jackson borgaði aldrei reikninginn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir verslunarmanna til að innheimta það sem þeim bar. Lögfræðingar náðu sáttum við verslunareigandann en söngvaranum var gert að skila nokkrum hlutum. Að sögn verslunareigandans gátu þeir sætt sig við málavexti enda kostar enga smáaura að fara í mál þar vestra.

Jackson hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hann var sýknaður af ákærum um níðingsskap gagnvart börnum. Hann býr nú í Bahrein og segja lögfræðingar hans að Jackson vilji búa utan Bandaríkjanna. Fyrr á þessu ári gengu sögur þess efnis að hann hefði keypt sér lóð í Berlín en ekkert fékkst staðfest.



**MICHAEL JACKSON** Söngvarinn hefur farið huldu höfði síðan sýknudómurinn féll og býr nú í Barein.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breska götublaðið Daily Mail greinir frá því að móðir Kylie Minogue sé flogin til Parísar svo hún geti aðstoðað dóttur sína í baráttunni við brjóstakrabbameinið. Náinn vinur hinnar smávöxnu Kylie segir að hver einasta kona í heiminum myndi vilja hafa móður sína nálægt sér. Minogue hefur verið í meðferð hjá fremstu krabbameinssérfræðingum heims við Gustave-Roussy stofnunina í París. Unnusti Kylie, franski leikarinn Oliver Martinez, hefur verið henni stoð og stytta en Daily Mail segir að söngkonan vilji einnig hafa fjölskylduna sína.



Keira Knightley sagði frá því nýlega að hún vildi fá að kyssa alla mótleikara sína. Reyndar sagði leikkonan þetta í gríni þegar hún var innt eftir því hvort ekki væri svekkjandi að fá ekki tækifæri til að kyssa Johnny Depp. Þau leika um þessar mundir saman í framhaldsmyndum Pirates of the Caribbean. Keira getur þó huggað sig við að hún fær að kyssa Orlando Bloom.



Sharon Osbourne hefur eytt fúlgum fjár í fegrunaraðgerðir. Samkvæmt blaðinu The Mirror á rokkmamman að hafa látið stækka brjóstin sín í 34DD fyrir þremur mánuðum. Sharon breytti algjörlega um lífstíl í kringum 1999. Hún byrjaði á því að losa sig við skinn eftir að hafa losað sig við nokkur aukakíló og lagaði brjóstin og rassinn. Þar að auki hafa nokkrar aðgerðir verið framkvæmdar í andlitinu.








## Sigursteinn aðstoðar Teit

KR staðfesti loksins í gær að Sigursteinn Gíslason yrði aðstoðarþjálfari Teits Þórðarsonar. Þegar tilkynnt var um ráðningu Teits fyrir nokkrum vikum var sagt að Sigursteinn yrði aðstoðarmaður hans en þær fréttir komu Sigursteini í opna skjöldu enda hafði hann ekki skrifað undir neitt á þeim tíma. Málið er loksins leyst.

**sport**

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUMAÐURINN EMIL HALLFREÐSSON: OPNAR NÝJA OG GLÆSILEGA HEIMASÍÐU

# *Logi mun bregðast við samkeppninni*





Sífellt hefur færst í vöxt að íslenskir íþróttamenn á erlendri grundu haldi uppi bloggsíðu þar sem þeir sem vilja geta fylgst með afrekum þeirra, lýst með eigin orðum. Sumir íþróttamennirnir hafa gengið skrefinu lengra og stofnað opinbera heimasíðu þar sem hægt er að finna myndbandsupptökur, tónlist og fleira í þeim dúr. Í fyrradag bættist Hafnfirðingurinn knái hjá Tottenham, Emil Hallfreðsson, í þann hóp þegar hann opnaði heimasíðuna „emmihall.com“

„Nú er ég hættur þessu bloggveseni og kominn með mína eigin heimasíðu. Mig langaði að taka næsta skref í tölvubransanum,“ segir Emil meðal annars í fyrstu færslunni sinni og bætir við að á bak við síðuna sé þrotlaus tveggja mánaða vinna. Þykir uppbygging síðunnar minna um margt á heimasíðu annars afreksmanns úr Hafnarfirðinum, handboltamannsins Loga Geirssonar, en hann og Emil eru góðir félagar frá tíma sínum hjá FH. Logi segist óska Emil alls hins besta með heimasíðuna í framtíðinni en bætir við að það sé að sjálfsögðu samkeppni í heimasíðugerð eins og hverju öðru.

„Samkeppni er af hinu góða en nú má fólk búast við einhverjum nýjungum á mína heimasíðu,“ sagði Logi við Fréttablaðið og ætlar greinlega að spýta í lófana. „Hann er byrjaður að læra á gítar og er með frumsamið lag á síðunni, rétt eins og ég. En það spilast ekki frumsamið lag þegar farið er inn á síðuna hans. Það er stór galli,“ sagði Logi og hló. „Þetta er nokkuð flott hjá honum, það verður að viðurkennast. En vegna meiðsla og annarra ástæðna hefur mín síða verið heldur stöðnuð upp á síðkastið. Á því mun verða breyting nú,“ bætti Logi við.

## > Ásgeir kominn heim



Ásgeir Elíasson skrifaði seinnipartinn í gær undir þriggja ára samning við 1. deildarlið Fram en hann tekur við starfinu af Ólafi Kristjánssyni. Þetta er í þriðja sinn sem Ásgeir tekur við stjórnartaumunum hjá Fram en hann þjálfaði liðið á árunum 1985-91 og 1996-99. Ásgeir hefur þrisvar gert félagið að Íslandsmeisturum og jafn oft hefur hann gert Fram að bikarmeisturum. Hans bíður enn eina ferðina krefjandi verkefni í Safamýrinni og ljóst að stjórn Fram mun ekki sætta sig við neitt annað en sæti í deild þeirra bestu á nýjan leik.



Davíð Þór Viðarsson:

## Samningstilboð frá Halmstad

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Davíð Þór Viðarsson er með samningstilboð í höndunum frá sænska félaginu Halmstad, sem Gunnar Heiðar Þorvaldsson leikur með, og í raun er nokkuð langt síðan hann fékk tilboðið í hendurnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Davíð Þór ekki ýkja spenntur fyrir því að leika í Skandinavíu og horfir hann frekar til meginlandsins. Þar gæti verið að rofa til enda er Davíð væntanlega á leiðinni til reynslu hjá tveim belgískum félögum. Annað þeirra er Excelsior Mouscron sem lék gegn Fylki í Evrópukeppninni fyrir nokkrum árum síðan. **- hbg**

# Óljóst með átta leikmenn hjá Val

**Leikmannahópur bikarmeistara Vals gæti þynnst verulega fyrir næstu leiktíð en staða átta leikmanna úr hópnum er nú óljós. Forystumenn Vals eru ekki farnir að örvænta.**

**FÓTBOLTI** Allt að fjórir leikmenn gætu hætt að leika með Val og framtíð fjögurra annara er óráðin. Kristinn Lárusson og Sigurður Sæberg Þorsteinsson eru nú þegar hættir en Sigþór Júlíusson og Guðmundur Benediktsson eru ekki búnir að gera upp hug sinn um hvort þeir ætli að halda áfram.

Einnig er óljóst hvort Bjarni Ólafur Eiríksson, Garðar Gunnlaugsson og Grétar Sigurðsson verða áfram í herbúðum Vals en líklegt er að Bjarni Ólafur fari til Noregs og Garðar Gunnlaugsson er nú til reynslu hjá úrvalsdeildarliðinu Kalmar í Svíþjóð. Grétar Sigurðsson er samningsbundinn Víkingi og að óbreyttu verður hann ekki hluti af leikmannahópi Vals, líkt og hann var í sumar. Þá sagði Baldur Aðalsteinsson á dögunum upp samningi sínum við Val en hann hyggst reyna fyrir sér erlendis.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, segir þessa stöðu sem komin sé upp nú ekki vera óvænta. „Það er fylgifiskur árangurs hér á landi að leikmenn reyni fyrir sér erlendis. Æfingar eru ekki hafnar hjá okkur á ný og því er ekki orðið ljóst hvernig staðan verður á hópnum.“

Edvard Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segir ekki tímabært að ræða um vanda hjá Val þar sem ekki sé búið að ganga frá leikmannamálunum og langt sé í mót. „Það er nú ekki orðið víst ennþá hvernig þessi mál munu standa. Sigþór og Guðmundur eru að hugsa málið. Guðmundur er að hvíla sig, sem er eðlilegt þar sem hann spilaði alla leikina í sumar og hefur æft vel undanfarið ár. Svo er óljóst með Grétar og í raun Baldur líka. Hann hefur hug á því að leika með okkur ef hann kemst ekki að hjá félagi erlendis. Síðan eru góðir ungir strákar á mála hjá félaginu sem koma inn í hópinn.“



**GARÐAR GUNNLAUGSSON** Garðar er einn þriggja leikmanna sem léku með Val í sumar sem freista þess nú að komast í atvinnumennsku.

**magnush@frettabladid.is**

MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST
Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005

VEISLAN ER HAFIN!

Opnunarsýning í í kvöld:
Drabet kl. 21.30 í Háskólabíói.

ATH! BÆKLINGUR HÁTÍÐARINNAR KOM MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í GÆR. GEYMIÐ BLAÐIÐ.






Að viðstöddum leikstjóranum Per Fly, framleiðandanum Ib Turdini og handritshöfundunum Kim Leona og Dorte Høeg.

Síðustu passarnir seldir í kvöld í Háskólabíói og Regnboga.

40 MYNDIR Á 3 VIKUM
HVERT FER JÖKULL II?

Iceland Film Festival

Talstöðin FM 90,9

www.icelandfilmfestival.is

# Ungir Íslendingar betri en þeir sænsku

## Sænska dagblaðið Aftonbladet gerði innreið ungra íslenska knattspyrnumanna í sænsku úrvalsdeildina að umfjöllunarefni í gær.

**FÓTBOLTI** „Ísland burstaði Svíþjóð í viðureignum U-21 árs landsliðanna í undankeppni HM. Nú er hálft liðið á leið í sænsku úrvalsdeildina.“ Svona hljóðar inngangurinn á stórri grein sem birtist í sænska blaðinu Aftonbladet og fjallar um innreið íslenskra knattspyrnumanna til Svíþjóðar.

Blaðið nefnir fimm leikmenn sem væntanlegir eru til reynslu hjá sænskum liðum á næstu dögum og tjáir Rikard Norling, þjálfari AIK í Stokkhólmi, sig meðal annars um Keflvíkinginn Hörð Sveinsson. „Ég sá hann spila í U-21 árs leiknum og varð strax áhugasamur um að skoða hann betur,“ segir Norling.

Víst er að frábær árangur Gunnars Heiðars Þorvaldssonar með Halmstad í vetur hefur kveikt þráðinn í forráðamönnum sænskra félaga og fengið þá til að beina augunum að Íslandi þegar kemur að leitinni að liðsstyrk. Aftonbladed fullyrðir að það margborgi sig að fá leikmenn frá Íslandi - ekki aðeins séu þeir mun ódýrari heldur í flestum tilfellum einfaldlega betri en jafnaldrar sínir í Svíþjóð. Undir þetta tekur sænski umboðsmaðurinn Patrick Mörk, sem hefur milligöngu um komu flestra íslensku leikmannana til Svíþjóðar.

„Þetta er mjög borðliggjandi dæmi. Íslensku leikmennirnir eru betri fótboltamenn og því margborgar sig að fá þá.“

Sænski umboðsmaðurinn Patrick Mörk var beðinn um að lýsa íslensku leikmönnunum sem eru á leið til reynslu hjá sænskum úrvalsdeildarfélögum á næstunni. Svona hljóðuðu lýsingar Mörk sem birtust í Aftonbladet:

Sigmundur Kristjánsson - Häcken: Duglegur vængmaður með frábæran vinstri fót.

Garðar Gunnlaugsson - Kalmar: Mikill markaskorari sem gerði sextán mörk fyrir lið sitt í sumar.

Davíð Þór Viðarsson - Halmstad: Mikill leiðtogi, fyrirliði U-21 árs liðsins.

Andri Ólafsson - Öster: Stór og líkamlega sterkur miðjumaður.

Hörður Sveinsson - AIK: Dæmigerður fremsti sóknarmaður. Fljótur og hættulegur.

vignir@frettabladid.is



**HÖRÐUR SVEINSSON** "Dæmigerður fremsti sóknarmaður" að sögn sænska umboðsmannsins Patrick Mörk.

### Grétar og Viktor verða væntanlega áfram í Víkingi:

# Eiga enga útgönguleið

**FÓTBOLTI** „Ef ég mætti velja þá vil ég frekar spila með Val en Víkingi. Það yrði samt ekkert hrikalegt ef ég þyrfti að spila með Víkingi,“ sagði Grétar Sigfinnur Sigurðsson við Fréttablaðið en hann mætti á leikmannafund hjá Víkingi í gær enda fátt sem bendir til annars en að hann verði að spila með liðinu næsta sumar. Víkingar neita að gefa sig og hvorki Grétar né Viktor Bjarki Arnarsson fá að yfirgefa félagið og þeir geta það heldur ekki.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Grétar og Viktor aðeins með KSÍ-samning við Víking en ekki launasamning. Í sumum tilfellum losna menn undan KSÍ-samningi náist ekki samkomulag um launasamninginn en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst á það ekki við í tilfelli þeirra félaga. Með öðrum orðum geta þeir ekki yfirgefið Víking nema félagið samþykki að selja þá.

„Það er texti samningsins sem ræður því hvort KSÍ-samningurinn stendur eða ekki ef aðilar ná ekki samkomulagi um launasamning,“ sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ. „KSÍ-samningur er á stöðluðu formi og síðan eru viðaukar í hverjum samningi sem fjalla yfirleitt um greiðslur og annað. Orðalagið í þeim hluta samningsins skiptir ansi miklu.“ - hbg



**GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐSSON** Líklega áfram í Víkingi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

23 24 25 **26** 27 28 29

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **ÍBV** og **Haukar** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum.
- 19.15 **Grindavík** og **KR** eigast við í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Grindavík.

**LEIKIR**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til 09.00 og svo aftur klukkan 18.05.
- 16.25 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Leikur Liverpool og Crystal Palace endursýndur.
- 18.35 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Leikur Chelsea og Charlton sýndur beint.
- 20.35 **Ítalski boltinn** á Sýn.
- 22.15 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 22.45 **Enski deildarbikarinn** á Sýn.

### Logi Geirsson:

# Byrjaður að æfa á ný

**HANDBOLTI** Handknattleiksmaðurinn Logi Geirsson er byrjaður að æfa með aðalliði Lemgo á nýjan leik eftir að hafa verið frá í nokkra mánuði vegna meiðsla í baki. Logi sagði við Fréttablaðið í gær að hann mætti þó ekki byrja að spila fyrr en eftir mánuð svo að fullvíst verði að meiðslin taki sig ekki upp í nánustu framtíð.

„Ég fór í myndatöku í gær og þetta lítur bara vel út. Ég get ekki beðið eftir því að stíga aftur inn á völlinn og hlakka mikið til. Þessi tími á hliðarlínunni er búinn að vera skelfilegur og nú vona ég bara að þessari martröð sé lokið,“ sagði Logi, sem sló í gegn á sinni fyrstu leiktíð með Lemgo og leysti þrjár stöður hjá félaginu með glæsibrag.

Hann vann í kjölfarið hug og hjörtu stuðningsmanna félagsins, sem hafa beðið lengi eftir því að sjá Loga á fullri ferð með félaginu á nýjan leik. Bið þess ágæta fólks er senn á enda. - vig

### Óvænt úrslit í enska deildabikarnum:

# Palace lagði Evrópumeistara Liverpool

**FÓTBOLTI** Fjölmargir leikir fóru fram í enska deildabikarnum í gærkvöldi en mesta athygli vakti viðureign Evrópumeistara Liverpool og 1. deildarliðs Crystal Palace. Litla liðið frá Lundúnum gerði sér lítið fyrir og lagði risann frá Bítlaborginni, 2-1, og var sigur liðsins sanngjarn.

Heiðar Helguson var í byrjunarliði Fulham og tryggði liðinu framlengingu gegn WBA með marki á 90. mínútu. Það dugði því miður ekki til þar sem WBA skoraði eina mark framlengingarinnar og vann, 3-2.

Ívar Ingimarsson var í liði Reading en Brynjar Björn Gunnarsson sat á bekknum þegar það sigraði Sheffield United, 2-0, og Gylfi Einarsson var síðan í byrjunarliði Leeds sem tapaði fyrir Blackburn, 3-0. Gylfi fékk að líta rauða spjaldið á 86. mínútu er hann fékk sitt annað gula spjald.

Arsenal vann síðan öruggan sigur á Sunderland, 0-3. Robin van Persie skoraði tvö mörk fyrir Skytturnar en Eboue eitt. - hbg



**HETJA** Dougie Freedman skoraði fyrra mark Palace og hann fagnar hér markinu með Ben Watson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES







Eitt glæsilegasta úrval landsins af parketi – flott fyrir þig!



www.parki.is

Parki INTERIORS í húsið

Dalvegi 18 · Kópavogi · Sími: 564 3500

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„I have a date with a hot glass of milk“**

**Svar:**
Henry Denton úr kvikmyndinni Gosford Park árið 2001

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON LÆTUR ENSKA BOLTANN PIRRA SIG

# *Af hverju alltaf þessi vonbrigði?*

Á undanförnum árum hef ég tekið ástfóstri við ensku úrvalsdeildina. Held reyndar að ég sé ekki sá eini. Núna er mér hins vegar hætt að standa á sama. Síðustu laugardaga hef ég ætlað að gera mér glaðan dag. Sest inn á einhvern boltabar, keypt mér hamborgara, franskar og kók en í stað þess að fagna hef ég séð liðið mitt liggja í valnum fyrir milljón dollara liði Chelsea, merja sigur á Blackburn og tapa fyrir Fulham. Ég neyðist, sem sannur aðdáandi, til að rembast eins og rjúpan við staurinn við að sannfæra sessunauta mína um að liðið mitt sé langbest. Þrátt fyrir allar hrakfarir.

Ég veit ekki hvort fer meira í taugarnar á mér, velgengni hermanna Mourinho eða basl Rauða hersins. Fyrir hvert tímabil byggi ég mér skýjaborgir um að þetta sé tímabilið. Nú mun okkur púlurum takast að skáka Arsenal, Manchester United og nú síðast Chelsea. Svo taka við eitt núll sigrar í leikjum sem við ættum að rústa. Ég afsaka mig með því að framherjarnir séu að koma sér í form, að það taki tíma fyrir liðið að spila sig saman. Allar þessar afsakanir hljóma á hverju einasta ári. Alltaf er ég reiðubúinn að fórna góða skapinu fyrir liðið mitt.

Það er alveg merkilegt hversu mikil ítök gengi liðsins hefur á mann. Þetta er deild í mörg þúsund kílómetra fjarlægð! Kannski ætti ég bara að halda með Wigan. Þeir standa sig ágætlega. Þjálfarinn sló á allar væntingar liðsmanna sinna þegar hann sagðist fullviss um að þeir myndu ekki vinna titilinn. Gengi þeirra myndi því aldrei valda mér vonbrigðum og sjá til þess að laugadagar yrðu aftur góðir dagar.


**STEVEN GERRARD** Það var vissulega stór stund þegar fyrirliðinn lyfti Evrópumeistaratitlinum en hún breiðir ekki yfir vonbrigði tímabilsins sem nú er nýhafið.


▶ 21.25 *Gaman*
LITTLE BRITAIN


▶ 21.30 *Gaman*
GRUMPY OLD WOMEN


▶ 21.00 *Keppni*
SO YOU THINK YOU CAN DANCE


▶ 22.00 *Spenna*
LAW & ORDER


▶ 18.35 *fótbolti*
CHELSEA – CHARLTON

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (44:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (6:42)

**18.30 Mikki mús (6:13)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (6:22)** (ER, Ser. XI)
▶ **21.25 Litla-Bretland (4:6)** (Little Britain II) Ný bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.35 Gerð myndarinnar Africa United** Þáttur um gerð heimildamyndarinnar Africa United sem er um fótboltalið á Íslandi sem eingöngu er skipað erlendum leikmönnum.

**23.00** Kastljós **0.00** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Night Court (2:13) **13.25** Sjálfstætt fólk **14.00** Hver lífsins þraut (7:8) (e) **14.30** Wife Swap (4:12) **15.15** Kevin Hill (5:22) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons 9**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 What Not To Wear (4:5)** (Druslur dressaðar upp)
▶ **21.30 Grumpy Old Women (3:4)** (Fúlar á móti) Það getur stundum verið erfitt að vera kona, sérstaklega á miðjum aldri. Í þessum breska myndaflokki kynnumst við nokkrum konum sem segja farir sínar ekki sléttar. Þær þurfa að hugsa um börnin og heimilið og láta líka til sín taka á vinnumarkaðnum.
**22.00 1-800-Missing (17:18)** (Mannshvörf) Hörkuspennandi myndaflokkur.
**22.45 Strong Medicine (3:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)

**23.30** Stelpurnar **23.55** Most Haunted (B. börnum) **0.40** Mile High (B. börnum) **1.25** Smiling Fish & Goat on Fire (B. börnum) **2.55** Fréttir og Ísland í dag **4.00** Ísland í bítið **6.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV** Frábær þáttur fyrir leikjafíklana!!
**19.30 Game TV**
**20.00 Friends 4 (8:24)** (Vinir)
**20.30 Hogan knows best (4:7)** (Wrestlemania)
▶ **21.00 So You Think You Can Dance (4:13)** Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþáttþar sem þeir leita að besta dansara Banaríkjanna. Dómararnir ferðast víða umBandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinnheldur áfram.
**22.10 Rescue Me (4:13)** (Twat)
**22.45 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur

**23.20** Laguna Beach (4:11) **23.50** My Supersweet (4:6) **0.20** David Letterman **1.05** Friends 4 (8:24) **1.30** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 7. þáttaröð **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Will & Grace (e)**
**20.00 America's Next Top Model IV** Fjórtán stúlkur keppa um titilinn og enn er það Tyra Banks sem heldur um stjórnvölinn.
▶ **21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn.
**22.00 Law & Order** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Þegar verið er að rannsaka morð á einkaspæjara kemur ýmislegt gruggugt í ljós.
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð** Mr.Big tilkynnir Carrie það að hann ætli ekki að gifta sig aftur.

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers – 7. þáttaröð (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**16.25** Enski deildabikarinn **18.05** Olíssport

▶ **18.35 Enski deildabikarinn** (Chelsea – Charlton) Bein útsending frá leik Grimsby Town og Newcastle United í 3. umferð. Heimamenn unnu frækinn 1-0 sigur á Tottenham Hotspur í síðustu umferð og eru til alls líklegir. Gestirnir hafa heldur sótt í sig veðrið eftir slaka byrjun en mestu munar að þeir fengu Michael Owen í sínar raðir. Víst er að flestir reikna með öruggum sigri Newcastle en sagan sýnir að Grimsby er lið sem má ekki vanmeta.
**20.35 Ítalski boltinn** (Serie A) Bein útsending frá ítalska boltanum.
**22.15 Olíssport**
**22.45 Enski deildabikarinn** (Chelsea – Charlton)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** Beethoven's 5th **8.00** Mona Lisa Smile **10.00** Greenfingers **12.00** Anger Management **14.00** Beethoven's 5th **16.00** Mona Lisa Smile **18.00** Greenfingers **20.00 Anger Management** (Reiðistjórnun) Óborganleg gamanmynd. **22.00 Who is Cletis Tout?** (Hver er Cletis Tout?) Þrælfín glæpagamanmynd. **0.00** Amazon Women on the Moon (e) (B. börnum) **2.00** Barbershop (B. börnum) **4.00** Who is Cletis Tout? (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Good Girls Gone Bad **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Fight For Fame **18.00** E! News **18.30** Good Girls Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Party @ the Palms **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Good Girls Gone Bad **0.00** Party @ the Palms **0.30** The Anna Nicole Show **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Bolton – WBA frá 22.10 **16.00** West Ham – Middlesbrough frá 22.10 **18.00** Everton – Chelsea frá 23.10

**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Fulham – Liverpool frá 22.10**

**0.00** Portsmouth – Charlton frá 22.10 **2.00** Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

HRIKALEG HREINSKILNI
What Not to Wear í kvöld kl. 20:30


GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Gerð myndarinnar Africa United — Sjónvarpið kl. 22

### Óvenjulegt fótboltalið

*Leikmenn liðsins eru allir erlendir*



Þáttur um gerð heimildamyndarinnar Africa United en myndin fjallar um fótboltalið á Íslandi sem eingöngu er skipað erlendum leikmönnum. Í þættinum er rætt við leikstjóra myndarinnar, Ólaf Jóhannesson, og framleiðendurna þá Ragnar Santos og Benedikt Jóhannesson. Farið er yfir langan framleiðslutíma heimildarmyndarinnar, sem ferðast hefur vítt og breitt um heiminn á undanförnum mánuðum. Einnig eru sýnd atriði úr myndinni og skyggnst á bakvið tjöldin við gerð hennar.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.10** Morgunútvarpið **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Hrafnaþing **14.03** Er það svo? **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Morgunútvarpið e. **20.50** Allt og sumt **22.50** Á kassanum e. **23.20** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfr. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: ATP Tournament Lyon **13.30** Tennis: WTA Tournament Linz **15.00** Tennis: ATP Tournament Basel **16.30** Tennis: WTA Tournament Linz **19.30** Sailing: Inside Alinghi **19.35** All Sports: Wednesday Selection **19.45** Golf: U.S. P.G.A. Tour Disney Golf Classic **20.45** Golf: the European Tour Mallorca Classic **21.15** Equestrianism: Show Jumping Spruce Meadows **22.15** Sailing: Rolex Fastnet Race **22.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **23.00** Adventure: Escape

**BBC PRIME**
**12.00** Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** The Stables **15.00** The Life Laundry **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Changing Rooms **18.30** Rick Stein's Food Heroes **19.00** Obsessions **19.50** In Search of the Brontes **21.00** State of Play **21.50** Red Cap **23.00** The Private Life of a Masterpiece **0.00** Dance Masterclass **0.45** Personal Passions **1.00** Trouble with Love **1.30** Trouble with Love

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Hogzilla **13.00** When Expeditions Go Wrong **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Megastructures **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Harem Conspiracy **18.00** Hogzilla **19.00** When Expeditions Go Wrong **20.00** San Francisco Earthquake **21.00** Hurricane Hunters **22.00** Air Crash Investigation **23.00** San Francisco Earthquake **0.00** Hurricane Hunters

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **14.00** Animal Cops Houston **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **19.00** Temple of the Tigers **20.00** The Temple of the Tigers Revisited **20.30** Predator's Prey **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** K9 Boot Camp **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Temple of the Tigers **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Mega-Excavators **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** A Bike is Born **16.30** A Bike is Born **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Aircrash **20.00** The Greatest Ever **21.00** Zero Hour **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Hitler's Women

**MTV**
**12.00** Just See MTV **13.00** Pimp My Ride **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Switched On **16.00** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** EMA Build-Up Show **20.30** EMA Build-Up Show **21.00** MTV Mash **21.30** Andy Milonakis Show **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**11.30** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **19.30** MTV at the Movies **20.00** Pop Up Videos **20.30** Beavis & Butthead **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **1.00** Fabulous Life Of...

**CLUB**
**12.10** Crimes of Fashion **12.35** Lofty Ideas **13.00** Staying in Style **13.30** The Review **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** The Villa **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Paradise Seekers **19.00** Design Challenge **19.25** Race to the Altar **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** Sex and the Settee **22.00** Cheaters **23.00** Simply Indian **23.30** City Hospital **0.25** Girls Behaving Badly **0.50** Completely Hammered **1.15** Innertainment **1.45** The Review

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**12.00** The Medgar Evers Story **13.25** The Adventures of Buckaroo Banzai **15.05** Samaritan: The Mitch Snyder Story **17.00** The Aviator **18.35** Trenchcoat in Paradise **20.30** Warm Summer Rain **21.55** Contamination 0.7 **23.30** What Happened Was... **1.00** Prey for the Hunter

**TCM**
**19.00** Where Were You When the Lights Went Out? **20.30** Blackboard Jungle **22.10** Operation Crossbow **0.05** Ten Thousand Bedrooms **2.05** Rhapsody

**HALLMARK**
**12.45** Merlin **14.15** Freak City **16.00** Mermaid **17.30** McLeod's Daughters V **18.15** Ruby's Bucket of Blood **19.45** Empire **21.30** Lonesome Dove: The Series **22.15** Hamlet **0.00** Ruby's Bucket of Blood **1.30** Lonesome Dove: The Series

**BBC FOOD**
**12.00** Neil Perry Rockpool Sessions **12.30** My Favourite Chef **13.00** My Favourite Chef **13.30** Sophie's Weekends **14.00** Delia's How to Cook **14.30** Neil Perry Rockpool Sessions **15.00** Wild and Fresh **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Chef at Large **16.30** Danny By the Sea **17.00** Chef at Home **17.30** The Best **18.00** The Naked Chef **18.30** Street Cafe **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Galley Slaves **21.00** Delia's How to Cook **21.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**12.30** Ramt af livstruende sygdom **12.32** Ikke et ord om d¢den **12.35** De trofaste d¢de **12.54** D¢den i andre kulturer **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** OBS **13.20** Jan i naturen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Det Vildeste Westen **15.00** Braceface **15.20** Helt sikkert DR **15.30** GO! **16.00** SKRÅL **16.20** KatjaKaj og BenteBent **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Rabatten **18.00** DR Dokumentar – Bomben i Lasten **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** HåndboldOnsdag **20.30** SportNyt **20.40** HåndboldOnsdag **21.30** Onsdags Lotto **21.35** Efter flodb¢lgen **22.05** Musikprogrammet **22.35** Det Vildeste Westen

**SV1**
**12.10** La Strada: Landsvägen **13.55** Anslagstavlan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Kött på benen **16.30** Hjärnkontoret **17.00** Barbacka **17.30** Rapport **18.00** Packat & klart **18.30** Mitt i naturen **19.00** Extras **19.30** Fastighetsskötaren **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Häktet **22.50** Sändning från SVT24





Gullna stýrið og bíll ársins í Danmörku



Eftir langa bið snýr Mitsubishi Colt aftur og óhætt að segja að biðin hefur verið þess virði.

Bíllinn hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir: glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar 94 og 109 hestafla vélar, 6 hraða „Allshift" sjálfskipting, MASC stöðugleikastýring, ABS með EBD og margt, margt fleira.

Nýi Coltinn er sannkallaður verðlaunagripur.

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## HRÓSIÐ

*...fær Kristjón Kormákur Guðjónsson fyrir nýjustu bók sína, Frægasti maður í heimi.*

**ÞRÍR SPURÐIR**

# *Ertu tilbúin(n) fyrir komu vetrarins?*



**Var að prjóna skíðapeysuna**

Já, ég er alveg tilbúin. Ég vil bara fá snjó svo ég geti komist á skíði. Ég var að enda við að prjóna skíðapeysuna. Mér líkar ósköp vel við veturinn og finnst hann renna nokkuð ljúft inn, ósköp fallegt veður. Ég vildi bara óska að ég gæti farið á skíði.

**ANNA MARGRÉT ELÍASDÓTTIR GARÐYRKJUFRÆÐINGUR.**



**Bjartsýn eftir ræktina**

Já, það er ég sko. Ég hlakka alltaf mikið til vetrar. Reyndar var ég að koma úr ræktinni og maður er alltaf svo bjartsýnn eftir ræktina. En ég vil helst hafa mikinn snjó og ég er mikið jólabarn. Jólafiðringurinn sjálfur er þó ekki alveg mættur en hann kemur seinna.

**ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA.**



**Bíður spenntur**

Já, ég er alveg tilbúinn fyrir hvað sem er. Ég er nú að norðan og bíð þess vegna spenntur eftir vetrinum. Ég er ekkert að bíða eftir að komast á skíði en ég held samt að það verði gott þegar snjórinn kemur því þá birtir svo yfir öllu.

**ARNAR GRANT LÍKAMSRÆKTARKAPPI.**



**LÁRÉTT** 2 krukka 6 bardagi 8 struns 9 æxlunarkorn 11 dreifa 12 ríki í Mið-Afríku 14 kalkkennt híbýli sjávardýra 16 berist til 17 leyfi 18 meðvitundarleysi 20 hreyfing 21 atlaga.

**LÓÐRÉTT** 1 gól 3 guð 4 sérstakur bor 5 skjön 7 landbúnaðartæki 10 hljóðfæri 13 heyskaparamboð 15 svífa 16 augnhár 19 á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 krús, 6 at, 8 ark, 9 gró, 11 sá, 12 gabon, 14 kóral, 16 bt, 17 frí, 18 rot, 20 ið, 21 árás.
**LÓÐRÉTT:** 1 gagg, 3 ra, 4 úrsnari, 5 ská, 7 traktor, 10 óbó, 13 orf, 15 líða, 16 brá, 19 tá.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SECURED BY RapidSSL 128 bit SSL Security
Örugg vefsvæði
dulkodun.is

EINAR BÁRÐASON: NYLON OG GARÐAR THÓR SKOÐUÐ ERLENDIS

# Er ekki búinn að landa neinum stórsamningum

Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Concert, er um þessar mundir staddur í London þar sem hann dvelst um stundarsakir. Tilgangur ferðarinnar er að vinna fyrir nýja skjólstæðinginn, óperusöngkonuna Kiri Te Kanawa, auk þess sem hann er að skoða heppilega listamenn sem gætu sótt landann heim á næstu misserum. Umboðsmaðurinn vildi ekkert gefa upp hverjir væru líklegir enda geta plön um tónleika breyst án nokkurs fyrirvara.

Það er þó ekki það eina sem Einar er að vinna að. Fyrr á þessu ári var greint frá því að stúlknasveitin Nylon væri jafnvel á leiðinni í víking og hygðust á frekari landvinninga. Einar sagðist ekki vera búinn að landa neinum samningi við stórt plötufyrirtæki en viðurkenndi að hann væri að þreifa fyrir sér í höfuðborg Englands. „Það líst öllum mjög vel á þær. Bæði Pussycat Dolls og Sugababes hafa sannað tilverurétt stúlknahljómsveita með því að eiga toppsætið hér undanfarna mánuði,“ útskýrir hann og telur að Nylon eigi vel heima þar á meðal. Veit þó sem er að hann er ekkert að vinna neitt frumkvöðlastarf sem slíkt. „Það hafa komið fram stúlknasveitir síðan Supremes voru og hétu,“ segir hann og hlær. Einar tekur þó fram að engir stórsamningar séu í höfn þó að hann hafi stigið niður fæti í Leifsstöð.

Stúlkurnar eru þó ekki einu skjólstæðingar Einars sem erlend útgáfufyrirtæki hafa sýnt áhuga. Að sögn umboðsmannsins hafa prufur Garðars Thór Cortes mælst ótrúlega vel fyrir. Um er ræða klassíska popplötu sem Einar segir þó að halli frekar á klassísku hliðina. Hún sé því óvenju þung ef svo má segja. „Það liggur við að menn vilji læsa mig inni á skrifstofu þangað til að þeir hafi náð samningi við mig,“ segir hann og viðurkennir að sambönd hans vegna Kiri hafi hjálpað honum mikið. Einar telur að þetta sé ein metnaðarfyllsta plata sem fyrirtækið hafi lagt út í. „Óskar Einarsson útsetur og Friðrik Karlsson stjórnaði upptökum. Hann flaug með upptökur til Bratislava í Slóvakíu og lét þarlenda Sinfóníuhljómsveit spila undir,“ segir Einar en platan er væntanleg til landsins 10. nóvember.

freyrgigja@frettabladid.is



**NYLON-FLOKKURINN** Kannski munu þær ná að slá í gegn á erlendri grundu og verða jafn frægar og Sugababes.



**EINAR BÁRÐARSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI CONCERT EHF.**

## FÓLK Í FRÉTTUM

Það er enginn annar en Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sem verður gestur Strákanna á Stöð 2 í kvöld. Þrátt fyrir að vera einn ríkasti maður landsins fær forstjórinn enga sérmeðferð. Hann þarf líkt og aðrir gestir þáttarins að gangast undir áskorun þar sem gúmmíteygja kemur við sögu auk þess sem farið verður í skrifstofstólakappakstur. Þá mun Jón svara hraðaspurningum um það sem kemur fyrst upp í hugann á honum. Þeir Auðunn, Sveppi og Pétur sleppa forstjóranum heldur ekkert við spurningum um Baugsmálið.



Kastljósritstjórinn Þórhallur Gunnarsson mun um miðjan næsta mánuð frumsýna nýja heimildarmynd um rannsóknarferð Reynis Traustasonar, ritstjóra Mannlífs, um undirheima Reykjavíkur. Verður hún fyrst sýnd sem boðsýning í Háskólabíói þann 11. nóvember en svo í Ríkissjónvarpinu í kringum 15. nóvember. Heimildarmyndin þykir ansi harðsnúin en hún á að bregða upp mjög raunverulegri mynd af því umhverfi sem undirheimar höfuðborgarinnar eru. Þá verður rætt við einstaklinga sem tjá sig um reynslu sína á mjög opinskáan hátt. Hildur Vala Idol-stjarna hefur sungið lag við myndina sem þegar er farið á hljóma á öldum ljósvakans. Mun þar kveða við nýjan tón í tónlistarstefnu söngfuglsins sem hingað til hefur verið þekktari fyrir ballöður um ástina, en lagið er í rokkaðri kantinum.



Stór Humar
Medium Humar
Sigin grásleppa
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Fiskbúðin Vör — Fisklkóngurinn —
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Danskar myndir og Tarantino

Októberbíófest hefst í kvöld. Opnunarmyndin Drabet verður frumsýnd en hún hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs í ár. Leikstjóri myndarinnar, Per Fly, verður viðstaddur sýninguna en hann mun veita verðlaununum viðtöku í Borgarleikhúsinu áður. „Sala á pössum hefur gengið vel og það eru örfáir eftir. Afgangspassar verða væntanlega fluttir út í kvikmyndahúsin í dag,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, einn aðstandenda hátíðarinnar. Hann segir jafnframt að hátíðin hafi fengið góðar viðtökur en þema hátíðarinnar er danskt. Auk opnunarmyndarinnar verður Adam's Æbler sýnd en hún fékk frábæra dóma. Aðrar myndir eru Pusher 2 og 3 og Indkasso sem er í takt við Snatch. „Þá verður gamanmyndin Solkongen einnig sýnd en hún fjallar um fertugan lesblindan hreinan svein sem fer að vinna á sólbaðsstofu hjá moldríkri fegurðardrottningu,“ segir Ísleifur.

Hápunktur hátíðarinnar verður þó án nokkurs vafa koma Quentin Tarantino en það hefur fengist endanlega staðfest að hann kemur. Verður leikstjórinn viðstaddur heimsfrumsýningu Hostel eftir Eli Roth. „Ég var einu sinni á Cannes-hátíð með honum og það er alveg sama hvað stórstjarna er í nágrenni við hann, Tarantino er alltaf í sviðsljósinu.“ Það má reikna með að leikstjórinn setji sinn svip á Reykjavík um miðjan nóvember.

- fgg



**TARANTINO** Leikstjóri Kill Bill-myndanna og Pulp Fiction kemur hingað til lands um miðjan nóvember. Hann þykir með eindæmum litríkur persónleiki.


JÓLIN koma!
30-50% afsláttur
BAÐ
INNRÉTTINGAR
MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar
Gegnheil hnota 85 og 105 sm
Ölur á MDF 125 sm nr. 5
NIMES 110 sm
Hvít eik á MDF 120 sm nr. 29
Cindys 120 sm
Askur á MDF 100 sm
Eplaviður á MDF 165 sm nr. 7
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
Hvítur fulningur 120 sm nr. 12
Askur 120 sm
SX 005 80 sm
DIMK 100 sm
Hnota 120 sm nr. 10
Kirsuberjaviður á MDF 165 sm nr. 8
DORLI 120 sm
Orsk 90
KENT í horn 55 sm
Allar innréttingar afgreiddar af lager
www.i-t.is
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



ÍSLENSKA ÓPERAN
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN
Tökin hert
MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS, S. 511 4200




## BAKÞANKAR

SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

# *Ósamkvæmur sjálfum sér*

Mér finnst voðalega leiðinlegt þegar fólk er ósamkvæmt sjálfu sér. Enn leiðinlegra er þó að verða vitni að því að heill stjórnmálaflokkur gerist sekur um að vera ósamkvæmur sjálfum sér. Það gerðist nefnilega með Sjálfstæðisflokkinn nú um helgina í umræðunni í tengslum við landsfund Vinstri grænna.

**ÉG** heyrði í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og nýkjörnum varaformanni Sjálfstæðisflokksins, í útvarpsviðtali á laugardaginn, þegar landsfundur Vinstri grænna stóð sem hæst. Þar tjáði hún sig um ræðu formanns VG, Steingríms J. Sigfússonar, og sagði stefnu Vinstri grænna sem og hinna stjórnarandstöðuflokkanna „arfavitlausa“. Hins vegar væri stefna stjórnarflokkanna það ekki, það sæi hver sem vildi.

**ÞETTA** stakk í eyru mín því ég man ekki betur en að sjálfstæðismenn hafi sjálfir orðið „arfavitlausir“ yfir því að Fréttablaðið og RÚV hafi vogað sér að birta viðbrögð pólitískra andstæðinga Sjálfstæðisflokksins við ræðu fráfarandi formanns Sjálfstæðisflokksins sem hann hélt á landsfundi þeirra fyrir um hálfum mánuði. Geir H. Haarde, nýi formaðurinn, úthúðaði til að mynda Fréttablaðinu, í viðtali í Kastljósinu, fyrir að hafa slegið upp viðbrögðum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, við ræðu Davíðs.

**SJÁLFSTÆÐISMENN** voru almennt öskureiðir yfir fjölmiðlaumfjölluninni um ræðu formannsins - nema ef vera skyldi umfjöllun Morgunblaðsins - og neitaði Davíð meðal annars að koma í viðtal í Kastljósið daginn eftir setningarræðu sína vegna þess að þar hafði ekki verið fjallað um ræðu hans eins og hann hefði helst kosið. Sjálfstæðismönnum fannst ræðunni ekki hafa verið gert nógu hátt undir höfði í fjölmiðlum og að Davíð hefði ekki fengið að njóta sín. Geir sagði í Kastljósinu að honum fyndist þetta „ekki góð blaðamennska,“ en það er kannski önnur saga.

**HVERNIG** stendur þá á því að Þorgerður Katrín gerir nákvæmlega hið sama og flokkur hennar hafði gagnrýnt svo mjög: að gagnrýna landsfundarsetningarræðu formanns annars flokks? Er það kannski svo að ein regla eiga að gilda um Sjálfstæðisflokkinn og allt sem honum tengist og aðrar reglur um allt annað? Ég get ekki betur séð - og er þetta þá ekki í fyrsta skiptið.


Fíton/SÍA F1014771

SJÓN: ARGÓARFLÍSIN

NÝ BÓK EFTIR NORÐURLANDA-MEISTARANN Í BÓKMENNTUM




ÞESSI HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI SELJA ÞÉR BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKKIN



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA HJALTA
Hjallahrauni 4
Sími: 565-2121

SMUR- OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
Sætúni 4
Sími: 562-6066

SMUR- OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
Jafnaseli 6
Sími: 587-4700

SMURSTÖÐIN KLÖPP
Vegmúla 4
Sími: 553-0440

SMUR- OG HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA ESSO
Geirsgötu 1
Sími: 551-1968

BÍLA – ÁTTAN
Smiðjuvegi 30
Kópavogi
Sími: 587-1400

ORMSSON
DEKKJAÞJÓNUSTA • LÁGMÚLA 9
SALA 530-2842 / 896-0578
VERKSTÆÐI 530 2846 / 899-2844